

Könnun á þjónustu og gæðum vinnumarkaðsúrræða Vinnumálastofnunar

Hjördís Sigursteinsdóttir

Verknúmer R11040KAN

© RHA-Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri 2011

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-02-2012

L-ISSN 1670-8873

Unnið fyrir:
Vinnumálastofnun

Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR	7
2.	FRAMKVÆMD OG HEIMTUR	8
3.	GRUNNUPPLÝSINGAR	9
4.	ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ VERA EKKI LENGUR Á ATVINNULEYSISSKRÁ	11
4.1	HVERNIG FÉKKST ÞÚ VINNU?	12
4.1.1	<i>Ertu í þessu vinnumarkaðsúrræði núna?</i>	13
4.1.2	<i>Ertu í sama starfi eða starfarðu annars staðar?</i>	14
4.2	ERT ÞÚ ENN Í ÞESSU NÁMI?	15
4.3	TIL HVAÐA LANDS FLUTTIR ÞÚ?	16
4.3.1	<i>Ertu að vinna, í námi eða heimavinnandi í því landi sem þú býrð núna?</i>	16
5.	FJÁRHAGSLEG STAÐA	18
5.1	NÝTUR ÞÚ ENNÞÁ FJÁRHAGSLEGRAR AÐSTOÐAR SVEITARFÉLAGS?	19
6.	STAÐAN Í DAG	20
6.1	Í HVAÐA ATVINNUGREIN STARFAR ÞÚ?	20
6.2	HVAÐ FÓRST ÞÚ AÐ LÆRA?	21
6.3	HVERNIG NÁM ER ÞETTA?	22
6.4	HVERSU LANGT ERTU KOMIN(N) Í NÚVERANDI NÁMI ÞÍNU?	22
6.5	ÞEGAR ÞÚ KLÁRAR ÞAÐ NÁM SEM ÞÚ ERT Í NÚNA, GERIR ÞÚ ÞÁ RÁÐ FYRIR AÐ FARA Í ÁFRAMHALDANDI NÁM EÐA FARA Á VINNUMARKAÐINN?	23
6.6	AF HVERJU ERTU HEIMAVINNANDI?	24
7.	ÞJÓNUSTA VINNUMÁLASTOFNUNAR	25
7.1	REGLUBUNDIN STAÐFESTING ATVINNULEITAR Á VEFNUM	26
7.2	NÝSKRÁNING Á VEFNUM	27
7.3	UPPLÝSINGAGJÖF Á VEFSIÐU VINNUMÁLASTOFNUNAR	28
7.4	VIÐMÓT/ÞJÓNUSTAN Í AFGREIÐSLU VINNUMÁLASTOFNUNAR.....	29
7.5	UMSÓKNARFERLIÐ AÐ ÖÐRU LEYTI.....	30
7.6	UPPLÝSINGAGJÖF Í BÆKFLINGUM FRÁ VINNUMÁLASTOFNUN.....	31
7.7	UPPLÝSINGAGJÖF FRÁ STARFSFÓLKI VINNUMÁLASTOFNUNAR	32
8.	RÁÐGJAFAPJÓNUSTA VINNUMÁLASTOFNUNAR	33
8.1	HVERSU ÁNÆGD(UR) EÐA ÓÁNÆGD(UR) ERT ÞÚ MEÐ RÁÐGJÖFINA SEM ÞÚ FÉKKST HJÁ VINNUMÁLASTOFNUN?	34

8.2	HVERSU VEL EÐA ILLA HEFUR SÚ RÁÐGJÖF SEM ÞÚ FÉKKST HJÁ VINNUMÁLASTOFNUN NÝST ÞÉR?	35
9.	VINNUMIÐLUN VINNUMÁLASTOFNUNAR	36
9.1	HVERSU ÁNÆGD(UR) EÐA ÓÁNÆGD(UR) ERT ÞÚ MEÐ VINNUMIÐLUN VINNUMÁLASTOFNUNAR?	37
9.2	HVERSU VEL EÐA ILLA HEFUR VINNUMIÐLUN VINNUMÁLASTOFNUN NÝST ÞÉR?	38
9.3	AÐ HVAÐA LEYTI NÝTTIST VINNUMIÐLUN VINNUMÁLASTOFNUNAR ÞÉR?	39
10.	VINNUMARKAÐSÚRRÆÐI VINNUMÁLASTOFNUNAR	40
10.1	HVERS VEGNA NÝTTIR ÞÚ ÞÉR EKKI EITTHVERT ÞEIRRA VINNUMARKAÐSÚRRÆÐA SEM VINNUMÁLASTOFNUN BÝÐUR UPP Á?	41
10.2	HVERSU AUÐVELT EÐA ERFITT FANNST ÞÉR AÐ FINNA VINNUMARKAÐSÚRRÆÐI SEM HENTAÐI ÞÉR?	41
10.3	Í HVAÐA VINNUMARKAÐSÚRRÆÐI FÓRST ÞÚ?	42
10.4	FINNST ÞÉR VINNUMARKAÐSÚRRÆÐIÐ SEM ÞÚ NÝTTIR ÞÉR HAFU AUKIÐ HÆFNI ÞÍNA FYRIR VINNUMARKAÐ AÐ MIKLU, NOKKRU, LITLU EÐA ENGU LEYTI?	42
10.5	FINNST ÞÉR VINNUMARKAÐSÚRRÆÐIÐ HAFU AUKIÐ MÖGULEIKA ÞÍNA Á AÐ FÁ STARF, MIKIÐ, NOKKUÐ, LÍTIÐ EÐA EKKERT?	43
10.6	FINNST ÞÉR VINNUMARKAÐSÚRRÆÐIÐ SEM ÞÚ NÝTTIR ÞÉR HAFU HAFT JÁKVÆÐ EÐA NEIKVÆÐ ÁHRIF Á LÍÐAN ÞÍNA?	44
10.7	AÐ HVAÐA LEYTI FINNST ÞÉR VINNUMARKAÐSÚRRÆÐIÐ SEM ÞÚ NÝTTIR ÞÉR HAFU HAFT JÁKVÆÐ ÁHRIF Á LÍÐAN ÞÍNA?	45
10.8	HEFUR ÞÚ STUNDAÐ NÁM EÐA FARIÐ Á NÁMSKEIÐ Á NÁMSSAMNINGI HJÁ VINNUMÁLASTOFNUN?	46
10.8.1	<i>Var þetta námssamningur um nám í eitt misseri eða var um styttri námssamning að ræða?</i>	46
10.8.2	<i>Finnst þér námssamningurinn hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?</i>	47
10.8.3	<i>Finnst þér námssamningurinn hafa aukið möguleika þína á að fá starf, mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?</i>	48
10.8.4	<i>Finnst þér námssamningurinn hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?</i>	49
10.8.5	<i>Að hvaða leyti finnst þér námssamningurinn hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?</i>	50
10.9	NÝTTIR ÞÚ ÞÉR NÁMSKEIÐ SEM VINNUMÁLASTOFNUN BÝÐUR UPP Á SEM VINNUMARKAÐSÚRRÆÐI?	50
10.9.1	<i>Hversu auðvelt eða erfitt var fyrir þig að finna gagnleg námskeið til að taka þátt í?</i>	51
10.9.2	<i>Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?</i>	52

10.9.3	Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa aukið möguleika þína á að fá starf mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?.....	53
10.9.4	Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?	54
10.9.5	Að hvaða leyti finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?	55
10.10	NÝTTIR ÞÚ ÞÉR SJÁLFBODALIÐASTÖRF SEM VINNUMÁLASTOFNUN BÝÐUR UPP Á?	55
10.10.1	Finnst þér sjálfboðaliðastörfin hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?.....	56
10.10.2	Finnst þér sjálfboðaliðastörfin hafa aukið möguleika þína á að fá starf mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?	57
10.10.3	Finnst þér sjálfboðaliðastörfin hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?	57
10.10.4	Að hvaða leyti finnst þér sjálfboðaliðastörfin hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?.....	57
10.11	FÓRST ÞÚ Í ATVINNUTENGD AENDURHÆFINGU Á VEGUM VINNUMÁLASTOFNUNAR?	58
10.11.1	Finnst þér atvinnutengd endurhæfing hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?.....	58
10.11.2	Finnst þér atvinnutengd endurhæfing hafa aukið möguleika þína á að fá starf mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?.....	59
10.11.3	Finnst þér atvinnutengd endurhæfing sem þú nýttir þér hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?.....	59
10.11.4	Að hvaða leyti finnst þér atvinnutengd endurhæfing hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?.....	60
10.12	ERU EINHVER VINNUMARKAÐSÚRRÆÐI SEM ÞÉR FINNST VANTA Í FRAMBOÐ Á ÚRRÆÐUM VINNUMÁLASTOFNUNAR?	60
11.	ÍMYND VINNUMÁLASTOFNUNAR.....	61
12.	HVERNIG GETUR VINNUMÁLASTOFNUN AÐ ÞÍNU MATI BÆTT SÍNA ÞJÓNUSTU GAGNVART ATVINNULEITENDUM?	62
13.	LOKAORÐ.....	63
14.	VIÐAUKI.....	64
14.1	HVERS VEGNA NÝTTIR ÞÚ ÞÉR EKKI VINNUMARKAÐSÚRRÆÐI VINNUMÁLASTOFNUNAR?	64
14.2	HVAÐA VINNUMARKAÐSÚRRÆÐI FINNST ÞÉR VANTA?	73
14.3	HVERNIG GETUR VINNUMÁLASTOFNUN AÐ ÞÍNU MATI BÆTT SÍNA ÞJÓNUSTU GAGNVART ATVINNULEITENDUM?	80


1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum viðhorfskönnunar um þjónustu og gæði vinnumarkaðsúrræða Vinnumálastofnunar. Tekið var 1200 manna úrtak meðal allra sem voru á atvinnuleysisrá í meira en þrjá mánuði á tímabilinu nóvember 2010 til október 2011. Undanskildir voru þeir sem komu aftur inn á skrá og þeir sem hafa erlendan ríkisborgararétt.

Viðhorfskönnunin er gerð að frumkvæði Vinnumálastofnunar. Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) annaðist könnunina. Hjördís Sigursteinsdóttir bar ábyrgð á könnuninni fyrir hönd RHA, sá um úrvinnslu og skrifaði lokaskýrslu.

2. Framkvæmd og heimtur

Tekið var 1200 manna úrtak úr netfangaskrá frá Vinnumálastofnun meðal þeirra sem uppfylltu skilyrði fyrir þátttöku í könnuninni. Tölvupóstkönnun var framkvæmd á tímabilinu 27. febrúar – 13. apríl 2012. Sendar voru þrjár ítrekanir. Alls svöruðu 756 manns spurningalistanum að einhverju eða öllu leyti. Þetta þýðir að svarhlutfall í könnuninni er 63%.




Mynd 1. Svarhlutfall.


3. Grunnupplýsingar

Grunnupplýsingar sem notaðar voru til aðgreiningar í flokka eru kyn, aldur og hjúskaparstaða. Auk þess var safnað upplýsingum um barnafjölda og tekjur.


Á atvinnuleysisránni sem úrtakið var tekið úr er kynjahlutfallið þannig að 57% eru karlar og 43% konur. Konur eru hins vegar duglegri við að svara könnuninni en karlar og eru 52% svaranna frá konum og 48% frá körlum. Flestir þátttakendur eru á aldrinum 26-35 ára eða 32%, um 11% eru yngri en 25 ára og rúm 17% eldri en 55 ára. Meiri hlutinn er giftur eða í sambúð eða 65% þeirra sem tiltóku hjúskaparstöðu. Í um 57% tilvika búa börn á heimilum þátttakenda. Algengast er að um sé að ræða eitt barn undir 18 ára aldri eða í tæpum 38% tilvika og í 33% tilvika er um að ræða tvö börn undir 18 ára aldri. Algengast er að þátttakendur hafi haft á bilinu 201-400 þúsund krónur í tekjur síðasta mánuðinn fyrir skatt eða 49% þeirra sem svöruðu spurningunni um tekjur og rúm 34% voru með minna en 200 þúsund krónur.




Mynd 2. Kynferði þátttakenda.




Mynd 3. Flokkaður aldur þátttakenda.




Mynd 4. Hjúskaparstaða.



Mynd 5. Eru börn á heimilinu?




Mynd 6. Hversu mörg þeirra eru yngri en 18 ára?




Mynd 7. Hverjar voru heildartekjur þínar í síðasta mánuði fyrir skatt, svona um það bil?

4. Ástæður þess að vera ekki lengur á atvinnuleysiskrá

Í flestum tilvikum eru þátttakendur ekki á atvinnuleysisrá í dag vegna þess að þeir fengu vinnu eða 77%. Um 10% fór í nám og 6 misstu rétt sinn til atvinnuleysisbóta. Síðan var spurt nánar út í vinnu, nám og flutning til útlanda.




Mynd 8. Hver er ástæða þess að þú ert ekki lengur á atvinnuleysisrá?




Mynd 9. Hver er ástæða þess að þú ert ekki lengur á atvinnuleysisrá? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

4.1 Hvernig fékkst þú vinnu?

Þeir sem fengu vinnu voru spurðir áfram hvernig þeir hafi fengið hana. Algengast er að þátttakandur hafi fengið vinnu að eigin frumkvæði eða í rúmunum 69% tilvika. Það eru 14 þátttakendur sem svara því til að þeir hafi fengið vinnu á annan hátt en valkostir buðu upp á. Þar má helst sjá að viðkomandi hafi fengið vinnu í gegnum vin eða kunningja eða hafi fengið gamla starfið sitt aftur (sjá töflu1).



Mynd 10. Hvernig fékkst þú vinnu?




Mynd 11. Hvernig fékkst þú vinnu? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

Tafla 1. Með hvaða öðrum hætti fékkst þú vinnu?

Þættir	Fjöldi
Í gegnum vin/kunningja	13
Fékk gömlu vinnuna aftur	12
Svaraði auglýsingu	9
Starfshlutfallið var hækkað við mig	8
Mér var boðið starf	6


4.1.1 Ertu í þessu vinnumarkaðsúrræði núna?

Þeir sem höfðu fengið vinnu í gegnum vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar voru spurðir hvort þeir væru í þessu vinnumarkaðsúrræði núna. Innan við helmingur þátttakenda er í þessu vinnumarkaðsúrræði núna eða rúm 47%. Fram koma tengsl milli aldurs¹ og þess hvort þátttakendur eru í vinnumarkaðsúrræðinu núna þannig að þátttakendur í yngstu aldurshópunum eru í meira mæli en þeir eldri í vinnumarkaðsúrræðinu.



Mynd 12. Ertu í þessu vinnumarkaðsúrræði núna?


¹ Tau-c=,39;α=,007




Mynd 13. Ertu í þessu vinnumarkaðsúrræði núna? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

4.1.2 Ertu í sama starfi eða starfarðu annars staðar?

Þeir sem höfðu fengið vinnu í gegnum vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar og voru hættir í úrræðinu voru spurðir áfram hvort þeir væru í sama starfi eða störfuðu annars staðar. Innan við helmingur þátttakenda er í sama starfi eða rúm 42%. Þrír af þessum tíu sem svaraði annað fóru í veikindafrí eða fæðingarorlof en hinir eru komnir í aðra vinnu.




Mynd 14. Ertu í sama starfi eða starfar þú annars staðar?




Mynd 15. Ertu í sama starfi eða starfar þú annars staðar? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

4.2 Ert þú enn í þessu námi?

Þeir sem voru í námi voru spurðir áfram hvort þeir væru enn í þessu námi. Í langflestum tilvikum eru þátttakendur enn í náminu eða tæp 86%. Tæp 9% hætti í náminu án þess að ljúka námi.



Mynd 16. Ert þú enn í þessu námi?




Mynd 17. Ert þú enn í þessu námi? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

4.3 Til hvaða lands fluttir þú?

Þeir sem svöruðu því til að þeir hefðu flutt til útlanda voru spurðir áfram að því til hvaða lands þeir fluttu. Algengast var að þátttakendur hefðu flutt til Noregs eða 44% og 19% fluttu til Danmerkur. Önnur lönd sem nefnd voru eru: Svíþjóð, Pólland, Bretland, Chile, Sviss og USA.


4.3.1 Ertu að vinna, í námi eða heimavinnandi í því landi sem þú býrð núna?

Þeir sem svöruðu því til að þeir hefðu flutt til útlanda voru spurðir áfram hvort þeir væru að vinna, í námi eða heimavinnandi í því landi sem þeir búa núna. Flestir eru í vinnu eða tæp 53% en rúm 32% eru í atvinnuleit í því landi sem þeir búa í núna. Konur² eru í meira mæli en karlar í atvinnuleit.



Mynd 18. Ertu að vinna, í námi eða heimavinnandi í því landi sem þú býrð núna?


² Tau-c=,31;α=,013




Mynd 19. Ertu að vinna, í námi eða heimavinnandi í því landi sem þú býrð núna? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

5. Fjárhagsleg staða

Fáir hafa notið fjárhagslegrar aðstoðar sveitarfélags eftir að þeir fóru af atvinnuleysissskrá eða rúm 5%. Aldur³ hefur áhrif á það hvort þátttakendur hafa notið fjárhagslegrar aðstoðar sveitarfélags þannig að þátttakendur í yngsta aldurshópnum hafa í mun meira mæli en þátttakendur í öðrum aldurshópum þegið slíka aðstoð. Hjúskaparstaða⁴ hefur einnig áhrif á það hvort þátttakendur hafa notið fjárhagslegrar aðstoðar sveitarfélags eða ekki þannig að þeir sem búa einir hafa í meira mæli en þeir sem eru giftir eða í sambúð þegið slíka aðstoð.



Mynd 20. Hefur þú notið fjárhagslegrar aðstoðar sveitarfélags eftir að þú fórst af atvinnuleysissskrá?




Mynd 21. Hefur þú notið fjárhagslegrar aðstoðar sveitarfélags eftir að þú fórst á atvinnuleysissskrá? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

³ Tau-c=,06;α=,003


⁴ Tau-c=-,07;α=,001

5.1 Nýtur þú ennþá fjárhagslegrar aðstoðar sveitarfélags?

Meira en helmingur þeirra sem hafa notið fjárhagslegrar aðstoðar sveitarfélags eru enn með slíka fjárhagslega aðstoð, konur í meira mæli en karlar, þeir sem búa einir í meira mæli en þeir sem búa með öðrum og yngri þátttakendur í meira mæli en þátttakendur á miðjum aldri.



Mynd 22. Nýtur þú ennþá fjárhagslegrar aðstoðar sveitarfélags?




Mynd 23. Nýtur þú ennþá fjárhagslegrar aðstoðar sveitarfélags? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.


6. Staðan í dag

Þátttakendur í könnuninni eru í langflestum tilvikum í vinnu í dag eða um 78% þeirra sem svöruðu spurningunni. Aldur⁵ hefur áhrif á það hver staða fólks er í dag þannig að hækkandi aldur þýðir færri sem eru í námi, fleiri sem eru á vinnumarkaði og fleiri heimavinnandi.

Þeir sem eru í vinnu voru spurðir í hvaða atvinnugrein þeir starfa. Þeir sem eru í skóla voru spurðir nánar út í námið. Þeir sem eru heimavinnandi voru spurðir um ástæður þess.



Mynd 24. Hver er staða þín í dag?




Mynd 25. Hver er staða þín í dag? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

6.1 Í hvaða atvinnugrein starfar þú?

Algengast er að þeir þátttakendur sem eru á vinnumarkaði starfi í annarri þjónustu og ótilgreindri eða 32% þátttakenda og um 13% í öðrum iðnaði.


⁵ Tau-c=,10;α=,000



Mynd 26. Í hvaða atvinnugrein starfar þú?

6.2 Hvað fórst þú að læra?


Í flestum tilvikum fóru þátttakendur í nám sem þeir höfðu ekki verið í áður en fæstir fóru í nám sem var í beinu framhaldi af núverandi menntun.




Mynd 27. Hvað fórst þú að læra?

6.3 Hvernig nám er þetta?

Algengast er að þátttakendur hafi farið í háskólanám eða um 60% og jafnmargir fóru í bóknám og starfsnám á framhaldsskólastigi. Algengara er að konur fari í háskólanám en karlar og algengara er að þátttakendur sem eru giftir eða í sambúð fari í háskólanám heldur en þeir sem búa einir.



Mynd 28. Hvernig nám er þetta?




Mynd 29. Hvernig nám er þetta? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.


6.4 Hversu langt ertu komin(n) í núverandi námi þínu?

Algengast er að þátttakendur séu minna en hálfnaðir í námi sínu eða tæp 48% og rúm 21% eru að klára námið. Aldur⁶ hefur áhrif á það hversu langt viðkomandi er kominn í námi sínu þannig að algengara er að þátttakendur á miðjum aldri séu komnir lengra í sínu námi en yngstu og elstu þátttakendurnir.

⁶ Tau-c=,17;α=,027



Mynd 30. Hversu langt ertu komin(n) í núverandi námi þínu?




Mynd 31. Hversu langt ertu komin(n) í núverandi námi þínu? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.


6.5 Þegar þú klárar það nám sem þú ert í núna, gerir þú þá ráð fyrir að fara í áframhaldandi nám eða fara á vinnumarkaðinn?

Í langflestum tilvikum ætla þátttakendur að fara á vinnumarkaðinn að námi loknu eða tæp 72% þátttakenda. Aldur⁷ hefur áhrif á áform eftir námið þannig að þátttakendur í yngsta aldurshópnum ætla sér frekar að fara á vinnumarkaðinn heldur en eldri þátttakendur. Jafnframt má sjá að konur ætla í meira mæli en karlar að fara í áframhaldandi nám sem og þeir sem búa einir.

⁷ Tau-c=,36;α=,001




Mynd 32. Þegar þú klárar það nám sem þú ert í núna, gerir þú þá ráð fyrir að fara í áframhaldandi nám eða fara á vinnumarkaðinn?




Mynd 33. Þegar þú klárar það nám sem þú ert í núna, gerir þú ráð fyrir að fara í áframhaldandi nám eða fara á vinnumarkaðinn? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

6.6 Af hverju ertu heimavinnandi?

Í felstum tilvikum er viðkomandi heimavinnand vegna þess að hann finnur ekki eða fær ekki vinnu við hæfi. Tæplega 30% nefndu aðrar ástæður og þá helst veikindi eða hár aldur.



Mynd 34. Af hverju ertu heimavinnandi?




Mynd 35. Af hverju ertu heimavinnandi? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

7. Þjónusta Vinnumálastofnunar


Um 46% telja þjónustu Vinnumálastofnunar vera mjög eða frekar góða og um 32% telur hana vera hvorki góða né slæma. Lítinn mun er að finna eftir kyni eða aldri en hjúskaparstaða⁸ hefur áhrif á viðhorf til þjónustu Vinnumálastofnunar þannig að þeir sem búa einir telja í minna mæli en þeir sem búa með öðrum að þjónusta Vinnumálastofnunar sé mjög eða frekar góð.

Þátttakendur voru beðnir um að gefa ákveðnum þjónustupáttum Vinnumálastofnunar einkunn á bilinu 1-10 eftir því hversu óánægður (1) eða ánægður (10) þeir voru með þjónustuna. Hærrí einkunn þýðir meiri ánægja með þjónustuna. Meðaleinkunn þjónustupátta liggur á bilinu 5,9 – 7,5. Sá þjónustupáttur sem þátttakendur eru ánægðastir með er *reglubundin staðfesting atvinnuleitar á vefnum* og svo kemur *nýskráning á vefnum*. Þeir þjónustupættir sem þátttakendur eru minnst ánægðir með eru upplýsingagjöf frá bæði starfsfólki og í bæklingum.




Mynd 36. Myndir þú segja að þjónusta Vinnumálastofnunar sé góð eða slæm þegar á heildina er litið?

⁸ Tau-c=,12;α=.005



Mynd 37. Myndir þú segja að þjónusta Vinnumálastofnunar sé góð eða slæm þegar á heildina er litið? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.




Mynd 38. Meðaleinkunn þjónustubátta Vinnumálastofnunar.


7.1 Reglubundin staðfesting atvinnuleitar á vefnum

Mesta ánægjan er með reglubundna staðfestingu atvinnuleitar á vefnum og fékk sá þjónustubáttur meðaleinkunnina 7,5. Fram kemur munur eftir kyni⁹ þannig að konur eru ekki eins ánægðar og karlar með reglubundna staðfestingu atvinnuleitar á vefnum.

⁹ Tau-c=,14;α=,002




Mynd 39. Reglubundin staðfesting atvinnuleitar á vefnum



Mynd 40. Reglubundin staðfesting atvinnuleitar á vefnum. Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.


7.2 Nýskráning á vefnum

Næst mesta ánægjan er með reglubundna staðfestingu atvinnuleitar á vefnum og fékk sá þjónustubáttur meðaleinkunnina 6,8. Fram kemur munur eftir kyni¹⁰ þannig að konur eru ánægðari en karlar með nýskráningu á vefnum.



Mynd 41. Nýskráning á vefnum


¹⁰ Tau-c=,11;α=,015



Mynd 42. Nýskráning á vefnum. Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.


7.3 Upplýsingagjöf á vefsíðu Vinnumálastofnunar

Upplýsingagjöf á vefsíðu Vinnumálastofnunar fékk meðaleinkunnina 6,2. Fram kemur munur eftir kyni¹¹ þannig að konur eru ánægðari en karlar með upplýsingagjöf á vefsíðu Vinnumálastofnunar. Einnig kemur fram munur eftir aldri¹² þannig að lægri aldur þýðir meiri ánægja með upplýsingagjöf á vefsíðunni fram að 45 ára aldri en eftir það verður ánægjan minni. Hjúskaparstaða¹³ hefur einnig áhrif á viðhorf til upplýsingagjafar á vefsíðunni þannig að þeir sem búa einir eru ekki eins ánægðir með hana og þeir sem búa með öðrum.



Mynd 43. Upplýsingagjöf á vefsíðu Vinnumálastofnunar.


¹¹ Tau-c=,12;α=,007
¹² Tau-c=,08;α=,009
¹³ Tau-c=,12;α=,007



Mynd 44. Upplýsingagjöf á vefsíðu Vinnumálastofnunar. Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

7.4 Viðmót/þjónustan í afgreiðslu Vinnumálastofnunar


Viðmót/þjónustan í afgreiðslu Vinnumálastofnunar fékk meðaleinkunnina 6,2 eins og upplýsingagjöf á vefsíðunni. Fram kemur munur eftir aldri¹⁴ þannig að hækkandi aldur þýðir meiri ánægja með viðmót/þjónustu í afgreiðslu Vinnumálastofnunar. Einnig kemur fram munur eftir hjúskaparstöðu¹⁵ þannig að þeir sem búa einir eru ekki eins ánægðir með hana og þeir sem búa með öðrum.



Mynd 45. Viðmót/þjónustan í afgreiðslu Vinnumálastofnunar

¹⁴ Tau-c=-,12;α=,000


¹⁵ Tau-c=-,12;α=,006



Mynd 46. Viðmót/þjónustan í afgreiðslu Vinnumálastofnunar. Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

7.5 Umsóknarferlið að öðru leyti


Umsóknarferlið að öðru leyti fékk meðaleinkunnina 6,0. Fram kemur munur eftir aldri¹⁶ þannig að hækkandi aldur þýðir meiri ánægja með umsóknarferlið að öðru leyti fram að 45 ára aldri en eftir það verður ánægjan minni. Hjúskaparstaða¹⁷ hefur einnig áhrif á umsóknarferlið að öðru leyti þannig að þeir sem búa einir eru ekki eins ánægðir og þeir sem búa með öðrum með umsóknarferlið að öðru leyti.



Mynd 47. Umsóknarferlið að öðru leyti.

¹⁶ Tau-c=,08;α=,009


¹⁷ Tau-c=-,13;α=,003



Mynd 48. Umsóknarferlið að öðru leyti. Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.


7.6 Upplýsingagjöf í bæklingum frá Vinnumálastofnun

Upplýsingagjöf í bæklingum frá Vinnumálastofnun fékk lægstu meðaleinkunnina 5,9 ásamt upplýsingagjöf frá starfsfólki Vinnumálastofnunar. Fram kemur munur eftir aldri¹⁸ þannig að hækkandi aldur þýðir meiri ánægja með upplýsingagjöf í bæklingum frá Vinnumálastofnun ef frá er talinn elsti aldurshópurinn.



Mynd 49. Upplýsingagjöf í bæklingum frá Vinnumálastofnun


¹⁸ Tau-c=,08;α=,008



Mynd 50. Upplýsingagjöf í bæklingum frá Vinnumálastofnun. Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

7.7 Upplýsingagjöf frá starfsfólki Vinnumálastofnunar


Upplýsingagjöf frá starfsfólki Vinnumálastofnunar fékk lægstu meðaleinkunnina 5,9 ásamt upplýsingagjöf í bæklingum Vinnumálastofnunar. Fram kemur munur eftir aldri¹⁹ þannig að hækkandi aldur fram að 45 ára aldri þýðir meiri ánægja með upplýsingagjöf í bæklingum frá Vinnumálastofnun en eftir það verður ánægjan minni. Hjúskaparstaða²⁰ hefur einnig áhrif á afstöðu þátttakenda til upplýsingagjafar frá starfsfólki Vinnumálastofnunar þannig að þeir sem búa einir eru ekki eins ánægðir og þeir sem búa með öðrum.



Mynd 51. Upplýsingagjöf frá starfsfólki Vinnumálastofnunar

¹⁹ Tau-c=,09;α=,005


²⁰ Tau-c=,11;α=,010



Mynd 52. Upplýsingagjöf frá starfsfólki Vinnumálastofnunar. Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.


8. Ráðgjafarþjónsta Vinnumálastofnunar

Innan við helmingur þátttakenda hefur nýtt sér ráðgjafarþjónustu Vinnumálastofnunar eða tæp 46%. Fram kemur munur eftir hjúskaparstöðu²¹ þannig að þeir sem búa einir hafa í meira mæli en þeir sem búa með öðrum nýtt sér ráðgjafarþjónustu Vinnumálastofnunar. Þeir sem höfðu nýtt sér ráðgjafarþjónustu Vinnumálastofnunar voru spurðir áfram hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með ráðgjöfina sem þú fékkst hjá Vinnumálastofnun og hversu vel eða illa ráðgjöfin hafði nýst þeim.



Mynd 53. Nýttir þú þér ráðgjafarþjónstu Vinnumálastofnunar?


²¹ Tau-c=-,08;α=,034




Mynd 54. Nýttir þú þér ráðgjafþjónustu Vinnumálastofnunar? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

8.1 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með ráðgjöfina sem þú fékkst hjá Vinnumálastofnun?

Rétt um helmingur þátttakenda er mjög eða frekar ánægður með ráðgjöfina sem þeir fengu hjá Vinnumálastofnun og um 18% þátttakenda eru mjög eða frekar óánægðir með ráðgjöfina. Kyn, aldur eða hjúskaparstaða hefur lítil áhrif á ánægju eða óánægju með ráðgjöfina.




Mynd 55. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með ráðgjöfina sem þú fékkst hjá Vinnumálastofnun?



Mynd 56. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með ráðgjöfina sem þú fékkst hjá Vinnumálastofnun? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.


8.2 Hversu vel eða illa hefur sú ráðgjöf sem þú fékkst hjá Vinnumálastofnun nýst þér?

Aðeins um 30% segja að ráðgjöfin sem þeir fengu hafi nýst þeim mjög eða frekar vel og í rúmlega 18% tilvika reyndist hún frekar eða mjög illa. Aldur²² hefur áhrif á viðhorf til þess hversu vel eða illa ráðgjöfin nýttist viðkomandi þannig að þátttakendur á miðjum aldri telja í meira mæli að ráðgjöfin hafi nýst þeim vel en yngri og eldri þátttakendur.



Mynd 57. Hversu vel eða illa hefur sú ráðgjöf sem þú fékkst hjá Vinnumálastofnun nýst þér?


²² Tau-c=-,10;α=.028




Mynd 58. Hversu vel eða illa hefur sú ráðgjöf sem þú fékkst hjá Vinnumálastofnun nýst þér? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

9. Vinnumiðlun Vinnumálastofnunar

Innan við helmingur þátttakenda hefur nýtt sér vinnumiðlun Vinnumálastofnunar eða tæp 46%. Kyn, aldur eða hjúskaparstaða hefur ekki áhrif á það hvort þáttakendur hafi nýtt sér vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Þeir sem höfðu nýtt sér vinnumiðlun Vinnumálastofnunar voru spurðir áfram hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með ráðgjöfina sem þeir fengu hjá Vinnumálastofnun, hversu vel eða illa ráðgjöfin hafði nýst þeim og að hvaða leyti hún nýttist þeim.




Mynd 59. Nýttir þú þér vinnumiðlun Vinnumálastofnunar?




Mynd 60. Nýttir þú þér vinnumiðlun Vinnumálastofnunar? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

9.1 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með vinnumiðlun Vinnumálastofnunar?

Um 40% er mjög eða frekar ánægð með vinnumiðlun Vinnumálastofnunar og um 21% er mjög eða frekar óánægð með hana. Kyn, aldur eða hjúskaparstaða hafa ekki áhrif á ánægju eða óánægju með vinnumiðlun Vinnumálastofnunar.




Mynd 61. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með vinnumiðlun Vinnumálastofnunar?




Mynd 62. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með vinnumiðlun Vinnumálastofnunar? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

9.2 Hversu vel eða illa hefur vinnumiðlun Vinnumálastofnun nýst þér?

Aðeins um 30% segja að vinnumiðlun Vinnumálastofnunar hafi nýst mér mjög eða frekar vel og í tæplega 28% tilvika nýttist hún frekar eða mjög illa. Kyn, aldur eða hjúskaparstaða hefur ekki áhrif á það hversu vel eða illa vinnumiðlunin hefur nýst.




Mynd 63. Hversu vel eða illa hefur vinnumiðlun Vinnumálastofnunar nýst þér?



Mynd 64. Hversu vel eða illa hefur vinnumiðlun Vinnumálastofnunar nýst þér? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

9.3 Að hvaða leyti nýttist vinnumiðlun Vinnumálastofnunar þér?


Algengast er að þátttakandur hafi fengið upplýsingar um laus störf á heimasíðu Vinnumálastofnunar eða í 169 tilvikum. Einnig nýttist vinnumiðlunin vel til að fá upplýsingar um laus störf á „mínar síður“, til að fá ábendingar um laus störf frá vinnumiðlun og almennar leiðbeiningar/ráðleggingar í atvinnuleit.




Mynd 65. Að hvaða leyti nýttist vinnumiðlun Vinnumálastofnunar þér?

10. Vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar

Byrjað var á því að spyrja þátttakendur að því hvort þeir hafi einhvern tímann farið í einhver úrræði – námskeið, vinnumarkaðsúrræði, námssamninga og þess háttar á vegum Vinnumálastofnunar. Rúmlega helmingur þátttakenda hefur farið í einhvers konar úrræði á vegum Vinnumálastofnunar eða tæp 54%. Kyn, aldur og hjúskaparstaða hefur ekki áhrif á það hvort þátttakendur hafi farið í einhver vinnumarkaðsúrræði. Þeir sem ekki hafa farið í einhver úrræði voru spurðir hvers vegna þeir hafi ekki nýtt sér eitthvert þeirra. Þeir sem höfðu einhvern tímann farið í úrræði voru spurðir hversu auðvelt það hafi verið að finna vinnumarkaðsúrræði sem hentaði best og síðan var spurt út í einstaka úrræði.



Mynd 66. Fórst þú einhvern tímann í einhver úrræði – námskeið, vinnumarkaðsúrræði, námssamninga og þess háttar á vegum Vinnumálastofnunar?




Mynd 67. Fórst þú einhvern tímann í einhver úrræði – námskeið, vinnumarkaðsúrræði, námssamninga og þess háttar á vegum Vinnumálastofnunar? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.1 Hvers vegna nýttir þú þér ekki eitthvert þeirra vinnumarkaðsúrræða sem Vinnumálastofnun býður upp á?

Það voru 231 þátttakendur sem svöruðu því til hvers vegna þeir nýttu sér ekki vinnumarkaðsúrræði sem Vinnumálastofnun býður upp á. Margir nefndu að þeir hafi einfaldlega ekki þurft þess, fengu vinnu fljótt en einnig kom fram hjá sumum að þeir einfaldlega hafi ekki fengið upplýsingar um þau. Svörin eins og þau komu fyrir er að finna í viðauka.


10.2 Hversu auðvelt eða erfitt fannst þér að finna vinnumarkaðsúrræði sem hentaði þér?

Í felstum tilvikum taka þátttakendur ekki afstöðu til þessarar spurningar því rúm 40% svara því til að það sé hvorki auðvelt né erfitt að finna vinnumarkaðsúrræði sem hentaði. Fleiri telja að það sé frekar eða mjög erfitt að finna vinnumarkaðsúrræði sem hentar heldur en þeir sem telja að það sé mjög eða frekar auðvelt. Konur²³ telja í meira mæli en karlar að það sé auðvelt að finna vinnumarkaðsúrræði sem hentar.



Mynd 68. Hversu auðvelt eða erfitt fannst þér að finna vinnumarkaðsúrræði sem hentaði þér?


²³ Tau-c=-,09;α=,029



Mynd 69. Hversu auðvelt eða erfitt fannst þér að finna vinnumarkaðsúrræði sem hentaði þér? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.3 Í hvaða vinnumarkaðsúrræði fórst þú?

Algengast er að þátttakendur hafi farið í átaksverkefni eða í 76 tilvikum. Fæstir hafa notfært sér starfsorku/frumkvöðlastarf eða 20 þátttakendur.




Mynd 70. Í hvaða vinnumarkaðsúrræði fórst þú?


10.4 Finnst þér vinnumarkaðsúrræðið sem þú nýttir þér hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkað að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?

Algengast er að þátttakendur telji að vinnumarkaðsúrræðið hafi aukið hæfni þeirra að nokkru leyti eða tæp 46% og tæp 17% að það hafi aukið hæfnina að miklu leyti.

Rúmlega 11% þátttakenda eru á þeirri skoðun að vinnumarkaðsúrræðið hafi að engu leyti aukið hæfni þeirra. Konur²⁴ telja í meira mæli en karlar að vinnumarkaðsúrræðið hafi aukið hæfni þeirra.



Mynd 71. Finnst þér vinnumarkaðsúrræðið sem þú nýttir þér hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkað að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?




Mynd 72. Finnst þér vinnumarkaðsúrræðið sem þú nýttir þér hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkað að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.


10.5 Finnst þér vinnumarkaðsúrræðið hafa aukið möguleika þína á að fá starf, mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?

Flestir telja að vinnumarkaðsúrræðið hafi aukið nokkuð möguleika þeirra á að fá starf eða rúm 36% þátttakenda og rúm 17% telja að vinnumarkaðsúrræðið hafi ekkert aukið möguleika þeirra á að fá starf. Kyn, aldur eða hjúskaparstaða hafa ekki áhrif á afstöðu til þess hvort vinnumarkaðsúrræði hafi aukið möguleikana á að fá starf.

²⁴ Tau-c=-,17;α=,039



Mynd 73. Finnst þér vinnumarkaðsúrræðið hafa aukið möguleika þína á að fá starf, mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?




Mynd 74. Finnst þér vinnumarkaðsúrræðið hafa aukið möguleika þína á að fá starf, mikið, nokkuð, lítið eða ekkert? Greint eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.


10.6 Finnst þér vinnumarkaðsúrræðið sem þú nýttir þér hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?

Í flestum tilvikum hefur vinnumarkaðsúrræðið haft mjög eða frekar jákvæð áhrif á líðan þátttakenda eða í rúmum 67% tilvika en jafnframt má sjá að í tæpum 9% tilvika þá hefur vinnumarkaðsúrræðið haft mjög eða frekar neikvæð áhrif á líðan. Konur²⁵ telja í meira mæli en karlar að vinnumarkaðsúrræðið hafi haft jákvæð áhrif á líðan þeirra.

²⁵ Tau-c=-,24;α=.004




Mynd 75. Finnst þér vinnumarkaðsúrræðið sem þú nýttir þér hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?



Mynd 76. Finnst þér vinnumarkaðsúrræðið sem þú nýttir þér hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.7 Að hvaða leyti finnst þér vinnumarkaðsúrræðið sem þú nýttir þér hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?


Algengast er að þátttakendur telji að vinnumarkaðsúrræðið hafi aukið sjálfstraust þeirra og bætt andlega líðan eða í 84 tilvika í hvorum möguleikanum fyrir sig.




Mynd 77. Að hvaða leyti finnst þér vinnumarkaðsúrræðið sem þú nýttir þér hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?

10.8 Hefur þú stundað nám eða farið á námskeið á námssamningi hjá Vinnumálastofnun?

Það hafa um 19% þátttakenda stundað nám eða farið á námskeið á námssamningi hjá Vinnumálastofnun. Enginn munur kom fram eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 78. Hefur þú stundað nám eða farið á námskeið á námssamningi hjá Vinnumálastofnun?




Mynd 79. Hefur þú stundað nám eða farið á námskeið á námssamningi hjá Vinnumálastofnun? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.8.1 Var þetta námssamningur um nám í eitt misseri eða var um styttri námssamning að ræða?

Í tæpum 65% tilvika var um að ræða styttri námssamninga. Enginn munur koma fram eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 80. Var þetta námssamningur um nám í eitt misseri eða var um styttri námssamning að ræða?




Mynd 81. Var þetta námssamningur um nám í eitt misseri eða var um styttri námssamning að ræða? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.8.2 *Finnst þér námssamningurinn hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?*

Algengast er að þátttakendur telji að námssamningurinn hafi aukið hæfni þeirra að nokkru leyti eða í rúmum 45% tilvika en rúm 11% telja að námssamningurinn hafi ekki aukið hæfni þeirra að neinu leyti. Enginn munur kom fram eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 82. Finnst þér námssamningurinn hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?




Mynd 83. Finnst þér námssamningurinn hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.8.3 Finnst þér námssamningurinn hafa aukið möguleika þína á að fá starf, mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?

Fjórðungur þátttakenda sem hafa farið á námssaming telja að hann hafi aukið mikið möguleikana á að fá starf en um fimmtungur telur að námssamningurinn hafi ekkert aukið möguleikana á að fá starf. Enginn munur kom fram eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 84. Finnst þér námssamningurinn hafa aukið möguleika þína á að fá starf, mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?




Mynd 85. Finnst þér námssamningurinn hafa aukið möguleika þína á að fá starf, mikið, nokkuð, lítið eða ekkert? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.8.4 Finnst þér námssamningurinn hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?

Almennt séð þá hefur námssamningurinn haft jákvæð áhrif á langflesta þátttakendur sem hafa nýtt sér það vinnumarkaðsúrræði eða í um 80% tilvika. Enginn munur kom fram eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 86. Finnst þér námssamningurinn hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?



Mynd 87. Finnst þér námssamningurinn hafa haft jákvæð eða neikvæða áhrif á líðan þína? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.8.5 Að hvaða leyti finnst þér námssamningurinn hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?


Í flestum tilvikum hefur námssamningurinn aukið sjálfstraust hjá þeim sem hafa nýtt það vinnumarkaðsúrræði og bætt andlega líðan.




Mynd 88. Að hvaða leyti finnst þér námssamningurinn hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?

10.9 Nýttir þú þér námskeið sem Vinnumálastofnun býður upp á sem vinnumarkaðsúrræði?

Um 27% þátttakenda hefur nýtt sér námskeið sem Vinnumálastofnun býður upp á sem vinnumarkaðsúrræði. Enginn munur kom fram eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 89. Nýttir þú þér námskeið sem Vinnumálastofnun býður upp á sem vinnumarkaðsúrræði?




Mynd 90. Nýttir þú þér námskeið sem Vinnumálastofnun býður upp á sem vinnumarkaðsúrræði? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.9.1 Hversu auðvelt eða erfitt var fyrir þig að finna gagnleg námskeið til að taka þátt í?

Að mati rúmlega 74% þátttakenda var það mjög eða frekar auðvelt að finna gagnleg námskeið til að taka þátt í en tæp 26% telur að það hafi verið mjög eða frekar erfitt. Ekki kom fram munur eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 91. Hversu auðvelt eða erfitt var fyrir þig að finna gagnlegt námskeið til að taka þátt í?




Mynd 92. Hversu auðvelt eða erfitt var fyrir þig að finna gagnleg námskeið til að taka þátt í? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.9.2 *Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?*

Algengast er að þátttakendur telji að námskeiðið/námskeiðin hafi aukið hæfni þeirra að nokkru leyti fyrir vinnumarkaðinn eða í rúmum 49% tilvika. Tæp 7% telja að námskeiðið/námskeiðin hafi ekki aukið hæfni þeirra að neinu leyti. Ekki kom fram munur eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 93. Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?




Mynd 94. Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.9.3 Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa aukið möguleika þína á að fá starf mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?

Flestir telja að námskeiðið/námskeiðin hafi aukið nokkuð (38%) eða lítið (33%) möguleika á að fá starf. Tæplega 18% telja að námskeiðið/námskeiðin hafi ekkert aukið möguleika þeirra á að fá starf. Enginn munur kom fram eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 95. Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa aukið möguleika þína á að fá starf mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?




Mynd 96. Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa aukið möguleika þína á að fá starf mikið, nokkuð, lítið eða ekkert? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.9.4 Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?

Tæplega 73% þátttakenda telja að námskeiðið/námskeiðin hafi haft jákvæð áhrif á líðan sína og um 5% að það/þau hafi haft neikvæð áhrif á líðan. Ekki kom fram munur eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 97. Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?



Mynd 98. Finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.9.5 Að hvaða leyti finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?

Flestir telja að námskeiðið/námskeiðin hafi aukið sjálfstraust þeirra eða 102 þátttakendur og 93 telja að það/þau hafi bætt andlega líðan.




Mynd 99. Að hvaða leyti finnst þér námskeiðið/námskeiðin hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?


10.10 Nýttir þú þér sjálfbóðaliðastörf sem Vinnumálastofnun býður upp á?

Mjög fáir hafa nýtt sér sjálfbóðaliðastörf sem Vinnumálastofnun býður upp á eða aðeins tæp 4% þátttakenda sem hafa nýtt sér einhver vinnumarkaðsúrræði. Ekki kom fram munur eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.

Sökum þess hvað um fá svör er að ræða eru undirspurningar um sjálfbóðaliðastörfin ekki greind eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 100. Nýttir þú þér sjálfbóðaliðastörf sem Vinnumálastofnun býður upp á?



Mynd 101. Nýttir þú þér sjálfbóðaliðastörf sem Vinnumálastofnun býður upp á? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.10.1 Finnst þér sjálfbóðaliðastörfin hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?


Af þeim sem hafa nýtt sér sjálfbóðaliðastörfin þá telur tæp 63% þeirra að þau auki hæfni sína að nokkru leyti.



Mynd 102. Finnst þér sjálfbóðaliðastörfin hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?

10.10.2 Finnst þér sjálfböðaliðastörfín hafa aukið möguleika þína á að fá starf mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?


Af þeim sem hafa nýtt sér sjálfböðaliðastörfín þá telur meira en helmingurinn að þau hafi aukið nokkuð eða mikið möguleika þeirra á að fá starf.



Mynd 103. Finnst þér sjálfböðaliðastörfín hafa aukið möguleika þína á að fá starf mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?

10.10.3 Finnst þér sjálfböðaliðastörfín hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?


Af þeim sem hafa nýtt sér sjálfböðaliðastörfín þá telja lang flestir að þau hafi haft jákvæð áhrif á líðan þeirra eða í rúmum 79% tilvika.



Mynd 104. Finnst þér sjálfböðaliðastörfín hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?

10.10.4 Að hvaða leyti finnst þér sjálfböðaliðastörfín hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?

Af þeim sem hafa nýtt sér sjálfböðaliðastörfín þá telja lang flestir að þau hafi aukið sjálfstraust þeirra sem og bætt andlega líðan.




Mynd 105. Að hvaða leyti finnst þér sjálfböðaliðastörfín hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?


10.11 Fórst þú í atvinnutengda endurhæfingu á vegum Vinnumálastofnunar?

Mjög fáir fóru í atvinnutengda endurhæfingu á vegum Vinnumálastofnunar eða aðeins 1,6% þeirra sem fóru í einhver vinnumarkaðsúrræði á vegum Vinnumálastofnunarinnar. Ekki kom fram munur eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.

Vegna þess hversu fáir hafa fari í þetta úrræði þá verða undirspurningar um atvinnutengda endurhæfingu ekki greindar eftir kyni, aldri eða hjúskaparstöðu.




Mynd 106. Fórst þú í atvinnutengda endurhæfingu á vegum Vinnumálastofnunar?



Mynd 107. Fórst þú í atvinnutengda endurhæfingu á vegum Vinnumálastofnunar? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

10.11.1 Finnst þér atvinnutengd endurhæfing hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?


Af þeim fáu sem svöruðu þessari spurningu voru flestir sem telja að atvinnutengd endurhæfing hafi aukið hæfni þeirra að nokkru leyti.



Mynd 108. Finnst þér atvinnutengd endurhæfing hafa aukið hæfni þína fyrir vinnumarkaðinn að miklu, nokkru, litlu eða engu leyti?

10.11.2 Finnst þér atvinnutengd endurhæfing hafa aukið möguleika þína á að fá starf mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?


Af þeim fáu sem svöruðu þessari spurningu telja flestir að atvinnutengd endurhæfing hafi aukið möguleika þeirra nokkuð á að fá starf.



Mynd 109. Finnst þér atvinnutengd endurhæfing hafa aukið möguleika þína á að fá starf mikið, nokkuð, lítið eða ekkert?

10.11.3 Finnst þér atvinnutengd endurhæfing sem þú nýttir þér hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?


Af þeim fáu sem svöruðu þessari spurningu telja þó flestir að atvinnutengd endurhæfing sem þeir nýttu sér hafi haft jákvæð áhrif á líðan þeirra.



Mynd 110. Finnst þér atvinnutengd endurhæfing sem þú nýttir þér hafa haft jákvæð eða neikvæð áhrif á líðan þína?

10.11.4 Að hvaða leyti finnst þér atvinnutengd endurhæfing hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?


Af þeim fáu sem svöruðu þessari spurningu telja flestir að atvinnutengd endurhæfing hafi aukið sjálfstraustið og bætt andlega líðan.



Mynd 111. Að hvaða leyti finnst þér atvinnutengd endurhæfing hafa haft jákvæð áhrif á líðan þína?


10.12 Eru einhver vinnumarkaðsúrræði sem þér finnst vanta í framboð á úrræðum Vinnumálastofnunar?

Um 28% þátttakenda finnst vanta í framboð á úrræðum Vinnumálastofnunar. Karlar²⁶ telja í meira mæli en konur að það vanti í framboð á úrræðum Vinnumálastofnunar. Þeir sem svöruðu þessari spurningu játandi voru spurðir áfram hvaða úrræði það væri sem þeim fyndist vanta. Svörin eins og þau komu fyrir er að finna í viðauka.



Mynd 112. Eru einhver vinnumarkaðsúrræði sem þér finnst vanta í framboð á úrræðum Vinnumálastofnunar?


²⁶ Tau-c=,08;α=,040



Mynd 113. Eru einhver vinnumarkaðsúrræði sem þér finnst vanta í framboð á úrræðum Vinnumálastofnunar? Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.


11. Ímynd Vinnumálastofnunar

Rétt innan við helmingur þátttakenda telur að ímynd Vinnumálastofnunar út á við sé mjög eða frekar jákvæð. Tæp 30% taka þó ekki afstöðu til spurningarinnar og svara með hvorki jákvæð né neikvæð. Aldur²⁷ hefur áhrif á afstöðu til ímyndar Vinnumálastofnunar þannig að hækkandi aldur þýðir hlutfallslega fleiri sem telja ímyndina vera jákvæða fram að 45 ára aldri en þá eykst hlutfallið sem tekur ekki afstöðu til spurningarinnar.



Mynd 114. Ímynd Vinnumálastofnunar út á við.

²⁷ Tau-c=-,07;α=,032



Mynd 115. Ímynd Vinnumálastofnunar út á við. Greint eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu.

12. Hvernig getur Vinnumálastofnun að þínu mati bætt sína þjónustu gagnvart atvinnuleitendum?

Það komu fram margar ábendingar frá 283 þátttakendum um hvernig Vinnumálastofnun getur að þeirra mati bætt þjónustu sína gagnvart atvinnuleitendum. Gagnrýnin var bæði jákvæð og neikvæð en svörin eins og þau komu fyrir frá þátttakendum er að finna í viðauka.

13. Lokaorð

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum viðhorfskönnunar um þjónustu og gæði vinnumarkaðsúrræða Vinnumálastofnunar. Tekið var 1200 manna úrtak meðal allra sem voru á atvinnuleysisskrá í meira en þrjá mánuði á tímabilinu nóvember 2010 til október 2011. Undanskildir voru þeir sem komu aftur inn á skrá og þeir sem hafa erlendan ríkisborgararétt. Svarhlutfallið var 63%. Svörin voru greind eftir kyni, aldri og hjúskaparstöðu og gerð marktektarpróf. Svör við opnum spurningum er að finna í viðauka.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að helsta ástæða fyrir því að viðkomandi er ekki lengur á atvinnuleysisskrá í dag er vegna þess að hann hefur fengið vinnu, aðallega að eigin frumkvæði. Sumir fóru í nám, aðallega háskólanám og stefna á vinnumarkaðinn að því loknu. Mjög fáir hafa notið fjárhagslegrar aðstoðar sveitarfélags en sumir þeirra þiggja þó enn aðstoð þar. Almennt séð telja flestir að þjónusta Vinnumálastofnunar sé frekar góð eða eru hlutlausir gagnvart spurningunni. Þátttakendur eru ánægðastir með reglubundna staðfestingu atvinnuleitar á vefnum en síst ánægðir með upplýsingagjöf bæði frá starfsfólki og í bæklingum. Innan við helmingur þátttakenda hefur nýtt sér ráðgjafþjónustu Vinnumálastofnunar en þeir sem það hafa gert eru flestir frekar ánægðir með hana þó þeir telji almennt að hún nýtist þeim hvorki vel né illa. Sama er að segja um vinnumiðlun Vinnumálastofnunar en þó telja flestir að þeir séu hvorki ánægðir né óánægðir með hana. Það sem helst kom þátttakendum að notum eru upplýsingar um laus störf á heimasíðunni. Rétt rúmlega helmingur þátttakenda hefur farið í einhver vinnumarkaðsúrræði. Algengast er að þátttakendur hafi farið í átaksverkefni og almennt séð hafa vinnumarkaðsúrræðin nýst þátttakendum að einhverju leyti og telja að þau auki hæfni þeirra. Vinnumarkaðsúrræðin virðast almennt hafa aukið sjálfstraust þátttakenda og bætt andlega líðan þeirra. Ýmislegt er þó hægt að bæta varðandi vinnumarkaðsúrræðin eins og fram kom í svörum þátttakenda. Almennt séð er ímynd Vinnumálastofnunar jákvæð en þó er margt sem Vinnumálastofnun getur gert til þess að bæta þjónustu sína gagnvart atvinnuleitendum.

14. Viðauki

14.1 Hvers vegna nýttir þú þér ekki vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofnunar?

Svörin eins og þau komu frá þátttakendum í tilvinnunarkenndri röð.

- Af því að ég var að sækja um atvinnu allan tímann og ætlaði mér að fá vinnu.
- Af því að ég var að vinna að eigin verkefni m.a. með styrk frá VMST.
- Af því að ég var alltaf að fá vinnu en það dróst aðeins.
- Af því að það er algjört bull að vera senda mann í einhver svona námskeið, fólk sem er með Mastersgráðu í hinum og þessum atvinnustéttum fær frekar forgang með atvinnu frekar en einhver sem er búin með námskeið í t.d. forritun eða kvikmyndagerð frá vinnumálastofnun - þetta er bæði peningasóun og tímasóun.
- Almenn leti.
- Ákvað að fara frekar bara í skóla.
- Átti ekki möguleika á að nýta mér slíkt vegna skilyrða sem sett voru.
- Átti ekki við mig. Var stutt á skrá og fékk fljótlega vinnu en gat ekki byrjað strax í henni (þurfti að bíða eftir atvinnuleyfi og fleira).
- Bað um viðtal við ráðgjafa til að yfirfara ferilskrána mína sem ég mætti með tilbúna. Fékk ekki viðtal. Allt viðmót og þjónusta afgreiðslufólks var afleitt og fráhrindandi. Mætti á einn kynningarfund sem var skylda að mæta á. Hann var ágætur en engar nýjar upplýsingar þar fyrir þá sem lesa upplýsingar á vef stofnunarinnar.
- Ekki við hæfi
- Ég fékk vinnu fljótlega.
- Ég var svo stutt a atvinnuleysisskra adur en ég flutti erlendis.
- Ég þurfti þess ekki.
- Ekkert í boði fyrir en í lok ársins 2010. Fékk tilboð en fékk vinnu um leið og varð því ekki af námskeiði.
- Ekkert sem hentaði og svo ef það hentaði að þá passaði ekki tíminn sem var í boði þar sem að ég var ekki að leyta eftir fullu starfi.
- Ekkert starf í boði sem hentaði mentun minnar.
- Ekki fyrir mig.
- Engin þörf.
- Er ekki alveg að skilja hvað vinnumarkaðsúrræði er.
- Er í skóla og það er vinna mín í dag.
- Er í vinnu.
- Er lærð sjúkraliði,leitaði á hjúkrunarheimilin og fékk fljótlega vinnu.
- Er með sjálfstæðan rekstur.
- Er tímabundið atvinnlaus.
- Ég ákvað að nýta tímann minn til að auka færni mína, þ.e. fór í nám fyrir viðurkennda bókara og beið svo róleg þar til betur viðraði á mínum vinnustað, þ.e. að vinnuhlutfall mitt var aukið aftur úr 50 - 90%.

- Ég er heyrnarlaus og Vinnumálastofnun er ekki mikið þjónusta fyrir heyrnarlausra.
- Ég er í ákveðinni atvinnugrein og hef hugsað mér að starfa við hana áfram, það er ástæðan fyrir því að ég er ekki á atvinnuleysissskrá að ég tel mig ekki vera í raunverulegri atvinnuleit, þ.e taka hvaða starf sem er. Hefði átt að vera á skrá síðustu 3 mánuði.
- Ég fékk ekki tækifæri á því.
- Ég fékk ekki upplýsingar um það. Ef ég sótti um starf á vefnum hjá VMST þá var sjaldan haft samband til baka- hvort sem starfið var af vefnum eða hjá VMST sjálfri. Ég skráði ekki að ég hefði nýtt mér ráðgjafa en var atvinnulaus eftir að ég kom úr námi og ræddi við ráðgjafa sem sagði mér bara að tala við sveitarfélagið mitt þar þyrfti ég að fá úrlausn minna mála- sem ég gerði að sjálfsögðu ekki - og öll mín fjárhagslegu vandamál hafa farið beint á fjölskyldu mína þ.e. forelda og systkini. Ef fólk er ekki með sterkt bakland þá er ekki mikið í boði annað en fátækt og gjaldþrot þannig var það í mínu tilfalli.
- Ég fékk vinnu.
- Ég fékk vinnu á eigin vegum.
- Ég fékk vinnu áður en námskeiðið byrjaði.
- Ég flutti út.
- Ég fór á einn skyldu fund þeirra sem eru að fara á atvinnuleysisbætur áður en ég ráðin í átaksverkefni á vegum vinnumálastofnunar. Ég er viss um að ef ég hefði verið lengi atvinnulaus hefði ég nýtt mér eitthvað af því sem í boði er.
- Ég fór á eitt stutt námskeið í gerð ferilsskrár. Annað var mér ekki boðið upp á. Það var búið að boða mig á vinnuvélanámskeið en þá fékk ég vinnu og fór því ekki á það.
- Ég fór í endurhæfingu, Grettistak.
- Ég fór í svona námskeið en það skaraðist allt við vinnu mína svo ég hætti í því. var að vinna 50% fyrir hádegi og öll námskeið voru fyrir hádegi svo ég gat ekki nýtt mér það sem var í boði.
- Ég hef alltaf unnið fyrir mér og mér fannst niðurlægjandi að þurfa að þiggja þetta. ég vill fá alvöru vinnu og sjá fyrir mínum.
- Ég hef verið með vinnu í mínu fagi sem ég hef gengið í og þurft svo að vera á atvinnul.bótum inná milli þar sem vinnan er árstíðabundin.
- Ég hef verið svo stutt á skrá sem atvinnuleitandi.
- Ég hélt 75% starfshlutfalli í vinnunni.
- Ég leitaði að vinnu á öðrum miðlum.
- Ég nýtti mér möguleika á að stofna sjálfstæða starfsemi sem síðan nýttist mér við að fá fasta vinnu á mínu fagsviði. (Þróun eigin viðskiptahugmynda (eigið frumkvöðlastarf).
- Ég nýtti mér styrkinn - en úrræðin ykkar eru ekki sérstaklega hentug eða viðeigandi fyrir sérfræðimenntaða. Stöður sálfræðinga eru sérstaklega og aðallega auglýstar af Sálfræðingafélagi Íslands. Það var einfaldlega svo að á þeim tíma, seinni parts 2010, var nánast ekkert að fá fyrir sálfræðinga nema í barnageiranum, eitthvað sem var þá ekki tilbúinn til þess að starfa við, þótt svo hefði farið og ég uni mér þar vel í dag.
- Ég reyndi að nýta mér rétt til þess að sækja námskeið, en það tók of langan tíma og ég var kominn með vinnu áður en ég fékk að heyra frá þeim, það leið reyndar töluvert lengri tími en mér var sagt.
- Ég sá ekki neitt sem hentaði mér. Mér skilst að heldur hafi bætst við úrræðin.
- Ég skil ekki orðir vinnumarkaðsúrræði.

- Ég sótti um atvinnur en fékk engin svör, var á 50% bótum og var í vinnu á móti. Fékk ekki vinnu heima og fór erlendis. Ætlaði á námskeið en skildist þá að ég hefði ekki rétt á því. Fólk var almennilegt hjá Vinnumálastofnun en mér fannst lítið um svör eða leiðbeiningar.
- Ég starfa sjálfstætt, og tel að starfsemin sé skammtíma stopp. Gefur þá þeim sem hafa verið lengur atvinnulausir og eru yngri frekar tækifæri á að fá vinnu.
- Ég taldi mig ekki þurfa á þeim að halda. Sótti um vinnu í gegnum auglýsingar sem voru í blöðunum og höfðuðu til mín.
- Ég tel mig hafa þekkingu á öllu sem boðið er uppá og að ég geti fundið vinnu sjálfur.
- Ég tók meira prófið meðan ég var á bótum, en fékk ekki þær upplýsingar um að vinnumálastofnun væri reiðubúinn að koma til móts við mig í að borga hluta af meiraprófinu. Ég vann sjálfboðavinnu hjá kaffi Rót í hafnarstræti, fékk það ekki í gegnum vinnumálastofnun.
- Ég uppfylli ekki skilyrði.
- Ég var alltaf með vinna frá apríl og út október og vonaðist til þess að þetta tímabil yrði allt árið - sem gekk svo eftir. Sá ekki alveg hvernig vinnumarkaðsúrræðin hentuðu mér - þau voru ekki komin svona mikið í gang held ég þegar ég var atvinnulaus. Ég tók eftir að það var mikið af "nýjungum" eftir að ég var komin í fast starf. Sótti námskeið sem boðið var upp á hjá Vinnumálastofnun og var mjög ánægð með þau.
- Ég var atvinnulaus í stuttan tíma yfir sumartímann og það voru engin vinnumarkaðsúrræði í boði yfir þann tíma.
- Ég var atvinnulaus yfir sumar og þá voru engin námskeið í gangi.
- Ég var á 50 % atvinnuleysisbótum. og eina sem með var boðið var á tölvunámskeið.
- Ég var bara á atvinnuleysiskrá í nokkrar vikur eftir að ég missti vinuna. Ákvað fljótlega að skynsamlegast væri að klára BSc gráðu mína og fór því í skólann.
- Ég var bara á bótum í þrjá mánuði.
- Ég var bara rúmlega mánuð atvinnulaus.
- Ég var boðuð á ungt fólk til athafna og það var sagt að það yrði haft samband. Ég heyrði aldrei tíst í þeim. Ekki neitt. Stórkostlega glatað.
- Ég var búin að vera atvinnulaus í rúmt ár þegar mér var loksins boðið þetta. Og fékk svo vinnu á leikskóla nokkrum dögum eftir að ég hafði verið á kynningarnámskeiðinu.
- Ég var ekki það lengi á skrá.
- Ég var ekki það lengi á skrá hjá ykkur í hvert skipti að það reyndi á það, Nýtti tímann að leyta fyrir mér á annan hátt. Var á skrá hjá ráðningaskrifstofum og sótti um auglýstar stöður.
- Ég var ennþá í 50% starfi og skoðaði störf í mínu fagi á netinu sem voru auglýst, sótti um þar þau 100% störf sem í boði voru.
- Ég var frekar stutt á atvinnuleysisbótum og mörg störf sem auglýst voru þar á þeim tíma voru mjög illa launuð.
- Ég var í 50% vinnu og er fæddur 1946. Samt fylgdist ég mjög vel með starfsauglýsingum ykkar og sótti um en fékk engin viðbrögð!!
- Ég var með lítið barn heima og það voru svo fá úrræði sem hentuðu mér, hefði viljað hafa einhver úrræði sem hægt væri að gera á kvöldin, t.d kvöldskóli.
- Ég var mjög stuttan tíma skráð hjá vinnumálastofnun. Fékk vinnu mjög fljótt.
- Ég var svo stutan tíma á atvinnuleysisbótum og þá bara á. 30% bótum.
- Ég var svo stutt á atvinnuleysissskrá.

- Ég var það stutt í atvinnuleit.
- Ég vissi nákvæmlega hvað ég vildi og var sjálf með alla þræði, alla kontakta og það sem til þurfti, það tók einfaldlega tíma og batteríin sem ég er að vinna fyrir hafa lítið fé. Ég vinn í menningargeiranum og þar gilda önnur lögmál en í mörgum öðrum atvinnugreinum og úrræði og umgjörðin sem Vinnumálastofnun fellur alls ekki að slíkri starfsemi. Sem dæmi má þar nefna að hlutastörf og tímabundnar ráðningar eru algengar, þar er nánast nauðsynlegt að gefa vinnu til að fá vinnu. Úrræðin eru mörg eflaust ágæt en það skortir að einstaklingurinn fái að gera hluti á sínum forsendum - allt er á forsendum kerfisins sem grefur undan sjálfsábyrgð.
- Ég þurfti bara ekki á því að halda. En hinsvegar nýtti ég mér námskeiðin sem voru í boði eins og t.d. Stúdíó list-námskeiðið í leiklist. Það var alveg geðveikt gaman - gott framtak!
- Ég þurfti þess ekki.
- Fann ekkert sem hentaði mér.
- Fann ekki neitt sem hentaði.
- Fannst ekki neitt í boði sem hentaði mér.
- Fannst ekki þörf á því á þeim tíma.
- Fannst ég ekki finna neitt sem gæti nýst mér, var atvinnulaus í skamman tíma og hafði trú á að ég fengi vinnu. Var aktív í atvinnuleit sjálf, vinnumiðlun Vinnumálastofnunar fannst mér afar vanmáttug.
- Fannst það ekki hæfa mér.
- Fannst þjónustan beinast að ófaglærðum meira en að vera almenn, óháð menntun einstaklinga.
- Fékk hluta vinnu.
- Fékk rangar uppl. um námskeið sem ég átti að mæta á.
- Fékk strax vinnu.
- Fékk vinnu.
- Fékk vinnu á endanum.
- Fékk vinnu áður en til þess kom.
- Fékk vinnu áður en til þess kom.
- Fékk vinnu áður en það kom til.
- Fékk vinnu fljótlega.
- Fékk vinnu fljótlega og fór svo beint nám. Þurfti ekki á úrræðunum að halda en ætlaði mér að fara á námskeið, mörg sem mér leist vel á.
- Fékk vinnu frekar fljótt og gafst ekki tími til að sækja þessi námskeið svo finnst mér erfitt að mæta á svona fjöldasamkomu atvinnulausra og ég er einn af þeim (þessum atvinnulausu).
- Fékk vinnu í gegnum starfsorku mjög fljótlega eftir að ég var skráð á atvinnuleysis skrá.
- Fór ekki á námskeið en hitti ráðgjafa og fór í hlutanám við HÍ samhliða.
- Gat farið annað slagið í tímabundið hlutastarf þar til ég fékk fullt starf.
- Hafði ekki áhuga á því að fólk vissi að ég væri á Atvinnuleysisbótum.
- Hafði ekki trú á þeim.
- Hafði ekki þörf.

- Hef farið á námskeið.
- Hefði e.t.v. nýtt mér námsstyrk en var ekki nógu lengi á atvinnuleysissskrá til að eiga rétt á að geta nýtt mér það úrræði.
- Heimskuleg úrræði þegar maður er kominn á háskólastig er ekki beint þörf á því að fara á lyftaranámskeið!
- Hentaði ekki.
- Hentaði ekki mínu námi.
- Hentaði mér ekki m.v. menntun mína og reynslu.
- Hentaði mér ekki.
- Hæfði mér ekki.
- Kom ekki til þess.
- Kom ekki til þess, var frekar stutt á skrá.
- Kynnti mér það illa og var að vinna í því sjálfur að finna mér vinnu.
- Leitað eftir því að komast á námskeið en það var ekkert í boði fyrir mig allt farið í sumarfrí.
- Lenti í tímabundinni uppsögn (árstíðabundinni uppsögn).
- Lélegar leiðbeiningar.
- Mér fannst ekkert af úrræðunum henta mér.
- Mér fannst ég ekki hafa tíma fannst alltaf eins og ég væri að fara detta á vinnu.
- Mér gekk það vél að fá viðtöl fór í mjög mörg þanni þetta kom á endanum hafði alltaf trú á því en annars hefði ég nýtt mér þá hjálp ef ekkert hefði verið að ganga.
- Mér var ekkert boðið upp á neitt.
- Mér var ekki boðið (fékk litlar upplýsingar)
- Mér var ekki boðið upp á það.
- Passaði ekki fyrir mig.
- Passaði ekki við mitt starfssvið.
- Störf sem hentuðu ekki - laun frekar döpur, stoppaði stutt við.
- Svo kölluð vinnumarkaðsúrræði voru ekki mikið kynnt fyrir mig, var aðeins nefnd á fundi sem ég sat hjá vinnumiðlun.
- Treysti betur á eigið frumkvæði, úræði vs. stöðluð og ekki persónutengd
- Þurfti ekki á því að halda!
- Upplýsingaflæðið lélegt og endalaus bið eftir að fá sambandi við manneskju til að tala við er ekki hvetjandi.
- Var að fara að byrja á námskeiði þegar ég fékk vinnu.
- Var að fara að nýta mér námskeið en fékk, vinnu á sama tíma og það átti að byrja.
- Var að leita að vinnu.
- Var atvinnulaus í stuttan tíma og á meðan alltaf að leita eftir starfi við kennslu.
- Var atvinnulaus í tæpa 6 mánuði áður en ég fór í fæðingarorlof. Það kom aldrei til þess á þeim tíma.

- Var bara í rétt rúma 3 mánuði á atvinnuleysisbótum og var ekki boðið nein námskeið eða neitt slíkt enda stuttur tíma þannig séð.
- Var bundin heima við.
- Var búin að ákveða að ég ætlaði að flytja erlendis. Kláraði grunn háskólanám á Íslandi og ætlaði út í áframhaldandi nám sem byrjaði ekki alveg strax. Þurfti því að fá atvinnuleysisbætur í rúma þrjá mánuði til að brúa bilið.
- Var búinn að skrá mig á námskeið en þá fékk ég vinnu svo ég fór aldrei
- Var búinn að skrá mig í vinnumarkaðsúrræði, ætlaði í vinnuvélapróf, en fékk þá vinnu og hún tók allan minn tíma, svo þetta býður því bara betri tíma.
- Var einungis boðaður á einn fund. Gekk mjög illa að afla allra nauðsynlegra gagna vegna þess að ekki var sagt hvað þyrfti að koma með, auk þess sendur bæinn á enda eftir gögnum sen ráðgjafi VS hefði auðveldlega getað prentað út á staðnum :(Markmið VS virtist oft vera að fá mig til að hætta við umsókn í stað þess að leiðbeina og greiða úr málum með mér.
- Var ekkert fyrir mína starfsgrein.
- Var ekkert í boði fyrir mig og eða mína menntun
- Var ekkert í boði fyrir mig þegar ég var á bótum.
- Var ekkert sem hentaði mér sérstaklega.
- Var ekki ásæða. Þurfti þess ekki.
- Var ekki boðið það.
- Var ekki í boði.
- Var ekki nema 3 mánuði á skrá hjá ykkur.
- Var ekki svo lengi á bótum að ég náði að nýta mér eitthvað af vinnumarkaðsúrræðunum.
- Var ekki tilkynnt um þau, var svo stutt á bótum.
- Var heima með lítið barn sem fékk ekki pláss hjá dagforeldri.
- Var í hlutastarfi og einstaed modir og gat ekki tekid meiri vinnu.
- Var í 50% vinnu og þurfti að sinna henni (jafnvel umfram það)
- Var í 70% vinnu og sá ekki framá að það entist lengi.
- Var í hálfu starfi og á hálfum atvinnuleysisbótum. Fékk svo fullt starf.
- Var í hlutaatvinnuleysi.
- Var í hlutastarfi.
- Var í hlutastarfi með atvinnuleysisbótunum, var aðeins á bótum í nokkra mánuði (þrjá eða fjóra held ég) og var ólétt á meðan.
- Var í hlutastarfi, og hluta á bótum. Hafði aldrei möguleika að sækja um vinnur eða vera skráður sem atvinnuleitandi eftir 100% vinnu þar sem ég var skráður í hlutastarfi. Þó vissi vinnuveitandi minn og hafði fullann skilning á að ef ég fengi boð um 100% starf, þá myndi ég hætta í hlutastarfinu.
- Var í hlutastarfi.
- Var í skertu vinnuhlutfalli.
- Var í stuttan tíma atvinnulaus.
- Var í stuttan tíma.

- Var í tilfallandi vinnu á meðan ég var atvinnulaus og sú vinna gekk fyrir námskeiðum - þannig að ég komst aldrei þegar námskeiðin voru boðin vegna árekstra við þessa vinnu - gert með samþykki vinnumálastofnunar.
- Var komin með vinnu um það leyti sem ég átti að fara á fyrsta námskeiðið.
- Var launalaus vegna niverkefnisskort hjá útgerðini sem ég vinn hjá og var að býða eftir að við færum á sjóin var ekki alveg vitað hversu langt stoppið yrði þessvegna leitaði ég til vinnumálastofnum er mjög þakklátur fyrir frábærar mótökur og allar þær upplýsingar sem ég fékk hjá stofnunini.
- Var með vinnu.
- Var mjög stuttann tíma á bótunum fyrir 1/2 vinnu. Var allann tímann í hálfri vinnu.
- Var sagt að sleppa því þar sem að ég var ófrísk.
- Var skráður í eitt slíkt en ég fór af skrá vinnumálastofnunnar áður en að það tókst að koma mér að.
- Var stutt atvinnulaus og fannst þessi úrræði ekki eitthvað sem ég var að leita að.
- Var stutt atvinnulaus. Ætlaði að notfæra mér tölvunámskeið, en varð of seinn.
- Var stutt á atvinnuleysisbótum.
- Var stutt á atvinnuleysisbótum, hef bara verið á atvinnuleysisbótum í 2 mánuði.
- Var stutt á atvinnuleysisbótum. Hefði mjög líklega gert það ef ég hefði verið lengur atvinnulaus.
- Var stutt á skrá í hvert sinn og var að hætta núna aftur eftir 2 mánaða veru hjá þeim. Var að byrja í vinnu sem ég fékk í gegnum ættingja.
- Var svo Heppin eða Óheppinn að ég datt inn í tímabundna vinnu á sama tíma, og þegar ég skráði mig aftur þá lennti ég aftalega í röðinni þannig að ég náði aldrei að nýta mér námskeiðin sem voru í boði, ekki gott.
- Var svo stutt á atvinnuleysissskrá.
- Var svo stutt á skrá en var búin að sækja um námskeið.
- Var svo stuttan tíma á skrá að ég var ekki farin að nýta mér það.
- Vegna persónulegrar aðstæðna.
- Vegna þess að þau finna ekki rétta vinnu sem hentar mér.
- Vegna þess að ég er í 20% starfi og er nýkomin úr fæðingarorlofi.
- Vegna þess að ég fann mér strax vinnu sjálf.
- Vegna veikinda.
- Vegna þess að ég fékk vinnu.
- Vegna þess að ég fór í nám í tækniskóla og nýsköpunarsjóður(Impra). Þetta handa mér betri að fá vinnu í hönnun og arkitektúr.
- Vegna þess að ég var allan tíman í viðtölum við aðrar ráðningarstofur eða að viðtalsferli í fyrirtækjum.
- Vegna þess að ég var í 75% starfi vegna skerðingar eftir hrún, en er komin í 100 % nú.
- Vegna þess að mér fannst óþægilegt að láta sjá mig sem atvinnulausan einstakling.
- Vegna þess að prógrammið féll niður yfir sumarið en svo fékk ég vinnu upp á eigin spýtur svo ég vellti því ekki lengur fyrir mér.

- Vegna þess að það var frekar lítið til þess að nýta sér. Það var einfaldlega auðveldara að leita sér að vinnu sjálfur.
- Venga þess ég var að vinna 50% með bótonum og það ver ekkert á þeim tíma sem ég gat farið.
- Viðmótið var ekki þannig að mig langaði til þess að eyða einhverjum tíma hjá VMS.
- Vissi bara hreinlega ekki af þeim.
- Vissi ekki af þeim.
- Vissi ekki af því var upptekinn við að reyna koma í gang eigin rekstur.
- Voru engin námskeið á þeim tíma sem ég var á bótum, flest að klárast og sumarfrí í vændum
- Það gleymdist að boða mig og ég fékk ekki boð um nein vinnumarkaðsúrræði.
- Það stóð ekki í boði.
- Það var ekkert í boði á þeim tíma sem ég var á skrá, hefði annars nýtt mér það mjög vel.
- Það var ekkert spennandi í boði á tímabili sem ég var atvinnulaus.
- Þar sem að ég var í 70% starfi fannst mér ég ekki þurfa þess.
- Þau hentuðu mér ekki.
- Þau höfðu ekki til mín.
- Þau námskeið sem boðið var upp á voru annað hvort hálfnuð og einhver bíð í að næstu námskeið myndi byrja en svo fékk ég vinnu og þess vegna fór ég ekki heldur á námskeiðinn.
- Þau snéru ekki að þeim bakgrunni sem ég hafði menntað mig í og starfað í síðasta áratuginn.
- Þau stóðu ekki til boða í mínu tilfalli. Sjálf sótti ég um í Nýttu kraftinn sem var borgað af Verkalýðsfélaginu mínu. En ég hef ekki þegið atvinnuleysisbætur frá því í byrjun sl sumars, þar sem ég fékk starf sem ég útvegaði mér sjálf og hef verið í lausum verkefnum síðan til þess að eiga ofan í mig og á. Ef haft 76. þúsund - 124 þúsund krónur á mánuði í tekjur. Það er betra að reyna að afla einhvers sjálfur en að þiggja atvinnuleysisbætur. Það eru víst nægir sem þurfa þess. Það er þó ekki loku fyrir það skotið að ég þurfi að nýta mér það úrræði þegar fram líða stundir.
- Þau úrræði sem voru í boði voru byrjuð eða að klárast þegar ég var á bótum og byrjuðu ekki aftru fyrir en eftir sumarfrí. Það var eitthvað sem ég hafði áhuga á en stóð ekki til boða á þessum tíma. Ég sótti sjálf um sumarvinnu og fékk hana, þangað til ég byrjaði í skólanum.
- Þegar ég fékk þá meldingu var ég búin að fá að vita að ég fengi vinnu frá 1maí. En ég fór í Laugardalshöll og skráði mig hjá vinnumiðlun.
- Þegar ég varð atvinnulaus 1. júní var ég búin að sækja um ca 20 störf af þeim sem áætluð voru fyrir atvinnulausa um sumarið og fór í viðtöl vegna nokkurra en svo kom á daginn að af því að ég var ekki atvinnulaus 8. maí þegar umsóknirnar voru sendar fékk ég enga vinnu. sem var mjög slæmt því ég heyrði allavega af einu starfi þar sem menn hefðu mjög gjarnan viljað ráða mig en fengu ekki en fyrir vikið var ég atvinnulaus allt sumarið.
- Þeir buðu ekki uppá neitt.
- Þetta eru engin úrræði, hafði áhuga að komast til noregs á sjó en fékk litla aðstoð við það.
- Þurfti ekk á því að halda fékk vinnu.
- Þurfti ekki á að halda.
- Þurfti ekki á því að halda.
- Þurfti ekki á því að halda.

- Þurfti þess ekki með. Stoppaði stutt á atvinnuleysisskrá.
- Þurfti þess ekki.
- Þurfti þess ekki.
- Þurfti þess ekki, þar sem ég fékk fljótt vinnu.
- Því að því að það var aldrei haft samband með námskeiðinn.
- Því ég er í meðferð og nenni því ekki.
- Því ég fékk hlutastarf innan þriggja mánaða og svo fullt starf. Ég þurfti því ekki að nýta mér þessi úrræði.
- Því ég fékk vinnu áður en ég hafði fengið nokkuð svar. Þessi könnun er mjög gölluð. Ég er verktaki og vinn verkefni og verkefni í einu, það er enginn valmöguleiki á því. Ég fékk neitun um atvinnuleysisbætur þar sem ég sagði sjálf upp starfi, en sá vinnustaður var með mig í þrælavinnu og braut á hinum ýmsu vinnustaðareglum. Vinnumálastofnun var mjög óhjálp söm í öllum mínum málum, ég get þakkað félagsþjónustunni fyrir að hafa reddað mér fyrir horn. Ég hef verið atvinnulaus í lengri tíma eftir þetta atvik og mér dettur ekki til hugar að nýta mér "þjónustu" Vinnumálastofnunar aftur.
- Því ég fékk vinnu áður en mér var boðið það.
- Því ég hafði eingan áhuga á vinnumálastofnun og þeirri lélegu þjónustu sem þeir höfðu að bjóða.
- Því ég var sjálf/ur að leita mér að vinnu.
- Því miður þá er þetta kerfi ekkert rosalega frábært!!! Hvert tilfelli, hver einstaklingur, hver ástæða er mjög einstaklingsbundin! Úrræði og bætur þurfa því að vera mjög einstaklingsbundnar. Ég fékk vægast sagt hræðilega þjónustu á meðan ég þurfti að leyta mér aðstoðar í þennan 1 og hálfu mánuð á minni lífsleið! Ég er vel menntaður vinnuþjarkur og er í dag í toppstarfi (þökk sé mér sjálfri). Ég fann fyrir miklum hroka frá starfsfólki og ég var heila eilífð að fá samþykka umsókn og "týndist" í einar 3 vikur án svara...enginn vissi neitt. Þar sem að laun eru það sem maður verður að stóla á og ég ein með barn, engin önnur fyrirvinna, þá var þetta hræðilegur tími! Margt má bæta og plís gerið þetta mannlegra og minna tölvuvænt og alls ekki setja fólk undir sama hátt, starfsreglur my ass, verið mannleg!!
- Því það var ekkert í boði fyrir mig. Reindi mikið að fynna námskeið í suðu (með hjálp starfsmans) en fannst ekki. Helsta ástæða þess að ég var atvinnulaus var sú að ég féll á suðupartinum í sveinsprófi í Vélvirkjun og hafði því ekki sveinspróf og þar með mjög takmörkuð vélstjórnarréttindi. Hefði ég fengið þetta námskeið þá hefði það hjálpað mér til að ná sveinsprófi og kannski komist fyrr á atvinnumarkaðinn. Það var ekki fyrr en ég talaði við stéttafélagið mitt (VM) að ég fékk námskeið og náði svo sveinsprófinu í framhaldinu og er kominn í gott starf á sjó sem yfirvélstjóri.
- Ætlaði á námskeið en komst ekki þegar það var og var svo komin með vinnu þegar ég ætlaði að reyna aftur 1. Einfaldað skráningarferli og gert það samkeyranlegt þannig að viðkomandi þurfi ekki að eyða miklum tíma í söfnun upplýsinga. 2. Koma skýrt á framfæri að viðkomandi getur valið um að greiða í stéttarfélag og haldið sínum rétti þar. Slíkt myndi létta róðurinn hjá mörgum sem gætu þurft að greiða fyrir vöru og þjónustu sem stéttafélög greiða niður. 3. Bjóða atvinnuleitendum að fá viðtal hjá sérfræðingi sem myndi fara nákvæmar í stöðu einstaklings, sbr. nám, reynslu af vinnumarkaði, núverandi staða og fl. Hægt væri að bjóða upp á nákvæmara form til útfyllingar á vefsvæði hvers og eins sem yrði fyllt út eftir viðtal/viðtöl. Með því að skoða nánar stöðu og möguleika einstaklinga þá yrði mögulegt að bjóða upp á einstaklingsmiðaðar lausnir sem væru mun líklegri til árangurs en að bjóða upp á þakka lausnir með úrræðum. 4. Halda skyldunámskeið þar sem útbúin er ferilskrá og fólk kennt að bera sig rétt að í atvinnuleit. 5. Send áminningu um skráningu um virka atvinnuleit með sms skeyti og email, svo minni líkur séu á að fólk lendi í erfiðleikum vegna mistaka í skráningu.

14.2 Hvaða vinnumarkaðsúrræði finnst þér vanta?

Svörin eins og þau komu frá þátttakendum í tilvilnunarkenndri röð.

- Að fara og vinna eitthvað verklegt.
- Að finna vinnu. Kerfið er undarlegt og virðist vera sniðið að fólki sem er vant því.
- Að fólk þurfi að skila einhverjum unnum tímum í verkefnum að eigin vali til þess að halda bótarétti sínum ("sjálfboðastarf" -t.d. lesa fyrir gamla fólk, leika við börn á leikskólum, aðstoða í skólum eða á öðrum vettvangi þar sem oft vantar fólk og ekki er til fjármagn til að ráða fleira fólk).
- Að sama gildi um alla. Þeir sem hafa lokið einhverju námi geta ekki fengið bætur við frekara nám til dæmis.
- Að tengja atvinnurekendur við atvinnuleitendur.
- Að vel menntað fólk þurfi ekki að fara á námskeið sem eru hreinlega niðurlægjandi.
- Að þegar viðkomandi kemur til vinnumálastofnunar, kanna hvort viðkomandi hafi hæfni og getu til að starfa við það sem hún býður upp á og einnig ef viðkomandi hefur verið lengi án atvinnu veita honum stuðning í nýju starfi.
- Aðstoð við að fá vinnu á Norðurlöndum.
- Aðstoð við að koma hugmyndum einyrkja í framkvæmd.
- Aðstoð við eigið frumkvöðlastarf. Teppinu er kippt undan manni þegar reksturinn er að komast í gang. Ég missti bætur við að ná að koma fyrirtæki í gang og rekstri í kringum það. Hinsvegar er launakostnaður talsverður og gat því ekki greitt sjálfum mér laun. Í stað þess að geta verið á skertum bótum eða einhverju álíka missir maður bótarétt. Það þýðir lítið að segjast styðja frumkvöðlastarf og kippa teppinu svo undan þeim sem eru í slíku starfi þegar frumkvöðlastarfið er við það að komast áfram.
- Afgreiðslan og starfsfólkið hjá Vinnumálastofnun var alltaf elskulegt og hjálplegt og til fyrirmyndar. Það vantar úrræði sem eru einstaklingsmiðuð. Úrræði sem rækta einstaklinginn á hans forsendum. Ég sótti t.d. um í verkefnið sem er í samstarfi við nmi og fékk e-mail með höfnun á forsendum þess að verkefnið yrði ekki sjálfbært innan 12 mánaða. Samstarfsverkefni Vm.st. og nmi gengur út á frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun en skv. fyrilestri hjá nmi á dögunum kemst ég að því að gríðarlega mikið er um ófagleg vinnubrögð þar. T.d. við mat umsókna þar sem fólk með þekkingu á viðkomandi fagi kemur ekki að matsstörfum. Slíkt er óásættanlegt og mjög ófaglegt og að mörgu leiti illa farið með þá 2 milljarða sem Nýsköpunarmiðstöð fær árlega. Kerfi vmst er að sumu leiti letjandi og byggir á iðnaðarhugsun - massaúrlausnum sbr. sýninguna í Laugardalshöll. Margt ólíkt fólk sækir þjónustu Vinnumálastofnunar og af ólíkum ástæðum, og það er vissulega ekki til framtíðarúrlausnar nema í flóknari tilfellum - en ætti ekki að vera til að skammast sín fyrir heldur, og stemningin er í þá áttina, sbr. hópfundur með ungum krökkum með svitalykt og táfýlu sem mér fannst niðurlægjandi. Eins og áður sagði þá vissi ég hvað ég vildi og hvað þurfti til, er ein með tvö börn á framfæri og lenti í neyð þarna á tímabili en skráði mig svo af skránni þegar horfurnar bötnuðu og ég fékk tímabundið hlutastarf, neyðin var enn talsverð en kerfið passaði ekki utanum mig - þjónaði mér ekki miðað við að vera að reyna að koma mér áfram og e.t.v. sætta mig við mikla vinnu fyrir lítinn pening. Það hefði verið hvetjandi að fá stuðning í því, t.d. með möguleikum á bótum í hlutfalli - eða t.d. miðað við tekjur tímabundið. En flækjurnar og fundirnir gera það að verkum að ég og eflaust margir finnum hvernig það dregur úr manni frekar en hvetur, og þá er betra að borða naglasúpu og burtflogin hænsni og halda áfram að fylgja sínu innsæi. Ég átti fund með ráðgjafa sem skildi stöðu mína vel og mér fannst ég finna til trausts í minn garð, en hún gat ekkert gert. Kerfið gat ekki lagað sig að mínum aðstæðum og gerði mér meira ógagn en gagn. Hafandi sagt þetta er ég viss um að margir njóta góðs og

finna tækifæri og margt gott t.d. í námskeiðunum. Ég passaði hins vegar ekki inn í ramma þessa kerfis og hafði ekki áhuga á að laga mig að honum.

- Auðveldla fólki að vera í tekjutengdum úrræðum. annars er ekki endilega skortur á úrræðum heldur virkni og gagnvirkni, eftirfylgni og viðmóti.
- Aukin pressa á þá sem þurfa á smá pressu að halda. Mér finnst að það mætti boða þá sem eru ekki að nýta sér vinnumarkaðsúrræði að fara og nýta sér þau í amk einhvern tíma.
- Á þessum tíma – ekkert.
- Beina skjólstæðingum inn á þau svið sem hentar karakter og hæfileikum s.s. í mannlegum samskiptum t.a.m. sem aðstoð á skrifstofur Vinnumálastofnunar sem er meðal þeirra stöðnuðustu fyrirbæra sem ég hef rætt við lengi og kem þó úr embættismannageiranum. Einkaklúbbur allt of fárra og liðsmanna hans.
- Beita sér fyrir því að öll skip í íslenska fiskveiðiflotanum séu full mönnuð og að réttindamenn séu í öllum stöðum, þ.e. afnema allar undanþágur varðandi mönnun og réttindi.
- Betri miðlun starfsfólks til að hjálpa við að útskýra þennan frumskóg af tækifærum sem að enginn virtist hafa minnsta tíma til að útskýra fyrir manni.
- Betri tengiliðir við fólk sem er erlendis.
- Þjóða kynningu á og þáttöku við sjálfboðaliðastörf.
- Boðið sé uppá einkvað annað en verkamanna vinnu á lágmarks launum.
- Ef maður er í skóla , að maður geti fengið laun að einhverju leyti.
- Ég er í raun ekki nógu mikið inni í þessum málum en mér finnst að það mætti herða á eftirliti, hér er fólk sem vinnur svart og fær bætur og þetta vitum við öll, en erfitt er að hafa hönd á því. Mörgum finnst lítið mál að þyggja bætur.
- Einfaldlega fjölbreyttari úrræði, meira úrval.
- Einhvað annað en það sem þarf að fara framm í tölvum námskeið og annað það vantar einhvað sem er hægt að gera í höndum eða hanna einhvað annað en fót og fl.
- Einstaklingsmiðuð úrræði þar sem ferilskrár væru yfirlesnar og flokkaðar eftir þeim úrræðum sem í boði eru. Þá kæmi betur í ljós hvaða úrræði vantar hjá stofnuninni.
- Eitthvað fyrir iðnaðarmenn.
- Eitthvað sem kemur að notum ekki ölmusa.
- Eitthvað sem vit er í.
- Eitthvað sniðugt.
- Ekki að leita að karlmönnum yfir ákveðnum aldri.
- Ekki viss, en alltaf má gott gera betur.
- Eldhússtörf var allavegna ekkert í boði sem ég var látin vita af eða vissi af.
- Ég er maður með 52 ára og nú að gera verkið sem ég fundið það fyndið fyrir mann, sem er dæmigert starf leita á mann og því miður ég vinn í þríf fyrirtæki Því miður, það er lítið val og verða að lifa og reikninga til að borga og ekki starf en dishonors metnað eru stærrí þannig að ég geri það sem ég þarf og ég er að leita að frekari.
- Ég vísa á ríkisstjórnina.
- Fá að vera í fullum skóla eða námskeiði á meðan maður er á atvinnuleysisbótum að leita að vinnu á svona erfiðum tímum því að það er sóun á lífi og tíma að banna atvinnuleitendum að styrkja hæfileika sína til að eiga meiri möguleika á að fá vinnu. Heilt ár er langur tími!

- Finna vinnu handa fólki t.d.
- Finnst að leyfa ætti fólki að klára iðnám eða annað samhliða nám ef fólk hefur byrjað í námi en ekki lokið því.
- Finnst þau alls ekki nógu góð sem fyrir eru sbr. þau sem eru í samstarfi við vinnuveitendur þar sem vinnuveitandinn fær bæturnar og borgar einhvern mismun sem getur verið fارانlega lítill og bótaþeginn missir réttindinn á meðan hann er í þessari vinnu. Finnst það ömurlega hallærisleg lausn með tilliti til bótaþegans.
- Fjölhæfara val.
- Fleiri möguleikar í vinnu.
- Fleiri námskeið.
- Fleiri námskeið.
- Fleiri námskeið, fjölbreyttari möguleika í starfsþjálfun. Gera það auðveldara fyrir fólki að geta tekið að sér 'freelance' verkefni, án þess að það sé vesen að þurfa að skrá sig af atvinnuleysisbótum á meðan.
- Fleiri styrkir sem lúta að eigin atvinnurekstri til framtíðar.
- Fleiri úrræði fyrir háskólamenntaða einstaklinga.
- Fólk sem reynir að vinna sjálfstætt er ekki vel skilgreint og erfitt að koma sér af stað því það er hvorki hægt að lifa á bótum eða lifa af lágum tekjum sem stök verkefni gefa og það er of flókið að vera heiðarlegur í þessu kerfi meðan verið er að byggja upp eigin atvinnu sem gefur aðeins hlutatekjur í byrjun, kanski í eitt til tvö ár meðan verkefnastaðan er lá.
- Fyrir eldri en 25 ára.
- Fyrir fagmenntað háskólafólk er afskaplega takmarkað framboð!
- Fyrir fyrrverandi stjórnendur.
- Fyrir menntað fólk.
- Fyrir þá sem hafa háskólagráðu vantar klárlega eitthvað við hæfi.
- Fyrst og fremst að fólki sé ekki mismunað eftir bakgrunni eins og vinnumálastofun gerði þegar niðurgreidd vinna var borgðuð í samræmi við bótahlutfall - fullkomið hneyksli og vanvirðing við tilfinningar fólks.
- Hafa miðlæggar upplýsingar um lausa atvinnu. Það eru allt of margir sem eru að auglýsa engöngu í gegnum fjölmiðla en ekki í gegnum ykkur Má gera atvinnuauglýsingar miðlæggar.
- Haldiði að ekki sé hægt að bæta neitt eða hvað?
- Háskólanám, atvinnuleysisbætur fyrstu 1-2 annirnar því fjárhagurinn leyfir ekki nám á meðan námslán eru skert í upphafi.
- Hef ekki heyrt um neinn sem hefur fengið vinnu í tenglum við vinnumálastofnun.
- Hefði eiginlega viljað svara þarna að ég væri hlutlaus þar sem ég kynnti mér þessi vinnumarkaðsúrræði lítið, hafði bara strax á tilfinningunni að þau hentuðu mér ekki.
- Hvatning til atvinnulífsins að taka eldra fólk (50-60 ára) í vinnu.
- Hönnun og listir.
- Í mínu tilfalli var mér ekki boðið að fara í frumkvöðlastarf, þó svo að ég hefði tilkynnt um það strax við skráningu að ég væri með viðskiptahugmynd. Mér var s.s. ekki boðið að fara í frumkvöðlastarf og ekkert gert annað en að leggja stein í götu mína. Ég hef núna kært ykkur til úrskurðarnefndað hjá Félagsmálaráðuneytinu og vonast til að fá úrlausn minna mála þar. - Úrræðið sem mér finnst vanta er að þið farið eftir eigin reglum og kunnið reglurnar í

þjóðfélaginu og hættið að ljúga að fólki um réttindi hjá öðrum, sem séu til staðar en eru ekki til staðar.

- Í mínu tilfalli, ég myndi þurfa að eyða meiri tíma að læra íslensku skref fyrir skref. Mig langar til að ljúka framhaldsnám. Og umfram allt, að lögleiða menntun þeirra.
- Kynningar á iðnnámi.
- Leiðbeiningar. Eina þjónustan sem ég fékk voru spurningar hvort ég væri að leita. Takk fyrir bless.
- Leyfa fólki í atvinnuleit að koma með hugmyndir sem henta þeim.
- Má vera meira listatengt, bæði vinna og nám.
- Meira af starfsþjálfunar miðuðum átaksverkefnum fyrir sveitarfélög og hið opinbera, með sýnilegum árangri fyrir einstaklinga og samfélagið. Unnin á faglegum grunni án of mikilla afskipta af skrifræði og pólitík.
- Meira fyrir úræði fyrir fatlaðra og heyrnarlausir, þau hefur oft gleyma okkur, t.d. ég var boðið oma viðtal ráðgjafa og vmst hefur gleyma að panta tánmálstúlkur og þurfa að frestað. Ekki góður þjónusta.
- Meira tengt fjölmiðlastörfum.
- Meiri aðstoð fyrir ómenntað fólk.
- Meiri breidd í námskeiðum og auka samstarf með fyrirtækjum.
- Meiri líkamsræktarnámskeið, frí sundkort, gönguhópar. Fleiri námskeið sambærileg og námskeiðið á toppinn þar sem að blandað er saman líkamsrækt, útivist, leiklist og ýmiskonar fróðleik. Algjört topp námskeið!
- Meiri möguleika á að bæta við sig námi heldur en núverandi 10ects.
- Meiri stuðningur við atvinnuleidandann. Misti úr námskeiði vegna þunglindi þá tóku þeir af mér atvinnuleysisbæturnar ? og lenti í meiri vandræðum.
- Meiri stuðningur við nám og leyfa viðkomandi að velja sjálfur 100% en ekki velja 4 hluti og þið sendið fólkið á það sem er ódýrast.
- Meiri vinnu. allt nám er gott sem gæti aukið hæfni manna á vinnumarkaði. Heldur farið að þrengjast um atvinnu, þegar menn eru komnir yfir 50tugt. Eiga menn einhver úrræði handa slíku fólki?
- Meiri vinnuframboð.
- Mér finnst fyrst og fremst starfsmenn vinnumiðlunarinnar mega vera viljugari að hjálpa manni og gefa manni ráðleggingar, mér fannst viðmótið vera eins og þau nenntu beinlínis ekki að standa í þessu.
- Mér finnst vanta að fólki sé boðið lengri samningur með námi. Þ.e.a.s. sé boðið upp á að vera lengur í námi og þiggja bætur, getur frekar leitt til þess að þetta fólk klári nám og fái svo vinnu í kjölfarið.
- Mér finnst vanta að fólki sé boðin vinna. Allan þann tíma sem ég var á atvinnuleysissskrá var haft samband við mig út af einni vinnu sem ég var ekki einu sinni með menntun í og það var vegna þess að ekki var skilið til fullnustu hvað mín menntun var.
- Mér finnst vanta fleiri úrræði fyrir fólk með háskólamenntun. T.d. finnst mér 10 einingar á önn of lítið nám án skerðingar á bótum. Flest fög á háskólastigi eru 6-10 einingar og fólk getur tekið auðveldlega 12-20 einingar á önn með 100% vinnu. Því ætti það ekki að vera hægt í 100% atvinnuleit. Einnig finnst mér nauðsynlegt að tekið sé einstaklingmiðaðar ákvarðanir varðandi vinnumarkaðsúrræði.

- Mér finnst vanta meira fyrir háskólamenntað fólk. Sérstaklega þeir sem hafa menntun á félagsvísindasviði. Mér þótti framkoman oft á tíðum til skammar!
- Mjög margt.
- Möguleikan á að fara í eitthvað strax á fyrsta mánuði.
- Mörg nýsköpunarfyrirtæki eiga í efiðleikum með að fjármagna sig á uppbyggingartímanum og þurfa alla þá aðstoð sem bíðst. Það myndi hjálpa ef reglum yrði breytt þannig að tími sem fyrirtækið gæti haft starfsfólk í gegnum Starfsorku verði lengdur í að mynsta kosti 2 ár. Með þessu vinna allir, fyrirtækið sjálft þar sem möguleikarnir á árangri aukast til muna, líkur á að atvinnuleitendur fái framtíðar vinnu aukast verulega og ríkið í formi þess að fá skatttekjur frá öflugum fyrirtækjum (s.b. Marel og Össur) og vegna þess að kostnaður vegna atvinnuleytendur gæti lækkað vegna þess að skatttekjur frá þeim aukast vegna viðbótar framlags fyrirtækjana við launakostnað þeirra.
- Námskeið /stuðningur við fólk með háskólapróf og mikla reynslu - þarf önnur úrræði og aðra nálgun en það sem í boði er.
- Námskeið sem koma að gagni í mínu fagi sem er arkitektúr.
- Nú eru margir atvinnubílstjórar án vinnu og það vantaði eitthvað sem að hefði hentað þeim frekar. nú var í boði hjá VMST að fara í meirapróf svokallað C1 sem að er á bíla upp að 7500 kg það nýtist því miður ekki trukka og rútubílstjórum svo var VMST líka með bóklega hlutan af vinnuvélaréttindunum en margir atvinnubílstjórar eru bara líka með þau réttindi.
- Púngapróf.
- Raunhæf til að finna vinnu.
- Ráðgjafar eiga að vinna með fyrirtækjum bjóða fólk vinnu til reynslu 1-3 mán. og ef viðkomandi sem hefur reynslu af slíku starfi stendur sig vel fær hann ráðningu. Sérstaklega við þá sem eru búnir að vera lengi atvinnulausir með langa starfsreynslu komnir yfir 50 ára.
- Samstarf við nýsköpunarmiðstöð þar sem þeir geta verið með frumkvöðla í handleiðslu til þess að vera viss um að þeir séu að þróa sprotafyrirtækið sitt og halda þeim við efnið og að þeir geti þá fengið fullar bætur á meðan á því stendur. Ef að eitt sprotafyrirtæki með 2-3manns innbyrðis getur unnið í fulla vinnu við að þróa það gefur það kost á að sá sproti veit ekki bara þeim atvinnu í framtíðinni heldur líka fleiri en þá sjálfa. Óþarft nánast að benda á augljósðæmi á borð við CCP og Össur sem í sjálfu sér voru dæmigerðir sprotar áður og eru núna flagskip íslenskrar nýsköpunar. Eitt stærsta vandamál frumkvöðla í dag er að lifa af á meðan þeir eru að þróa vöruna/þjónustuna sína. Nýsköpunarmiðstöð virðist ófær um að veita styrki til slíks vegna áhyggja um samkeppni, Rannís sömuleiðis útilokar allt of mikið vegna vísindalegra markmiða, Aurora er einkasjóður og getur bara staðið á bakvið örfá verkefni og fjárfestingar úr einkageira eru vægasagt erfiðar að finna. Af því sem ég hef heyrt á slíkum kynningarfundum er aðal áhyggju efnið "Hvað ef við borgum þessu fólk allan þennan pening og þeir gera síðan ekki neitt" það er til stofnun sem er fullkomlega í stakk búinn til að eiga við þetta vandamál. Nýsköpunarmiðstöð. Þeir eru þegar með handleiðslu program sem hægt væri að útfæra. Ég legg til að handleiðslan taki það form að vikulega, 2x í mánuði eða mánaðarlega verði tekinn mjög stuttur stöðu fundur milli handleiðslu aðila hjá Nýsköpunarmiðstöð og frumkvöðlans (getur alveg verið yfir skype eða email samskipti, það myndu auka lýkur á því að markmið fundana ætti sér stað), sá stöðu fundur metur hvort verkefnið sé ekki ennþá í réttum farvegi og verið sé raunverulega að vinna að verkefninu. Þetta væri þá sett upp á sama hátt og ef einhver væri að fjárfesta í sprota nema hvað að VMST er þá "fjárfestirinn". Til að sprottinn skili en fremur aftur í ríkiskassann gæti þetta fyrirkomulag haft í sér að VMST/Ríkið eigi hlut í verðandi fyrirtæki gegn því að veita þeim bætur á meðan að þróun stendur (hvað ef vmst/sambærileg stofnun ætti 5-10% í Össur, Marel, CCP osfrv.) meiri peningur í ríkiskassann og meira fjármagn til að styðja en fremur við sprota. Ef þið viljið ræða þessa hugmynd frekar endilega hafiði samband. kv. Benjamín benjaminstacey@gmail.com

- Senda alla sem eru á atvinnuleysissskrá út á götu að tína rusl eða aðra samfélagsþjónustu, myndi spara ríkinu pening. Eða senda fólk í landgræðslu, gróðursetja tré og annað slíkt. Einnig er hægt að senda fólk út til að mála yfir veggjakrot til að fegra umhverfið. Öll þessi námskeið eru bara bull, fyrir utan frumkvöðlanámið.
- Sérhæfðari vinnumarkaðsúrræði fyrir fólk með mikla reynslu og mikla sérþekkingu þá sérstaklega fólk á miðjum aldri.
- Sjálfstyrkingar úrræði.
- Staður sem maður getur sótt um vinnur (úr tölvu) og síma til að hringja í fyrirtækin. á þessum stað er hægt að leita til ýmsa sérfræðinga til að hjálpa manni.
- Starfskynningar í fyrirtækjum t.d.Fannst líka þegar ég ræddi við fulltrúann að hann hefði ekki trú á að ég fengi vinnu.Þannig að efling á jákvæðni atvinnuleitanda gagnvart mögulegri vinnu mætti styrkja með heilbrigðari viðhorfi starfsmanna.
- Starfsnám í iðngreinum (til sveinsprófs) á fullum bótum.
- Starfsþjálfunarsamninga.
- Störf við aðstoð aldraðra og fátækra.
- Td að fá fólk til að koma með hugmyndir hvað er hægt að gera betur og finna kannski eithvað sem "manneskja" hefur áhuga á og reyna að koma henni í frammkvæmd einhvernvegin.
- Tenging við skóla.
- Ungur nemur gamall temur.
- Úrræði er snúa að umhverfis- og skipulagsmálum, kortagerð og þessháttar. Ég þykist vita að sveitarfélögin eigi eftir að gera skipulagsskilmála fyrir eldri hverfin, það má endurskoða göngustígakerfi, hjólastíga og fleira þar sem úrbóta er þörf.
- Úrræði fyrir menntaða einstaklinga, einstaklinga með einhverja prófgáðu t.d. háskólapróf eða iðnmenntun.
- Úrræði sem henta fólki með framhaldsmenntun, þ.e. fyrir fólk sem búið er að sérhæfa sig.
- Vantar að getap klárað nám, oft boðið uppá namskeið en próf ekki innifalið eins og tölvunámi eða meirapróf.
- Vantar að hugsa um faglært fólk á öllum sviðum. Ekki bara þá sem lægst settir eru í þjóðfélaginu. Maður hefur á tilfinningumni að þetta sé mest fyrir ófaglært fólk. Það hefur hugsanlega aðrar þarfir.
- Vantar að þróa 'eigin atvinnustarfsemi' úrræðið meira. fólk var eiginlega ekkert inni í þessu, maður bara skráði sig og var kominn með skotveiðileyfi á að reyna starta einhverju, en allar reglur og aðstoð voru mjög óljósar, og tíminn sem maður fékk var allt allt of knappur. þetta var fyrir mér aðallega til að koma mér andlega af stað að reyna koma mér sjálfur á framfæri og hefja eigin rekstur.
- Vantar meira af verklegum æfingum, eins og að laga velar eða smíða eða múra laga hjól eða einthvað þar sem fólk notar hendunar gróðursetja blóm eða bara einthvað.
- Vera meira tengt við aðrar ráðningarstofur og virka meira sem ein heild.
- Vildi sjá persónulegra samstarf við okkur sem störfum sjálfstætt, að við hefðum td. þjónustufulltrúa sem við gætum ráðfært okkur við. Þyrfti að skýra það í lengra máli. Þá næðist miklu betri árangur í sambandi við okkur reikningsvinnu karla.
- Vinna fyrir íþróttahreyfinguna
- Vinna fyrir ungar mæður með lítil börn
- Vinnu!

- Vinnumarkaðsúrræðin miðast eiginlega bara við fólk sem hefur grunnmenntun. Nú eru það margir háskólamenntaðir á atv.leysissskrá og það sem er í boði bæði námskeið og störfin auglýst á heimasíðu Vinnumálastofnunar gagnast frekar lítið að mínu mati. Vil þó taka fram að mér þótti mjög gaman á námskeiðinu sem ég fór á. (stjórnun starfsfólks hjá Þekkingarmiðlun). Finnst það þó ekki hafa skilað neinu í sambandi við að fá starf.
- Vinnumarkaðsúrræðin sem eru í boði eru mjög stíluð inn á að fólk hafi ekki háskólapróf og hafi litla þekkingu á tölum og tækni. Þetta á alls ekki við um fólk eins og mig, ég er bæði með háskólapróf (BS í sálfræði) og hef gríðarlega þekkingu á tölum. Þau úrræði (námskeið og slíkt) sem eru í boði, eiga alls ekki við fólk í mínum sporum. Ég neyddist til að velja námskeið sem ég hafði ekkert erindi á, ég hafði þekkinguna alla fyrir. En með því að skrá mig í þróun eigin viðskiptahugmyndar (ég var og er í tengslum við hóp af fólki sem vildi setja á stofn fjölmiðil), þá tókst mér að nýta tímann sem ég var atvinnulaus í þekkingaröflun og til að mynda tengslanet. Ég mæli með að hugað sé betur að fólki sem passar ekki inn í þetta mynstur sem flestir atvinnulausir falla í, með einhverju móti. Þó ekki nema að það fái að leita sér uppi sérnámskeið eða eitthvað slíkt. Ég ítreka það að þróun eigin viðskiptahugmyndar hjálpaði mér.
- Vinnumarkaðsúrræði fyrir nýútskrifaða háskólanema. Þeir eiga ekki rétt á fullum bótum þar sem nám er ekki vinna og erfitt er að finna vinnu við hæfi eftir útskrift.
- Vísa fólki á stéttarfélag ef vinnumálastofnun er ekki með það úrræði og fylgja því eftir. Suðnámskeið fyrir lengra komna ekki í boði (til að klára sveinspróf).
- VMST virðist ekki stunda virka atvinnulei fyrri skjólstaðinga sína, úr því þarf að bæta.
- Ýmislegt annað en að setja flesta á vinnuvélanámskeið t.d að athuga hversu mikið fólk á eftir af námi sínu og hvetja það til að klára það.
- Það sem mér fannst að var það að mér var eingöngu bent á vinnu í eldhúsi þrátt fyrir að ég væri með ofnæmi.
- Það vantar að búa til einfalt kerfi fyrir verktaka til að halda þeim tengslum sem til eru á meðan viðkomandi kemur aftur undir sig fótunum eða finnur fast starf. Þó verktaki verði atvinnulaus langar hann til að halda þeim félagslegu tengslum sem honum býðst og þeirri vinnu, þrátt fyrir aðstöðuna. Ef hann væri í atvinnulífínu gæti hann hugsanlega púslað þessari vinnu með hinni, hví þá að refsá viðkomandi fyrir að hafa misst fótana. Búa til gott einfalt kerfi sem hann samþykkir að ganga inni.
- Það vantar sárlega betra úrval af námskeiðum fyrir langskólagengið fólk.
- Það vantar úrræði fyrir þá sem hafa ekki fengið vinnu í svo langan tíma að eiga ekki einu sinni rétt á lífeyri.
- Það þarf að taka meira tillit til þeirra sem hafa lokið langskólanámi og koma með úrræði fyrir þá, t.d. varðandi það að komast inn á reynslutíma hjá fyrirtækjum og stofnunum.
- Þarf að gera eitthvað fyrir fólk eldra en 40-50 ára því það er ekki boðað í atvinnuviðtöl.Vinnuveitendur halda að 40-50 ára og eldri séu komnir á grafarbakkan.
- Þróun eigin viðskiptahugmyndar (eigið frumkvöðlastarf) er vanmetið úrræði sem mér finnst eiga að gera meira úr og styðja betur við með ráðgjöf og upplýsingum og aðstöðu. Ég fékk aðstöðu í Hugmyndahúsinu á Grandagarði sem styrkti mig og studdi töluvert. Það kom reyndar ekki frá Vinnumálastofnun.

14.3 Hvernig getur Vinnumálastofnun að þínu mati bætt sína þjónustu gagnvart atvinnuleitendum?

Svörin eins og þau komu frá þátttakendum í tilvilnunarkenndri röð.

- 1. Einfaldað skráningarferli og gert það samkeyranlegt þannig að viðkomandi þurfi ekki að eyða miklum tíma í söfnun upplýsinga. 2. Koma skýrt á framfæri að viðkomandi getur valið um að greiða í stéttarfélag og haldið sínum rétti þar. Slíkt myndi létta róðurinn hjá mörgum sem gætu þurft að greiða fyrir vöru og þjónustu sem stéttafélög greiða niður. 3. Þjóða atvinnuleitendum að fá viðtal hjá sérfræðingi sem myndi fara nákvæmar í stöðu einstaklings, sbr. nám, reynslu af vinnumarkaði, núverandi staða og fl. Hægt væri að bjóða upp á nákvæmara form til útfyllingar á vefsvæði hvers og eins sem yrði fyllt út eftir viðtal/viðtöl. Með því að skoða nánar stöðu og möguleika einstaklinga þá yrði mögulegt að bjóða upp á einstaklingsmiðaðar lausnir sem væru mun líklegri til árangurs en að bjóða upp á pakkalausnir með úrræðum. 4. Halda skyldunámskeið þar sem útbúin er ferilskrá og fólk kennt að bera sig rétt að í atvinnuleit. 5. Send áminningu um skráningu um virka atvinnuleit með sms skeyti og email, svo minni líkur séu á að fólk lendi í erfiðleikum vegna mistaka í skráningu.
- Kynningafundur sé betur skipulagður upp á að það mæti ekki of mikill fjöldi í einu.
- 1. Við hópuppsagnir á að mæta á viðkomandi starfsstöð með upplýsingar. 2. Auka upplýsingar til starfsmannastjóra fyrirtækja svo þeir geti miðlað nauðsynlegum uppl. til starfsmanna sem hefur verið sagt upp starfi. Var miskilningur t.d. varðandi hvenar átti að láta vita af uppsógn og aðrar upplýsingar.
- Að atvinnuleitendur upplifi að það sé verið að finna öll úrræði sem hægt er fyrir þá og það sem er þeim fyrir bestu, en ekki að það sé verið að vinna út frá því sem er ríkinu fyrir bestu. Svo þarf að vanda betur valið á starfsfólki Vinnumálastofnunar svo að atvinnuleitendur geti gengið uppréttir út frá þeim, enn ekki niðurbrotnir.
- Að bera virðingu fyrir atvinnulausum Að hlusta betur á atvinnulausa Ef námskeið henni illa fyrir manneskjuna að gefa henni tækifæri að finna annað námskeið. Ef rökin frá manneskjunnri eru góð. Það vantar að styðja fólk sem er með hugmyndir og vilja að vinna að verkefnum sem bætir samfélagið. Við vitum öll að það eru ekki til nógu mörg störf fyrir hæft fólk - það þarf að styrkja þá í einstaklingsverkefni sem þau vilja vinna að. Við eigum heilan helling af skapandi fólki sem fer í þunglyndi vegna þess að það færi ekki að vinna að hugmyndum sínum, því að þau eiga að fara á námskeið sem þið búið til fyrir atvinnulausa sem passar bara alls ekki inn fyrir fólk sem er búinn með 7 ára nám. Það er alltaf eins og þið séu að búa til námskeið fyrir ómenntað fólk. Óþolandi.
- Að bæta viðmót og persónumiðaða þjónustu við atvinnuleitendur.
- Að fólk sem vinnur þarna viti hvað það er að gera og hafi upplýsingar og fleira á hreinu. Að biðin eftir afgreiðslu sé ekki of löng og að það sé möguleiki á að ná í þjónustufulltrúa símleiðis án þess að þurfa að bíða út í það óendanlega. Að minnka pappírsvinnu fyrir fólk og það þurfi ekki að hlaupa bæina þvera og endilanga til þess að fá einhverja pappíra. Og ef fólk þarf að skrá sig aftur atvinnulausa á stuttum tíma að sömu pappírar og skilað var áður séu gildir að það þurfi ekki að redda sömu pappírurum aftur. Og hvernig væri að sameinga gagnagrunn ríkisins?
- Að gefa fólki nógan tíma til upplýsinga hvað er í boði.
- Að geta farið í skóla á bótum er mjög jákvætt það ætla ég að nýta mér sjálf.
- Að í þessum samningum um úrræði komi fram að fólk geti þegið störf sem því býðst þó svo að það hafi ekki klárað umsaminn fjölda mánaða - það er hellingur af fólki sem getur farið í þessi úrræði!!! Að umsóknarferlið taki ekki svona langan tíma. Það er ekki fólki bjóðandi að það þurfi að taka yfirdráttarlán í banka í marga mánuði áður en það fær atvinnuleysisbæturnar samþykktar og borga síðan af því vexti. Að reglur um atvinnuleysisstryggingar séu

aðgengilegar fólki og að fólk sem vinnur hjá greiðslustofu fari eftir þeim. Það er fáránlegt að þurfa að finna einhverja hátt skrifaða hjá Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu til þess að hjálpa manni til þess að fá það sem maður á rétt á. Það eru allt of miklir stælar hjá nefndinni sem fer yfir umsóknirnar - ég fékk alltaf einhverjar nýjar ástæður fyrir því að ég ætti ekki að fá bætur eftir fundina þeirra sem voru gjörsamlega út í hött og ég fékk það staðfest hjá manneskjunni sem fór að lokum í málið á höfuðborgarsvæðinu. Ég læt ekki traðka á mér en ég þekki allt of marga einstaklinga sem voru settir á biðtíma af því "að VMST greiðir aldrei bætur fyrstu 2 mánuðina sem fólk er atvinnulaust ofl sem er rangt. En það fólk gafst upp á því að reyna að fá það sem það átti rétt á (þau eru í vinnu í dag - ég er ekki að tala um einhverja aumingja) Að þessi Greiðslustofunefnd verði eflað (það væri hægt að fá fólk í hana í gegnum úrræði) til að létta á biðlistum.

- Að koma í veg fyrir að menn á mínum aldri loki sig af og einangrist. Það þarf að gerast með heimsóknnum og símtölum. Ég á við að menn séu neyddir á einhvern hátt, að koma út á meðal fólks.
- Að manni líði vel með að leita til þeirra.
- Að mínu mati eru: 1) betur þróað íslenska námskeið með áherslu á viðræðum í boði ekki bara fyrir atvinnulausa 2) fyrir frekari upplýsingar og aðstoð við sjálf 3) Fleiri fjárhagsaðstoð fyrir sjálfstætt starfandi 4) meiri mismun lægsta greitt í vinnu og á atvinnuleysisbótum 5) Þátttaka á fjölskyldu fjárhag að fjárhæð atvinnuleysisbætur 6) jókst um viðurlög við ólöglegri vinnu.
- Að mínu mati voru lög og reglur ekki til að auðvelda lífið hjá mér. Þegar ég ekki gerði skv. reglunni hjá þeim, þrátt fyrir misskilning, þá lá sökin alfarið mín megin og ég missti af bótum. Þau buðu mér að "kæra" skriflega, sem ég og gerði, en án árangurs. Ég upplifði að það væri ekki beint verið að gera mér auðveldara fyrir að bæta tekjur og hætta á bótum. Ég hélt að ég mætti hafa tekjur að tæpl. 60.000 á mánuði án þess að þurfa að láta þau vita og að tekjur myndu ekki skerðast. Þetta var ekki á svörtu og þegar VMST fékk upplýsingar um launin, var litið á að ég væri að fara á bak við VMST og bætur til mín féllu niður. Skýring mín var ekki tekin gild, þ.e. skv. mínum skilningi að ég hafi brotið þeirra reglur og skrifleg afsökun mín hafði engin áhrif. Þetta er ekki beint uppbyggjandi fyrir einstakling sem vill út úr atvinnuleysi, ég fann engan stuðning frá VMST í þessu máli.
- Að mínu mati, ætti að ef einhver stýrir skrifstofu vinnu fyrir námskeiðið að gera að mínu mati, skref fyrir skref við fyrri greiningu á þörfum atvinnulausra.
- Að sjálfsgöngu er til fólk sem nýtir sér þessa þjónustu og hreinlega nennir ekki að vinna en þegar fólk eins og ég kem þarna inn - sem mér fannst mjög neyðarlegt að gera þá mætti alveg koma fram við mann eins og manneskju ekki númer. Kannski var ég bara óheppin, ég trúir því :-). Sálhjálp eða sjálfstyrking er nauðsynleg hjá vinnumálastofnun því það er svo erfitt að missa vinnuna og vera á bótum (allavega hentar mér ekki) hinsvegar er ég mjög ánægð að vinnumálastofnun var til staðar fyrir mig á þessum tíma í lífi mínu peningalega séð og þetta námskeið sem ég fór á hjálpaði verulega upp á sjálfstraust og félagsskap. Ég er allavega með vinnu og það er lífsnauðsynlegt fyrir mig :-). Takk fyrir mig.
- Að þið farið þýsku leiðina, þótt það sé frekar seint í rassinn gripið. Í stað þess að fólk fari á atvinnuleysisbætur átti ríkið eða Vinnumálastofnun að borga helming launa starfsmanna innan fyrirtækja. Hefði slegið margar flugur í einu höggi, t.d. verndað gegn þunglyndi og öðrum bótatengdum örðugleikum, verndað gegn gjaldþroti fyrirtækja o.fl. Að nýta ekki starfskrafta og láta einstaklinga liggja heima iðjulausa er það versta sem hægt er að gera og oft ekki til baka snúið þegar að "bóta mentality" hefur fest sig í sessi.
- Að allt starfsfólk gefi sömu upplýsingar, hef fengið mismunandi svar hjá sömu spurningu hjá starfsfólki. Það virðist að vera að starfsfólk vilja ekki leita sér upplýsinga, senda fréttar umsækjanda til næsta starfsmans í staðinn að reyna finna lausnina. Vantar oft alment kurteisi.

- Aðstoð við fjárstyrki til að hefja eigin rekstur? Mitt start var mjög erfitt því ég hafði enga fjármuni, mátti ekki fara sýna tekjur meðan í úrræðinu, gat ekki fengið nein lán því ég var atvinnulaus. Þetta olli mjög miklum hausverk og vanlíðan.
- Aðstoðað meira við atvinnuleit.
- Almenn betra viðmót, skilningur fyrir stöðu atvinnulauss fólks, skilningur fyrir hæfni hvers og eins, auka liðlegheit.
- Atvinnuleysisbætur eru of háar í krónum. Það er ekki hvetjandi til atvinnuleitar þegar hægt er að halda sér uppi á bótum. Það á ekki alltaf að mata einstaklinga, ef svo er gert er hætta á að úr verði daprir starfskraftar. Einstaklingur sem hefur ekki snefil af sjálsbjargarviðleitni er yfrleitt ekki hæfur launþegi nema hjá ríki eða bænum þar sem einstaklingsframtakið þarf ekki að slefa nema rétt yfir núllið.
- Atvinnuleysisbætur eru of háar eða lægstu laun of lág. Fólk nennir ekki að vinna fyrir svona litlum mun og hangir frekar heima og vill vera á bótum frekar og þetta fólk nennir ekki eða kemur sér ekki út á vinnumarkaðinn aftur eftir langan tíma á bótum. Því miður er staðan svoleiðis í dag.
- Auðvelda ferla.
- Auka starfsgleði starfsfólks.
- Aukið þjónustufulltrúa þar sem allt of löng bið er oft á tíðum til að komast að hjá þeim. Ráðgjöfin á netinu virkaði aldrei, beið lengi eftir þjónustu en gafst ávallt upp á endanum. Komið til móts við þá Íslendinga sem koma að skrá sig og fá ráðgjöf hjá stofnuninni því oftast en ekki voru í biðsalnum 2-3 Íslendingar á móti 8-10 útlendingum. Stofnunin virkaði frekar á mann sem vinnumálastofnun fyrir fólk af erlendu bergi brotið heldur en fyrir Íslendinga.
- Betra viðmót gagnvart almennu fólki og reyna að finna lausnir fyrir það, einnig að koma heiðarlega fram við það, því að hjá sumum eru það þung spor að þurfa að fara þessa leið og í sumra augun að biðja um ölmussu.
- Betra viðmót starfsfólksins. Þarf að gefa sér tíma til að tala við fólk og létta því skrefin en ekki líta á það sem betlara sem nenna ekki að vinna.
- Betri efirfylgni eftir umsækjendum, þ.e að sjá til þess að fólk sé í alvörunni að leita eftir úrræðum og vinnu. Passa líka að það sé ekki of gott að vera á bótum, s.s efla fólk með námskeiðum og þess háttar en fylgja betur eftir umsækjendum.
- Betri þjónusta við fólk sem hefur aldrei verið atvinnulaust áður.
- Betri þjónustu þannig að fólk þurfi ekki að bíða þarna í fleiri tíma til að fá viðtal og úrlausn sinna mála.
- Boðið uppá fleiri námskeið og hærri niðurgreiðslur á námskeiðum sem atvinnuleitendur velja sér sjálfir.
- Bréf sem send eru í pósti mættu einnig birtast inni á mínum síðum og upplýsingagjöf varðandi bætur og takmarkanir bóta mætti vera betur farið. Krafa um endurgreiðslu bóta var t.d. send til lögfræðings vegna þess að bréf þess efnis skilaði sér ekki á rétt heimilisfang. Bréfin voru send á heimilisfang sem ég hef ekki haft aðsetur né lögheimili á í meira en ár. Hefðu þessi bréf ekki bara verið send með hefðbundnum pósti heldur líka verið birt á "mínum síðum" inni á vmst.is eða send í tölvupósti hefði verið hægt að komast hjá óþarfa veseni og innheimtuferli.
- Brosa meira og gefa sér meiri tíma fyrir hvern og einn.
- Byrja á því að setja fólk í sálfræðilegt mat þegar það kemur, ekki láta ófaglært fólk meta það.
- Bæta mannleg samskipti. Mín reynsla af flestum sem ég hef talað við og þurft að fá hjálp hjá, er eins og allur peningur sem ég var að sækja um væri tekinn beint úr vasanum hjá þeim. Ég var send fram og til baka fyrst þegar ég sótti um, kannski út af því að ég kom á e-pappírnum að

utan og fékk rosalega mismunandi upplýsingar og þegar bætturnar að utan hættu var þvílíkt vesen að fá bætturnar aftur og fékk bara leiðindi og ömurlega viðmót hjá Vinnumálastofnum.

- Bæta samskipti við fólk erlendis.
- Bæta viðmót og skilning gagnvart atvinnuleitendum. Mín reynsla er sú að vinnumálastofnun henntar illa fólki sem vill stoppa sem styðst á bótum.
- Bætt eftirfylgni við þau námskeið sem boðið er upp á og eru kostuð af vmst, þ.e. að gæði séu könnuð á hverju námskeiði fyrir sig sem vinnumálastofnun borgar fyrirtækjum úti í bæ fyrir að halda.
- Bætt viðmót sitt og sýnt atvinnulausum meira traust.
- Bætt þjónustuna við fólk sem mætir á staðinn. Viðmót starfsfólks mætti vera betra.
- Ef vinnumálastofnun býður þau úrræði að halda áfram í námi, þá verður að athuga að margir eru nú þegar með háskólamenntun og ekki eru öll masters nám lánshæf. Þetta getur komið illa við fólk ef það getur hvorki fengið bætur né námslán.
- Eg er t.d. einyrkji að reyna að halda ut gröfum, vantar verkefni þar.
- Eina sem að ég hef að athuga við að ég fór á Námskeið í bílaviðgerðum, þetta var versta námskeið sem að ég hef farið á. 90% af námskeiðinu fór í að útskýra hluti sem fæstir bifvélavirkjar tækju að sér, hvað þá að það hjálpaði einhverjum sem kann lítið fyrir sér. Alltof sérhæft og nánast ekkert verklegt. Megnið af námskeiðinu var í fyrirlestraformi.
- Ekki hafa skildu að mæta á fund né þurfa að mæta á staðinn. Geta gert allt á netinu. Niðurlægning fólks er alveg nægileg fyrir. Það vill ekki standa í röð vegna atvinnuleysis.
- Ekki líta á atvinnuleitanda sem undirmálsfólk, sem sé að svindla á kerfinu. Fannst erfitt að tala við áhugalaus starfsmenn. Var sjálf mjög áfram um að fá vinnu, en fannst frekar dregið úr væntingum mínum af starfsfólki. Mætti gera réttindum atvinnuleitanda jafn góð skil og því sem er ólöglegt.
- Erfitt að ná sambandi.
- Erfitt er að fá aðstoð við að komast í nám.
- Ég bjóst við að fá meira af atvinnutækifærum í gegnum Vinnumálastofnun. Ég hélt að ég myndi fá tilkynningar um einhver störf sem ég yrði að sækja um. Einhverra hluta vegna hélt ég að maður fengi 3 tækifæri svoleiðis til að hafna vinnu og ef maður tæki þau ekki þá myndi maður missa bætturnar. Auðvitað er ég ákaflega þakklát fyrir að þetta gekk allt svona vel og auðveldlega en mér fannst stundum eins og þetta væri of auðvelt og ég gæti verið þarna bara eins lengi og ég vildi ef ég vildi. Ég sá svo auglýst starf í blaði sem var aðeins fyrir þá sem voru atvinnulausir og á skrá. Ég þurfti hins vegar að "berjast" til að fá það því aðeins þeir sem voru með 100% bætur gátu fengið starfið (að því er virtist án þess að hæfni kæmi þar nærri) en ég var með 75%. Þetta gekk þó upp á endanum þar sem ég fékk þá 75% vinnu. Kerfið má því vera meira sveigjanlegra að mínu mati, ekki of fastar skorður í svona tilfellum.
- Ég er búsett í Hafnarfirði og mér þykir fáránlegt að hafa atvinnumiðstöð hér en samt þurfti ég alltaf að fara til Reykjavíkur oft aðeins til að skrifa undir pappíra, ég skil ekki alveg af hverju útibúin geta ekki séð um það. Annað er að mér þykir vanta meiri úrræði fyrir háskólamenntað fólk og fólk 30 ára og eldra. Það er fullt af fólki að koma úr námi og það kemur alls staðar að lokuðum dyrum. Mér þykir frábært að hafa átak fyrir 25 ára og yngri en þá finnst mér ekki rétt að setja 30 ára fólk á fundi með þeim. Ég var skikkuð á fundi með miklu yngra fólki en ég er, auk þess sem flestir voru ekki einu sinni búnir með stúdentspróf og ég var með meistaraþráðu í háskóla og fannst ég engan veginn eiga heima þarna, auk þess sem úrræðin sem í boði voru fyrir þetta fólk áttu ekki við mig þar sem ég var í allt annarri stöðu.
- Ég er ekki á bótum í dag vegna þess að greiðslustofa skeit upp á bak og eftirlitið sakaði mig um að hafa farið erlendis. Sem eg gerði ekki, fór á námskeið á vegum vmst, mætti í 3 mánuði án þess að fá bætur og beið eftir svörum frá greiðslustofu. Þegar allir sjóðir kláruðust hjá mér

hafði ég ekki efni á að koma mér enda bæjarins á milli til að mæta á námskeiðið. Reyndi að útskýra það fyrir þeim en það orsakaði það að ég kláraði minn síðasta séns. Í dag lifi ég undir ratarnum - ekki um mikið annað að ræða.

- Ég er mjög sátt við þjónustu Vinnumálastofnunar, mætti alltaf mjög góðu viðmóti hjá starfsfólkinu og get ekki séð hvernig hægt er að bæta þessa þjónustu. Takk fyrir mig :)
- Ég er t.d. kona á sextugsaldri og hef bæði starfað sjálfstætt og verið opinber starfsmaður, ég upplifði að vera afskrifuð af vinnumarkaði þegar ég skráði mig, (þú þarft nú ekkert endilega að fara á þessi námskeið frekar en þú vilt.) Þetta fannst mér skína í gegn, ég fékk aldrei tilboð um starf og þegar mér bauðst verkefni sjálfstætt, eru engin úrræði sem hægt er að fara inni. Þá hitti ég starfsfólk sem reyndist mér vel en ég þurfti sannarlega að hafa fyrir því sjálf. Ég reikna ekki með að ég sé neitt ein um að líða ekki vel eftir að hafa verið hrakin úr starfi, mörgum líður illa við það eitt að missa vinnuna. Mér finnst algerlega fráleitt að fólk sé sent á fyrrum vinnustaðinn sinn með pappíra til útfyllingar af vinnuveitanda, þetta er eitthvað sem vinnumálastofnun getur gert. Það er nóg að láta henda sér þó þetta bætist ekki ofan á.
- Ég er vissulega til umræðu um að veita vinnumálastofnun ráðgjöf en á 10 mínútum treysti ég mér því miður ekki til að gera nokkurn skapaðan hlut af viti.
- Ég fékk mjög lélega þjónustu hjá vinnumálastofnun og var kennt um allt sem fór úrskeiðis, t.d. að þau týndu vottorðum sem ég var búin að skila og borga fyrir, ég fékk vitlausann tíma á fund sem ég átti að mæta á (og var með sönnun uppá það), létu mig ekki vita ef það vantaði eitthvað, og alltaf var ég sett á biðtíma með að komast inná atvinnuleysisbætur og á endanum var ég algerlega tekjulaus í yfir 5 mánuði, svo þegar ég fékk loksins greitt þá fékk ég bara 45 % bótarétt en enginn sem var búin að tjá mér það, og þá var kennt um að ég hafði ekki komið með vottorð, en ég átti afrit af því heima, samt var enginn tilbúinn að laga þessi mistök sem á endanum leiddi að því að ég gafst upp og var tekjulaus í 9 mánuði. Ömurleg þjónusta, fólkíð var mjög kalt og dónalegt við mig.
- Ég hef ekki svo sem þælt í þjónustunni, er sjálfstætt starfandi smiður og hef verið að detta út og inn af skrá en ég er ánægður með starfsfólkið hjá ykkur það er skilningsríkt og ljúft viðmót sem mætir manni og það er mikils virði. Takk fyrir
- Ég hefði viljað fá hjálp um að nýta mér betur námskeiðið sem ég fékk í kerfisumsjón hjá ykkur. T.d starfsþjálfun tengda því.
- Ég hefði viljað komast á fleiri námskeið. T.d. sótti ég um eitt námskeið en það var ekki vitað hvenær það yrði. Ég ákvað svo að sækja um annað námskeið til að hafa eitthvað að gera en gat það ekki því ég var á bið eftir fyrra námskeiðinu. Ég fann mér svo vinnu og fór því aldrei á námskeiðið. Ég veit ekki hvort það sé í boði, en mér þætti mjög sniðugt að hafa einhverskonar fjármálanámskeið sem kennir fólki grunninn í bókhaldi og öðru sem nýtist í daglegu lífi. Mér fannst mjög sniðugt að eiga kost á að komast í starfsþjálfun/starfsreynslu í fyrirtæki þar sem vinnumálastofnun greiðir hluta atvinnuleitanda upp í laun hjá fyrirtækinu og hefði mér nýtt það ef ég hefði ekki fundið mér starf. Það þarf samt held ég einhvern veginn að koma í veg fyrir að fyrirtæki nýti sér þetta til að halda launum í lágmarki með því að ráða nýtt fólk í atvinnuleit þegar reynslutímanum lýkur.
- Ég held að það sé fátt sem Vinnumálastofnun getur gert betur, hjá mér gekk allt mjög vel að fá vinnu og fékk ég hana út á mína vinnu og mitt framlag.
- Ég held að þetta sé erfitt, þar sem atvinnuleysi er það hátt. Ég fékk reyndar ekkert frá ykkur, fann vinnu sjálfur, í gegnum vinna.is. Jú fór á námskeið, vinnuvélanámskeið. hvort það hjálpi mér veit ég ekki. en ég veit að það er fullt af fólki sem nennir ekki að vinna og fullt af fólki sem vantar vinnu en fær ekki sökum aldurs. svo má ekki gleyma að fyrirtækin noti sér atvinnuleysið og bjóði skammarlega láglaun. Ennþá lifir enginn venjuleg fjölskylda á atvinnubótum. Ég sé ekki hvað þið getið gert, nema að reyna herða eftirlitið hjá fólki sem er að svindla á ykkur.

- Ég lenti í því að vera veik þegar ég átti að mæta á námskeið, ég tilkynnti veikindi og var ekki krafinn um læknisvottorð. 1 - 2 mánuðum seinna var ég tekin af bótum í 2 mánuði af því að ég mætti ekki á námskeiðið. Mér var gefinn kostur á að andmæla, sem ég gerði, en ekki var tekið mark á því. Þetta finnst mér að þurfi að bæta. Óska eftir læknisvottorði í stað þess að segja löngu seinna að fólk hafi bara verið að ljúga. Þetta kom mér mjög illa því ég er einstæð móðir. Ég fékk afleysingarvinnu að sumri til í 2 og hálfan mánuð og það kom mér einnig illa að fyrstu atvinnuleysisbætur á eftir voru mikið skertar. Það finnst mér einnig að þurfi að laga, því maður safnar bara upp skuldum á atvinnuleysisbótum, fær svo vinnu í smá tíma og reynir að greiða niður og svo koma fyrstu bætur sem smáaurar og maður er kominn aftur í sömu skuld. Það lifir enginn á 140 - 150 þús. á mánuði.
- Ég lenti í því að vinna mér inn 40.000kr á mánuði sem ég tilkynnti. Fékk síðan bréf um að ég mætti ekki vinna sem verk taki, sem ég var ekki, þ.e.a.s ég er ekki með vsk skatts númer. Mér var hafnað að fá bætur vegna þessa. Það ferli var vægast sagt ömurlegt. Fékk bréf með hótunum um ef ég svaraði ekki innan 7 daga þá yrði ég tekin af bótum. En ég svaraði ávallt en fékk engin svör til baka fyrr en löngu síðar og þá alls ekki innan 7 daga frests eins og mér var hótað. Ég reyndi að hringja og senda emaila en það hjálpaði ekki til. Sendi gögn, og þá vantaði enn annað sem mér var aftur hótað um uppsógn ef ég svaraði ekki innan 7 daga. Þar sem ég hafði tilgreint þessa vinnu við þjónustufulltrúa þegar að ég skráði mig í upphafi og hún tjáði mér að þetta væri innan marka reglna vinnumálastofnunar, þótti mér allt þetta lýjandi og niðurlægjandi og hætti á bótum eftir að hafa fengið hótun um að ég yrði að segja upp þessari aukavinnu annars yrði ég tekin af bótum. Þar sem ég vildi frekar vera úti á meðal fólks, hversu lítið sem þetta í rauninni var, þá ákvað ég að gefast upp og hætta samskipti við ykkur.
- Ég miða auðvitað við þá þekkingu sem ég öðlaðist 2010, það gæti vel verið að hún sé orðin úrelt núna. -- Það er þrennt sem gæti hjálpað: a) Leggja meiri áherslu á að umsóknir séu afgreiddar hraðar, að hámarki á tveimur vikum. Sex vikna biðtími er mjög langur. b) Að námsmenn séu metnir eins og vinnandi fólk. Margir námsmenn vinna meira en 40 klst. vinnuviku, sem er meðaltalið á vinnumarkaði. Eins og staðan var 2010, fékk háskólamenntaður einstaklingur aðeins 25% bætur. c) Að þjónusta í gegnum síma sé bætt, það gat verið erfitt að ná sambandi og svarið "leitaðu til ráðgjafa" heyrir of oft.
- Ég tel mig ekki hafa nýtt þjónustuna nóg til að svara því. Eina sem ég get sagt að þið megið alls alls alls ekki vanmeta hvað stuðningur ykkar á lágum plani gagnvart fólki sem er að reyna byrja með sprotafyrirtæki gæti bætt efnahaginn til muna og komið enn fleiru fólki af atvinnuleysis skrá sem fyrst.
- Ég trúí því að ef það yrði ráðið í fleiri störf hjá vinnumálastofnum myndi hún gera mun betur. Allt starfsfókið sem ég átti samskipti við var mjög hjálplegt og þægilegt. Ég upplifði mig aldrei fordæmdan á nokkurn hátt af hálfu starfsfólksins. Það eina er hvað opunar tímarnir voru stuttir og hvað maður þurfti að bíða lengi eftir þjónustu.
- Ég upplifði sjálf og heyrði frá öðrum að það að koma á skrifstofuna er eins og að koma inn í þunglyndasta herbergi sem finnst. Engin vinaleg móttaka, afskaplega kuldaleg og óvinveitt. Í Stavanger leit móttakan mun skár út...ekki eins stofnanaleg. Síðan mega ráðgjafarnir brosa. Flestir sem mæta þarna inn eru örvæntingafullir og líður ekki vel með stöðuna, en þetta er alltaf viðkvæmt mál því um er að ræða peninga, lífsviðurværi einstaklinganna. Það vantar persónulegari þjónustu og örlítið lokaðari rými þar sem viðtölin fara fram. Einnig þurfa ráðgjafarnir að gefa manni upplýsingarnar að fyrra bragði. Ég vissi ekkert um fríðindin t.d. bókasafnskortið o.þ.h. það á að hvetja fólk til að nýta sér svona því ég keypti mér kort og það gerði helling fyrir mig, togaði mig út, horfði á myndir, las bækur. Persónulegt viðtal við hvern og einn til að finna hvaða leið hentar þeim, maður þarf hvort sem er að koma, þá er alveg hægt að spyrja hvernig vinnu viðkomandi er að leita að og þá benda honum á þær leiðir sem í boði eru.
- Ég var á bótum í rétt tæplega hálf ár og fékk ekki í eitt skipti hringinu um að mæta í vinnuviðtal, ábendingar um laus störf eða nokkuð að því tagi.. Eftir að hafa sjálf sent inn um

60 starfsumsóknir og fengið neikvætt svar frá fimm þeirra og ekkert frá hinum þá ákvað ég að fara í skóla. Vinkona mín benti mér á að hægt væri að fá greiddar bætur í eina skóla önn fyrir hverja 6 mánuði sem viðkomandi er á bótum. Ég fór og athugaði með þetta en það vantaði 2 vikur uppá 6 mánuðina hjá mér svo ég fékk ekkert greitt, heldur þurfti ég að fara og sækja um námslán til að geta framfleitt fjölskylduni þar sem maðurinn minn er einnig í námi. Þegar ég fer og spyr úti þessi mál jú þá fæ ég þau svör að ég var ekki nógu lengi á bótum. Ég spyr þá manninn hvort ég geti þá ekki bara freastað skólanum um eina önn til að skulda ekki eins mikið eftir námið ef ég byrja aðeins seinna og þar fékk ég engin svör. Mér persónulega þykir alveg úti hött að verðlauna skuli því fólki sem er lengur á bótum. Mín hugsun var sú að fara sem fyrst af bótum og þurfa ekki að vera uppá vinnumála stofnun komin, en svo veit ég um marga einstaklinga sem njóta þess að sitja heima og gera ekkert alla daga og tala um hvað lífið er frábært á atvinnuleysisbótum. Mér þykir að það ætti jafnt að ganga yfir alla þá sem eru á bótum og ákveða að fara í nám, óháð því hvort einstaklingur sé búin að vera 3 mánuði eða 2 ár á bótum.

- Ég veit að lífsbaráttan er bara erfið í dag og þá sérstaklega þegar viðkomandi hefur misst vinnu og laun snarlækka! Mér finnst bara að starfsfólk sem á að sinna manni í vinnuúrræðum séu því miður ekkert sérstaklega vel tengd inn í vinnumarkaðinn sjálfann! Ég hefði viljað geta valið mér einstakling sem væri sérhæfður í t.d. minni starfsstétt og væri með á hreinu út á hvað hún gengi, hverjir væru að ráða, hvað væri að gerast...af því að þegar maður er búin að finna sína grein og búin að mennta sig í henni þá hoppar maður ekki í bara eitthvað af því að þar er laust starf. Það er engum hollt að vera í vinnu sem hann ekki hefur áhuga á og skammast sín jafnvel fyrir! Einstaklingsbundnari úrræði, sérþekking á starfsstéttum og númer eitt að finna það að Vinnumálastofnun VILL hjálpa þér er það sem VMST ætti að ganga út á!
- Fannst þjónustan fín en var hissa á að á því ári sem var atvinnulaus var mér einungis einu sinni tilkynnt að atvinnuumsókn mín hefði verið send til vinnuveitanda. Á sama tíma var ég sjálf að sækja um mörg störf í hverri viku.
- Fá betri skýringar og einfaldari á hvernig skerðingar atvinnuleysisbóta koma til o.s.frv.
- Fékk ekki nægilegar upplýsingar frá ráðgjöfum um vinnuúrræði.
- Fín almenn þjónusta, en mín reynsla er sú að það er ekki mikil þekking hjá ráðgjöfum um þætti er lúta að því að samtvinna VMST og þróun viðskiptahugmyndar. Það vantar enn frekara átak til að gera fólki á miðjum aldri kleift að verða sinn eigin herra. Of mikil áhersla á nýsköpun og sprotafyrirtæki, "venjulegar" viðskiptahugmyndir verða útundan vegna samkeppnissjónarmiða. Þarna mætti bæta úr.
- Fjölgað vinnumarkaðsúrræðum. Haft meira frumkvæði að samskiptum við atvinnuleitendur.
- Fleirra starfsfólk til að stytta biðtíma. Betri upplýsingar á vef varðandi námskeið og úrræði. Vinnumiðlun sýnilegri á vef.
- Fólkið í afgreidslunni frammi mætti sýna áhuga og jákvætt viðmót. Greidslustofa mætti hafa betri yfirsýn og veita þar af leidandi skilvirkari þjónustu.
- Frumskilyrði er að hafa hæft starfsfólk sem tekur á móti hinum atvinnulausa. Mér fannst viðmótið eins og viðkomandi starfsmaður væri að borga mér úr eigin vasa atvinnuleysisbæturnar. Það er nógu erfitt að vera atvinnulaus að í ofanálag bætist ekki leiðinlegt viðmót þess sem er ráðinn af ríkinu við að aðstoða og liðsinna atvinnulausum. Mér fannst vera litið niður á mig af starfsmanni Vinnumálastofnunarinnar, þess vegna hætti ég á atvinnuleysisbótum og maðurinn minn hefur séð fyrir mér síðan.
- Fræðsla er númer eitt þið stóðuð ikkur vel
- Fyrir gamla konu eins og mig þá mætti hún taka betur á móti okkur. Skrefin þangað eru þung fyrir þá sem hafa verið á vinnumarkaði í tugir ára og staðið sína plikt
- Fyrir það fyrsta má bæta viðmót starfsfólks vinnumálastofnunar gagnvart atvinnulausum það er nógu erfitt að þurfa leita eftir hjálp vegna atvinnuleysis án þess að fólki þurfi að finnast það

vera annars flokks vegna viðmóts starfsmanna vinnumálastofnunar. Eftirfylgni eftir að atvinnuleitandi fær vinnu þarf að vera meiri og það sérstaklega ef atvinnuleitandi tekur þátt í vinnumarkaðsúrræði. Viðhafa eftirlit með fyrirtækjum sem taka þátt í vinnumarkaðsúrræðum á vegum vinnumálastofnunar, að þau fyrirtæki fari eftir gildandi kjarasamningum í það minsta þann tíma sem fyrirtækin taka þátt í vinnumarkaðsúrræðum (lenti sjálfur í því að fyrirtækið sem ég starfaði hjá í vinnumarkaðsúrræði vinnumálastofnunar braut á mér kjarasamninga þann tíma sem ég var í reynsluráðningu og þá mánuði sem ég starfaði hjá því fyrirtæki eftir að úrræðinu lauk) viðmótið sem ég fékk hjá vinnumálastofnun þegar ég hringdi með spurningar um kjarasamningsbrotin voru á þá leið að það væri ekki mál vinnumálastofnunar.

- Fyrst þætti mér að gera aðkomuna betri. Fyrst þegar ég fór til að skrá mig fannst mér ég vera á einhverri skelfilegri stofnun að betla pening. Ég óskaði eftir 3svar að fara á einhver námskeið, t.d. þróðanámskeið en ég heyrði aldrei neitt frá því - því það voru svo margir að sækjast eftir þessum námskeiðum. Kannski reyna eftir bestu getu að hafa fleiri námskeið, eða halda þau oftari. Og fá sendan póst þegar nýtt starf kæmi inn.
- Gefa fólki kost á því að sækja sér meiri menntun eða starfsþjálfun án þess að svipta það bótaréttinum. Fullorðið atvinnulaust fólk hefur engin efni á því að auka skuldabyrði sína með námslánum eða námskeiðagjöldum.
- Gefa manni meiri tíma og ganga ekki að því vísu að fólk sé að svindla.
- Gefa sér meiri tíma í að tala við fólk og hlusta kannski á einhverjar nýngar sem fólk vill koma af stað, (veit að allt kostar þetta) en ok við verðum öll að reyna að hjálpast að með að koma íslandi aftur á lappirnar. Ég reyndar sé smá eftir því að hafa farið aftur í vinnu þá skömm sé að segja það, mig langaði alltaf í að fara í tölvunám eftir grunnmenntaskólann og læra meira og komast betur út á vinnumarkaðinn en áður, en svona er lífið bara, vona bara að við öll komumst yfir þetta allt. Kv ég .. og takk fyrir mig.
- Gefið fólki meiri tíma til að tala við það.
- Gefið lengri tíma til uppbyggingar og þróunar eigin viðskiptahugmyndar. 6 mán er allt of lítil tími til að koma einhverju af stað.
- Gefið réttar uppl. í byrjun ferlis (þegar sótt er um atvinnulb.) t. d. varðandi hlutastörf og rétt /skerðingu bóta. Held að " %-auglýsingar um atvinnuleysi frá Vinnumálastofnun " gefi falska mynd þeir telja bara þá sem eru á skrá hjá þeim, ekki hina sem eiga ekki bótarétt, og /eða eru óskráðir.
- Gert aðalafgreiðsluna manneskjulegri og jákvæðari, þetta á sérstaklega við afgreiðsluna í Morgunblaðshúsinu. Þar var þjónustan fyrir neðan allar hellur. Ég lenti í því að vera sendur frá skrifstofunni Engjateig yfir í Morgunblaðshúsið og þaðan til Ríkisskattstjóra þegar ég þurfti aðeins að fá útfyllt eyðublað hjá Ríkisskattstjóra. Fólkið á Engjateig sagði eitt og í Morgunblaðshúsinu sagði annað. Síðan fékk ég réttustu upplýsingarnar hjá Ríkisskattstjóra sem leysti mín mál.
- Gert umsóknarferlið þægilegra fyrir umsækjendur. Gera úrræði sín persónubundnari og fjölbreyttari.
- Gert þeim sem ný skrá sig auðveldar með að komast á skrá og þrúfa ekki að bíða í nokkrar vikur. Einnig að herða eftirlit með þeim sem eru á skrá að þeir séu í virkri atvinnuleit.
- Get ekki tjáð mig mikið um það. Hef tvisvar lent í atvinnumissi og í bæði skiptin reddað mér vinnu sjálf.
- Getið bætt það með því að hjálpa betur umsækjendum að velja sér námskeið við hæfi. Fannst alltof margir velja eitthvað sem þeir sýndu lítinn sem engan áhuga. Dregur það úr metnaði annarra sem eru virkilega að reyna að bæta úr sinni stöðu á vinnumarkaði. Það hefði verið gott að geta sest niður í 10 min með ráðgjafa og farið yfir þau námskeið sem hafa verið valin og gera meir grein fyrir af hverju það námskeið hafi verið valið og hvernig fólk telur sér geta

nýtt sér það. Fannst í raun sorglegt að sjá peningana sem lagt var í að bjóða þessi námskeið fara í fólk sem vissi ekkert hvað það var að gera þarna né vilja til að nýta sér það.

- Gott væri að þeir sem eru að auglýsa eftir fólki láti viðkomandi umsækjanda vita hvort hann eða hún fái vinnu eða ekki. Hef rekið mig á það að menn eru ekki að tilkynna þessa hluti.
- Góð byrjun væri að ráða starfsfólk sem kemur almennilega fram við fólk. Kemur ekki fram við alla á skrá eins og þeir séu aumingjar sem nenna ekki að vinna og vilja bara hanga á bótum. Meiri hlutinn vill sem betur fer finna starf við hæfi og komast aftur út á vinnumarkaðinn. Það er virkilega særandi og hreint og beint móðgandi þegar endalaust er talað niður til manns þarna hjá ykkur.
- Góð þjónusta í alla staði, en það má alltaf gera betur :)
- Greiðslustofa þarf að svara tölfupósti frá atvinnuleitendum og staðfesta móttöku tölfupóstsins.
- Gætu unnið vinnuna sína. Hér eru nokkur dæmi um vinnubrögð sem að ég varð vitni af og eru að mínu mati ekki til framdráttar: 1. Ég skilaði inn öllum fylgigögnum með umsókn 7. febrúar 2011. Fékk bréf mánaðaramótin feb/mars þar sem að ég var beðin að skila inn gögnum. Svörin sem ég fékk þegar ég sagðist hafa skilað þeim fyrir 3 vikum síðan voru á þá leið að einhver starfsmaður hefði gleymt að tengja þau saman í tölvukerfinu. Vegna þessara mistaka var mér tjáð að ég færi aftast í röðina og mál mitt yrði tekið fyrir 11. mars. Ég hætti að vinna 1. desember 2010 og fékk fyrstu greiðslu frá VMS miðjan mars 2011. 2. Ég fékk atvinnuviðtal upp á eigin spítur og hringdi til að láta vita af því. Starfsmaður skráði það ekki eins og hann sagðist vera að gera þegar ég spurði hvort ég þyrfti að staðfesta atvinnuleit sagðist hann vera búinn að því fyrir mig. Það var ekki rétt. 3. Ég bað um að fá skattkortið mitt sent þegar ég var komin með vinnu 1. apríl 2011. Ég fékk skattkortið sent vitlaust útfyllt, þ.e. að búíð væri að fullnýta persónuafsláttinn minn. Ég bað um að þetta væri leiðrétt, það var ekki hægt að gera það í bænum heldur átti að senda skattkortið með pósti norður í leiðréttingu. Ég fór niður í skatt að fá nýtt skattkort í staðinn. Kom þá í ljós að VMS var ekki búíð að skila inn neinum göngum um mig til skattsins svo að skatturinn hafði engar upplýsingar um hvað ég væri búin að nota í persónuafslátt. Ég hringdi þá til VMS og bað um að þessu yrði skilað inn. Svörin sem ég fékk voru að skatturinn hefði verið að taka upp nýtt kerfi og villan lægi hjá þeim. Ég talaði við skattinn, þau brostu úti annað og sögðu mér að starfsmaður VMS væri að ljúga.
- Hafa ferlið einfaldara fyrir fyrirtæki. Senda þeim umbeðna lista um hvaða fólk stofnunin er með á lista t.d. rafvirkja, vélvirkja og svo framvegis. Það er of flókið að senda ykkur beiðni.
- Hafa ferlið einfalt og boðleiðir færri. Slæmt þegar maður hefur fengið þær upplýsingar að allt sé í lagi og á von á greiðslu en kemur síðan í ljós að einhver staðar í ferlinu hefur einhver ákveðið að fleiri gögn þyrftu að vera án þess að ég væri látinn vita og ekki afturvirkjt þegar ég var búin að skila því sem ég var beðinn um.
- Hafa fleiri úrræði þar sem vinnumálastofnun greiðir atvinnurekendum fyrir að taka fólk í vinnu, greiðir hluta af launum.
- Hafa fólk í vinnu sem veit hvaða reglur og réttindi hinn atvinnulausi á - var stundum eins og starfsfólk væri gjörsamlega "út úr kú"
- Hafa lengri opnunartíma. Hafa fleiri að svara í síma og setja númerroð í gang. Vont að vita ekki nr hvað maður er í bið.
- Haft fleiri starfmenn svo að atvinnuleytendur þurfi ekki að bíða í 2 klukkustundir eftir aðstoð. Ég lenti oft í því. Fannst starfólkið þar mjög hjálplegt en alltof fáir til að geta annað eftirspurn.
- Haft minna flókið umsóknarferlið.
- Haft samband út af störfum en ekki bara til að tékka að maður sé ekki að svindla, eins og t.d. þegar maður er kallaður inn án fyrirvara til að sanna að maður sé á landinu. Ég var atvinnulaus í tvö ár og sótti um að meðaltali 10 störf á viku allan þann tíma og ég heyrði aldrei í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Flest þessara starfa og öll nema eitt sem ég fór í viðtal út

af, voru ekki á vegum Vinnumálastofnunar. Það eina sem ég fór í viðtal út af í gegnum Vinnumálastofnun var hálfgerð atvinnubótavinna, þar sem launin voru bara sama og bæturnar og Vinnumálastofnun borgaði vinnuveitendanum þannig að það hefði kostað mig peninga hefði ég fengið það starf.

- Hef ekki myndað mér skoðun þar sem ég var í raun ekki atvinnulaus.
- Held að þau séu í raun að gera sitt besta. Það sem truflaði mig er að fáir atvinnurekendur senda svar en það kemur Vinnumálastofnun ekki við.
- Herða lög, stytta bótatíma. Láta fólk vinna þann tíma sem það er á skrá, t.d. með að gera samning við fyrirtæki, þrifa umhverfi okkar.
- Hjálpað fólki að finna vinnu við það sem það vill virkilega gera - í staðinn fyrir að senda þau á tilgangslaus námskeið sem maður lærir lítið sem ekkert af.
- Hlustað betur á fólk. Ég tel mig hafa átt rétt á bótum þrátt fyrir að hafa sagt sjálf upp störfum (þar sem ég var látin vinna undir mjög miklu álagi með engan frídag í heilan mánuð 15-19 tíma á hverjum degi). Eftir 4 mánaða puð við ykkur fékk ég 25.000 kr. Ekki þess virði...
- Hugsað betur út í hvað og hvernig bjóða á sérfræðifólki sem hefur lent í atvinnuleysi. Það þarf hugsanlega aðra nálgun á málið.
- Hún gæti bætt sig með því að gefa betri og skýrari svör þegar maður leitar til þeirra. Og ekki sitja á einhverri skuld sem maður á hjá þeim í 3 ár áður en hún er send til innheimtunar!
- Hvatt einstaklinga um að sækja um þau störf sem eru í boði. Semja við sveitarfélög um að skapa störf ef það er hægt.
- Hvernig er hægt að finna mæta þeim sem eru lausráðnir, í afleysingum og fá stöku vinnuverkefni og sum þeirra bjóðasta aðeins gegn verktakalaunum? Ég hætti að skrá mig atvinnulausa þegar ég var komin í 25 % hlutastarf, ég er í afleysingum eitt misseri í skóla og með 2 afleysingastöður - þar sem kallað er í mig eftir þörf og fæ auk þess stöku verkefni sem aðeins veitast gegn verktakalaunum. Ég hef á undanförunum mánuðum náð allt að 50% starfi - en á fjórum stöðum. Það er nokkuð flókið að skila tekjuáæltun fyrirfram fyrir afleysingar sem ég veit ekki fyrirfram hvort og hvenær bjóðast og að afskrá sig fyrirfram vegna verktakaverkefna. Það er þetta "fyrirfram" sem veittist mér erfitt. Ég verð því aftur atvinnulaus í vor þegar hlutastarfs - afleysingastarfinum mínu líkur, en hef áhyggjur af því að hafa þá skert bótarétt minn, með því að viðhalda ekki skráningu sem atvinnulaus.
- Hvernig væri að ráða fleira starfsfólk til Vinnumálastofnunar og einfaldlega hætta að greiða okkur bætur, við eigum þær augljóslega ekki skilið!
- Hæfara starfsfólk við vinnumiðlun, háskólamenntaðir starfsmenn sjái um vinnumiðlun fyrir háskólamenntaðra o.s.frv. námskeið fyrir starfsfólk í mannlegum samskiptum með áherslu á að þjónusta fólk með brotna sjálfsmynd og áfallafræði.
- Hærrí atvinnuleysisbætur !!! Veit þó að Vinnumálastofnunin hefur ekkert með það að gera !!
- Í viðmóti sínu við þjónustunotendur vinnumálastofnunar. Ég hef alltaf unnið frá því að ég var 12 ára, og þangað til ég missi vinnuna þarna í rúma 3 mánuði, og allt viðmót sem ég fékk í samskiptum mínum við vinnumálastofnun var ókurteisi, engin hjálpsemi, og oftast en einu sinni var hreitt í mig þegar ég var að spyrja um hitt eða þetta. Svo var eins og þeir væru alltaf að vera viðbúin að ég væri að reyna að svindla, viðmótið ætti ekki að vera að gera ráð fyrir að allir séu að reyna að svindla á kerfinu. Ég geri ráð fyrir að fæstir séu að því, 2 x á þessum 3 mánuðum fékk ég þannig bréf frá þeim. Í fyrria sinnið var af því að ég hafði fengið dagpeninga frá bæjarfélaginu mínu því ég hafði farið sem leiðbeinandi með hóp að unglingum í ferð í sjálfboðastarfi, og þá sendu þeir bréf „hey þú varst greinilega á launum og ert að reyna að svindla og fellum við því niður bæturnar þínar" ... svo útskýrði ég og þá leiðréttu þeir það, og svo aftur þá hafði ég verið í námi ári áður en útskriftin var á þessum tíma, þó að námið hafi verið ári áður, og þá fékk ég aftur bréf „hey þú ert greinilega í námi og ert að reyna að svindla á okkur og því falla bæturnar þínar niður" og aftur gat ég sýnt fram á að svo var ekki og var

Það þá aftur leiðrétt. En tíminn og orkan sem fór í að safna öllum gögnum fyrir vinnumálastofnun, og sannfæra þá um að ég væri ekki að reyna að svindla á þeim, var tími sem hefði átt að fara í að leita sér að vinnu. Þetta er mjög niðurbjótandi viðhorf, og væri frábært ef þeir gætu lagað þetta :).

- Jákvæðara starfsfólk og minni skriffinnska
- Kannski að sýna atvinnulausu fólki að það er velkomið til ykkar. Hef tekið eftir því að konur sem vinna hjá Vinnumiðlun og eru komnar yfir miðjan aldur og fínt klæddar ættu að finna sér aðra vinnu þar sem ekki er hægt að líta niður á fólk sem er atvinnulaust og hefur ekki peninga til að líta vel út.
- Kennt eftir bókum Robert Kyosaki.
- Koma betur fram við fólk.
- Koma fram við atvinnulausa (kúnna sína) af meiri virðingu, flestir atvinnulausir eru ekki án vinnu af fúsum og frjálsum vilja, ekki meðhöndla fólk eins og svikara. Starfsfólk Vmst hafa eflaust reynslu af einhverjum sem gera allt í sínu valdi til að svíkja og pretta út bætur en þeir eru bara brotabrot af heildinni (vonandi) og það er nógu niðurlægjandi að vera án vinnu, að maður sé ekki meðhöndlaður eins og glæpamaður.
- Koma fram við fólk eins og manneskjur, svara tölvupóstum sem maður sendir og svara í símann til tilbreytingar. Líka að veita fólki réttar upplýsingar þegar maður loksins nær sambandi.
- Koma fram við okkur eins og manneskjur en ekki betlara.
- Látið eins og þeir séu að leita sér að vinnu en ekki halda að fólk sér þar eingöngu til að ná í bæturnar. Það er neyðarbrauð.
- Leggja meiri áherslu á aðstoð og lausnir en refsingar.
- Lengri opnunartíma.
- Lengt opnunartímamann. Svarað oftar (og lengur á dag) í símann. Veitt betri upplýsingar í gegnum síma. Ekki vera með eins mikla fordóma fyrir fólki sem talar litla íslensku og ég hef orðið vör við. Svarað e-mailum og kærðum málum hraðar og betur.
- Leyft fólki að skreppa erlendis í viku að minnsta kosti án þess að skerða tekjur þess.
- Markviss vinnumiðlun er nauðsynleg, einnig finnst mér ótrúlegt að maður geti bara staðfest atvinnuleit í gegn um tölvu, það er enginn að fylgjast með því hvort maður er að leita að vinnu eða ekki. Skil ekki hvað fólk kemst upp með að vera á atvinnuleysissskrá jafnvel í lengri tíma þegar vantar í ýmis störf í þjóðfélaginu.
- Með því að fylgjast betur með atvinnuleytendum og ýta þeim af stað i störfin
- Með því að gera það sem þeir segjast ætla að gera. Ekki bara vera með stór orð um hjálp og svo ekki gera neitt.
- Með því að vera jákvæðara (kannski hefur það breyst) og skilja að það passa ekki allir inn í það sem þið eruð að bjóða upp á. Þeir sem hafa háskólapróf þurfa ekki grunnnámskeið í hinu og þessu. Í flestum tilfellum þurfa þeir bara tíma til að finna sér vinnu. Að mæta á einhverja fundi og grunnnámskeið tefur bara fyrir.
- Með því að: *starfsfólk hafi virkilega þekkingu á bótarétti og reglum stofnunarinnar. -ég lenti ítrekað í því að fá algjörlega ólíkar upplýsingar hjá ólíku starfsfólki vmst og þekki þar að auki fólk sem hefur fengið önnur svör en ég við nákvæmlega eins málum. *að forsvarsmenn stofnunarinnar séu í meiri tengslum við fólk sem nýtir sér vmst og geti svarað fyrir þær reglur sem þar eru. Ég sendi til dæmis langt kvörtunar og spurningabréf til 2ja yfirmanna hjá stofnuninni og fékk aldrei nokkurt svar. *að samræma rétt launþega og verktaka. -Það að verktakar hafi ekki nokkurn einasta bótarétt á móti vinnu sinni, hversu lítil eða mikil hún er, er algjörlega til skammar og getur haft verulega neikvæð áhrif. Það hvetur til þess að fólk taki að

sér "svarta" vinnu og letur fólk til að fara út á markaðinn og taka að sér litla vinnu í verktöku, þar sem bótaréttur þeirra ekki bara skerðist heldur verður enginn við það. *svo er heilmikið fleira ábótavant. Til að mynda eru reglurnar um bætur á móti undir 50% vinnu algjörlega út í hött. Ég er einstæð móðir og var, þegar ég þáði bætur, á verulega lágum launum í eitthvað um 46% starfi hjá Reykjavíkurborg, sem ég tilkynnti til Vinnumálastofnunar, og fékk smáupphæðir í bætur á móti vinnun í nokkra mánuði. Nú, mörgum mánuðum síðar, hef ég þó fengið bréf þess efnis að eitthvað hafi verið rangt reiknað hjá vmst og þar af leiðandi þurfi ég að borga nánast allar þessar bætur til baka! Ég veit ekki hvar þeir sem búa til þessi reikningsdæmi gera ráð fyrir að maður kaupir mat handa barninu sínu og hvaða sérsamning viðkomandi eru með á að greiða reikninga, en sú upphæð sem ég fékk fyrir mína vinnu og þessir þúsundkallar sem ég fékk á móti frá vmst dugðu enganvegin fyrir því- hvað þá þegar búið er að ákvarða að ég hafi svo ekki átt rétt á þessum nokkru þúsundköllum og þurfi að greiða þá til baka! Svo er fólk sem er í fleiri ár á bótum og gerir aldrei nokkurn skapaðan hlut til að reyna að koma sér á vinnumarkaðinn eða losna af bótunum. Þetta kerfi er til háborinnar skammar.

- Meira af verklegum þáttum, þar sem fólk fær að nota hendunar.
- Meiri og betri upplýsingar frá starfsfólki vinnumálastofnunar.
- Meiri og persónulegri stuðningur við atvinnulausa og sálfræðiþjónusta. Það er svo mikil niðurlægning að vera ekki með vinnu. Mér fannst ég vera annar flokkur í þjóðfélaginu. Síðan líta vinnuveitendur niður á þá sem eru ekki í vinnu og vilja ekki ráða þá sem eru atvinnulausir. Nú þegar ég er yfirmaður í fyrirtæki og er að ráða fólk, þá heyrir ég hvernig er talað um þá atvinnulausu, sem er skammarlegt ..Þessu verður að breyta með miklum stuðningi. Stuðningur getur verið í svo mörgu formi svo erfitt er að tala um það hér, en fyrst og fremst virðing við þann atvinnulausa frá ykkar hálfu sem er að skornum skammti að mínu mati og reynslu.
- Meiri samvinna við fyrirtæki sem er nú reyndar að koma inn meira.
- Meiri stuðningur við þá sem eru að reyna að skapa eitthvað í stað þess að fara fram á að maður sitji heima á bótum. Það er öruggara að sitja heima hjá sér og gera ekki neitt heldur en að reyna að stofna eitthvað sjálfur, þar sem maður á þá bara á hættu að missa bæturnar. Ásamt því mætti bæta viðmót starfsmanna. Tilfinningin við að í samskiptum við stofnunina er sú að maður sé glæpamaður sem er að reyna að svíkja bætur frá ríkinu. Það er eðlilegt að vera varkár þar sem slíkir einstaklingar eru allt of algengir. En það fer enginn í samskipti við vinnumálastofnun án þess að líða illa eftir á.
- Meiri tillitssemi væri til bóta. Erfitt getur verið að sækja námskeið t.d. um langan veg vegna ferðakosnaðar sem þarf að greiða af lágum bótum, gott væri að hafa það í huga. Það kom mjög illa við mig þegar ég heyrði starfsfólk vinnumálastofnunar ræða um það í fjölmiðlum að fólk væri að svíkja út bætur og vinna svart. Þetta virkaði eins og reglan væri þessi en ekki undantekningin. Og þar með var felldur dómur yfir öllum sem þurftu að leita til ykkar. Mér finnst að mörgu leyti mín samskipti við ykkur hafa verið góð og vel leyst úr þeim vandamálum sem ég þurfti að leita til ykkar með.
- Mér fannst bara mjög erfitt að þurfa að skrá mig atvinnulausa og þannig ég veit ekki hvað þið getið gert til að bæta það en mér leið eins og ég væri alger lúser. En var mjög þakklát að fá aðstoð, Kanski taka mest á því að taka vel á móti fólki sem langar að vinna og er ekki að misnota kerfið.
- Mér fannst óþarfi að eyða tíma og skattþeningum í að neyða mig til að mæta á námskeið sem ég hafði ekki áhuga á eða gagn af, bara svo ég gæti haldið áfram að fá þessar bætur. Það eru ekki allir atvinnulausir latir og mér fannst nógu niðurlægjandi að þurfa að þiggja þessar bætur án þess að fá þessa viðbótar niðurlægingu, að þurfa að mæta á einhver hvatningarnámskeið þar sem maður var látinn lita og fönndra, þritug manneskja með meistarapróf frá London. Það truflaði mig mjög mikið.
- Mér fannst svolítið erfitt að ná sambandi við ráðgjafana, fannst þeir (þessir tveir sem ég talaði persónulega við) gefa frekar litlar upplýsingar að fyrra bragði og vera að flýta sér við

afgreiðsluna. Ein sem ég talaði við var af erlendu bergi brotin og svosem allt gott um það að segja, nema það að mér fannst hún ekki alveg skilja það sem ég var að spyrja hana að - sem mér finnst grundvallaratriði við svona ráðgjafa. Mér fannst ég fá betri upplýsingar á netinu en hjá ráðgjafa og mér fannst það fremur slæmt.

- Mér finnst að það ætti að vera meiri eftirfylgni með því að fólk nýti úrræðin og sé í raun að leita sér að vinnu.
- mér finnst að þaug mætu bæta og laga síðuna sína, t.d. hvað rétt hefur maður, td með tannviðgerðir eða eithvað sem bætir heilsu, og vinnu erlendis ég á nokkrar vinkonur sem skilja ekki enskuna, þá fannst mér að það mæti kannski færa hana inn sem á íslansku, en annars finnst mér síðan mjög góð að finna vinnu. og hún hjálpar manni alveg rosalega, td að leita eftir vinnu.
- Mér finnst bið eftir þjónustufulltrúa mjög löng oft á tíðum. Eitt sinn kom ég með skjal sem ég þurfti að skila og það var fátt á biðstofunni og tveir á undan mér í röðinni en ég þurfti að bíða í 40 mínútur samt. Þetta var í kringum hádegisþing og kannski er það skýring að starfsfólki hafi verið í hádegismat.
- Mér finnst fáránlegt að fólk sem er nýkomið á skrá hjá Vmst. fer á langt námskeið á ykkar vegum og er svo óheppið að verða veikt í 2-3 daga á meðan á námskeiði stendur missi bætur sem nema 20- - 30 þúsund en kemur þó með læknisvottorð. Þetta er dæmi sem ég þekki og er mjög ósátt við.
- Mér finnst lítið í boði fyrir fólk eins og mig sem er mjög vel menntað og er að leita sér áfram af stjórnunarstöðum, þe hærri stöðugildi. Þegar ég var á skrá þá kom aldrei inn á borð stöður sem hentuðu minni reynslu og menntun. Þrátt fyrir það að ég hafi verið mjög aktív að spyrjast fyrir um slíkar stöður ásamt því að fylgjast mjög grannt með auglýstum störfum á vegum VMST á netinu. Man að mér fannst það vera afskaplega sorglegt.
- Mér finnst margar spurningar í þessari könnun leiðandi og taka á rögum málum. t.d. er ímynd Vinnumálastofnunar að mínu mati óviðeigandi þæling hér. Málið snýst um úrræðin og fólkið sem þarf að nota þau, og ekki brand strategíu vinnumálastofnunar og ímynd hennar. hún er fullkomið aukaatriði. Það þarf að laga kerfið að fólkinu - fólkið á ekki að laga sig að kerfinu. Atvinnugreinarnar sem nefndar eru í upphafi könnunarinnar eru fáar og ná engan veginn yfir atvinnugreinar þjóðarinnar. T.d. er engin menningarstarfsemi á listanum. Huga þarf að ólíku starfsumhverfi greina og laga úrræði fyrir einstaklinga að því. Kjarni málsins verður e.t.v. ekki leystur innan veggja vmst, enda djúptækari en það og byggir að mínu mati á því að fólk hefur í árána rás firrt sig sjálfsábyrgð í krafti samfélagslegra kerfa sem nú er í molum og þjóna okkur ekki lengur en er samt viðhaldið. Þau eru eins og egó sem ekki vill deyja. Aukin tenging einstaklingsins við innsæi sitt, jörðina og alheiminn er e.t.v. eitt af því sem mætti vinna í og myndi hafa uppbyggjandi áhrif á einstaklinginn. E.t.v. er það eitthvað sem vmst gæti hugleitt - að efla einstaklinginn t.d. frekar með hlaupaskóm eða uppskriftum með heilnæmu og fræðslu um bætt matarræði en fjöldafundum, samstarfi t.d. í fyrirlestrahaldi / viðburðum með öðrum, t.d. menningarstofnunum, sviðum háskólans, ferðafélaginu o.s.frv. Ef grunnlaun yrðu hækkuð þá myndi sá fjöldi sem sækir til vmst stórlækka - maður heyrir allt of oft af fullfrísku fólki sem velur að vera á bótum því peningalega kemur það út á sama. Þetta hefur með peningana að gera og líka þennan skort á sjálfsábyrgð sem á sér djúpar rætur og verður ekki leystur með úrræðum vmst. Takk fyrir lesturinn!
- Mér finnst meira af orðum á blaði en í gjörðum. Skilgreiningar eru vel unnar og verkefni vel skilgreind - en lítill skilningur ef um ræðir að eitthvað gerist sem hjá þeim sem eru á bótum. ég var ekki nema 2-3 mánuði á bótum og fékk einn ekki greiddan vegna þess að ég kunni ekki að stimpla mig inn (gleymdi að ýta 2x til að fá staðfestingu senda) og þar með var enginn skilningur og ég fékk ekkert greitt! Samt var ég dugleg að redda mér vinnu aftur og fara af stað. Mín reynsla var sú að sveigjanleiki var ekki til staðar og það er kannski ógerlegt að vera sveigjanlegur á þessu sviði - en það eru heiðarlegir kúnnar inn á milli sem ramminn er

fullharður utan um og að mínu mati ekki tekið tillit og engin trú á mistökum fólks sem vissulega allir geta gert.

- Mér finnst mikilvægt að kynna fólki mjög fljótt fyrir því sem þið hafið í boði. Tími manns er mikilvægur og maður á ekki að sóa honum í að gera ekki neitt þegar það eru góðir hlutir í boði. Ég var atvinnulaus í rúmlega ár og mér fannst það gífurleg sóun á tíma og hæfileikum að mega ekki gera neitt (nema það væri á ykkar vegum og frumkvæði) til að efla sjálfa sig. Mér finnst að fólk mætti auka tekjur sínar upp að ákveðinni upphæð í bland við atvinnuleysisbætur. Bæturnar duga ekki til að lifa út mánuðinn þótt maður leyfi sér ekkert aukalega. Ég er ljósmyndari og grafíker og ég hefði viljað fá að taka að mér lítil verkefni án þess að þau hefðu áhrif á bætur.
- Mér finnst vanta upplýsingar til vinnuveitanda þ.e.a.s. til að fólki líði vel á vinnustöðum. Mikið er um einelti sem þolendur þora ekki að gera neitt í vegna ótta við uppsögn. Annað varðandi upplýsingar til vinnuveitanda (bæði opinbera geiran en þó aðalega einkageiran) - Mjög léleg svörun er við atvinnuumsóknum. Fólk sendir persónuupplýsingar í mörgum tilfellum í hálfgerð svarthol og þar sem oft eru umsóknum ekki svarað - hvorki að þær hafi verið móttæknar eða að ráðið hafi verið í starfið. Það er niðurdrepanði og fær atvinnuleitendur til að missa móðin, sjáfstraustið og viðninguna. Það er mikil streita sem fylgir því að vera atvinnulaus - mér finnst vanta sálfræðiþjónustu - handleiðslu og sjálfstykingu.
- Mér finnst átaksverkefni virka vel það þarf bara fleiri svoleiðis störf. Mér finnst að allir þeir sem eru vinnufærir ættu ekki að vera verkefnalausir svo það mætti gera meira til að passa upp á það. Það er EKKI sjálfsagt að fólk sé þvingað til að taka sér vinnu sem þeim finnst leiðinleg og illa launuð EN það myndi kannski láta sig hafa það hálfan daginn t.d. Vinnumálastofnun greiðir bara fólki fyrir að gera eitthvað. En ætlast ekki til, fyrst þetta er ekki óska starf, að fólk sé allan daginn. Heldur getur aðilinn valið að vinna 10klt á viku á elliheimili, með fötluðum, gera Reykjavík fallegri, aðstoða útlendinga, eitthvað sem vantar fólk í en er ekki peningur til að ráða fólk. Það er ekki gott að fá fólk í suma vinnu t.d. elliheimili sem vill ekki vinna þar, en ef það hefur annan valmöguleika t.d. endurvinnsla, hreinsun þá ætti að vera hægt að gera það að skilyrði að fólk þurfi að taka að sé samfélagsvinnu í nokkra klk á viku.
- Mér hefur fundist að það vanti að auka eftirlit vinnumálastofnunar með því að fólk sé virkilega í virkri atvinnuleit á meðan það þiggur bætur. Þekki nokkur dæmi þess að einstaklingar þiggi bætur en sinni því á engan hátt að leita sér að vinnu á meðan heldur finnst það bara fínt að vera á bótum og sér ekki ástæðu til þess að fara að vinna ef það getur verið á framfæri ríkisins og fengið sama pening.
- Mér virðist að þessi stofnun sé orðin eitt allsherjfar skrýmsli sem sé að mörgu leiti staðnað með úrræði. Það þarf að gera meira en hjálpa fólki að gera CV. Það á að koma unga fólkinu út af skránni og í t.d. nám með einum eða öðrum hætti. Það þarf að vinna með einstaklingsmiðuð úrræði en ekki búa til einhverja "sýndarpakka" til að stjórn og forstjóri gæti barið sér á brjóst, fullir sjálfsánægju. Fólk hefur fjölbreytta menntun og reynslu og það þarf að taka tillit til þess.
- Mig langar að benda sem hægt er að bæta hjá ykkur. Ég var í háskólanámi með starfi þegar ég fór á skrá hjá Vinnumálastofnun. Ég var í tveimur kúrsum sem gera 12 einingar. Samkvæmt reglum hjá ykkur þá má eingöngu vera í námi sem svarar 11 einingum til að standast kröfur um bætur. Ég var í samband við ykkur út af þessu á þeim tíma en varð síðan að hætta í einum kúrs til að standast ykkar reglur sem mér fannst MJÖG SLÆMT. Þessum reglum þarf að breyta hjá ykkur. Flestir kúrsar eru 6 einingar.
- Minnkað biðina í afgreiðslunni.
- Mín reynsla af vinnumálastofnun og allri þjónustu þar hefur bara verið jákvæð. Gott viðmót hjá starfsfólki og allir mjög hjálpfúsir. Kannski mætti reyna að auka við námsleiðir/námskeið sem nýtist í starfi fyrir fólk sem er með framhaldsmenntun en gengur illa að fá vinnu enda ekki mörg störf í boði á ýmsum sviðum. T.d. Tölvunámskeið fyrir fólk sem er nú þegar með grunn í t.d. Excel, Navision o.fl.) Námskeið í markmiðasetningu, tímastjórnun. Ég fór á námskeið hjá

Impru sem var algjörlega frábært. Þá er fólk að auka hæfnina fyrir framtíðarstarf og það hjálpar sjálfstraustinu alveg helling. Mér finnst rosalega mikið framboð á námskeiðum og námi fyrir fólk sem er ekki með grunntæningu (sem er skiljanlegt).

- Móttakan á fyrsta fundinum var fremur köld og vélræn. Mér er minnisstætt hvað mikið var rætt um þau skjöl sem nauðsynleg væru ef ætlunin væri að flytja til Noregs. Mér finnst að það ætti að vera sérfundur fyrir þá sem hafa hug á að flytja til Noregs. Ég myndi telja að fyrsti fundur þyrfti að vera meira hvetjandi og upplýfgandi í anda Sigurbjörns Þorkelssonar en hann hélt fína hugvekju í lok 2010 þegar námskeiðsúrræðin voru í boði.
- Mætti t.d láta mann betur vita af t.d vottorði í sambandi við læknaþjónustu sem sagt afsláttarkort eða hvað það nefnist ég var búinn að vera á skránni frekar lengi þegar ég frétti af því kannski hefði ég átt að lesa mér betur til. Svo fannst mér annsi hart að detta út af skrá í rúma tvo mánuði vegna ferðar erlendis .vegna þess að það er lítið mál að komast í tölvu til að leita sér að atvinnu .Þetta var ekki svona þegar ég lennti á skránni fyrir nokkrum árum vegna að staðurinn sem ég vann á hætti. , fékk maður bara að stimpla sig annan dag . þetta væri að sjálsögðu réttlátt ef um svik væri að ræða eins og margir að vinna svart með og fá líka bætur ég mátti til að koma með þetta því ég varð mjög svekt vegna þess að maður þarf jú að borga sínar skuldir eins og aðrir með fyrirfram þökk.
- Mætti vera auðveldara að nálgast upplýsingar símlíðis. Einnig mætti bæta viðmótið í afgreiðslunni - lenti í smá atviki á gamla staðnum (á ekki við um ráðgjafana samt, gott viðmót þar).
- Mætti vera betri aðkoma í móttöku þegar fólk er að sækja um, viðmót má bæta, þar sem að mörgum finnst erfitt að koma.
- Mætti vera betri upplýsingar um hvaða möguleika og hvað býðs hjá Vinnumálastofnun fyrir atvinnulausa. Viðmót þarf að vera vinalegt, en ekki svona kuldalegt og fráhrindandi og gefa betri upplýsingar um hvað stendur til boða.
- Mætti vera styttri biðtími á biðstofunni.
- Nauðsynleg þjónusta en mætti vera miklu betri gagnvart umsækjendum.
- Númer 1, 2, og 3 að fólk hafi áhuga á námskeiðunum sem þið skyldið fólk til að fara á. Mér finnst sorglegt að vinnumálastofnun borgi fyrir dýr námskeið sem fólk nennir ekki að fara á svo er fólk sem virklega hefur áhuga og vill halda áfram í framhaldsnám en þarf að borga fyrir það sjálft.
- Núna er þetta orðið þannig að það er erfitt að fá vinnu fyrir fólk sem er ekki á atvinnuleysisbótum, vegna þess að þið bjóðið upp á svo margt fyrir vinnuveitendur, vinkona mín var rekin vegna "samdráttar" og það voru ráðnar tvær konur inn af atvinnuleysissskrá þá sást nú bara alveg í gegnum það að það var vegna þess að þið greiðið vinnuveitanda bæturnar og vinnuveitandi greiðir þeim mismuninn. Hún var í námi en náði samt að vinna 50-70% með skóla, býr hjá foreldrum sínum, og hefur ekki rétt á atvinnuleysisbótum og fær enga peninga núna, hún þurfti að hætta í skóla, var á seinustu önninni sinni til að útskrifast sem fatatæknir, þurfti að taka 100 % dagvinnu. Vinnuveitendur vilja frekar ráða starfsmenn af atvinnuleysissskrá vegna fríðinda fyrir þá heldur en fólk sem er ekki á bótum, kannski ný komnir úr námi, búnir með bótaréttinn sinn, hafa ekki rétt á því kannski vegna veikinda og fleiri fleiri ástæður.
- Of mikið af mistökum. Týnd skattkort og fl. Sýna útlendingum meiri virðingu..
- Opnunartími þarf að vera eðlilegur, en ekki til 15.00. Símsvörun þarf að vera eðlileg en ekki eins og hjá TAL. Ímynd VMST er sú að latir Íslendingar nenni ekki að taka þeim (láglauna) störfum sem bjóðast, kjósa heldur að vera á bótum því þær eru jú sæmilega háar og bótatími er mjög langur (fyrir alla, líka ungt fólk sem kann ekki og nennir ekki að vinna). Þetta eru að sjálfsgöðu ekki þættir sem snerta VMST eingöngu (kannski aðeins lítillaga), en þetta er samt viðloðandi ímynd.

- Persónulegra, við erum ekki öll eins, að við fáum að tala, en ekki bara hlusta á hvað er berst fyrir okkur.
- Ráðið betra og hæfileikaríkara starfsfólk. Ég virtist ítrekað hafa lennt á starfsfólki sem að nennti ekki eða hafði ekki tíma til að aðstoða mig svo að ég kæmist sem best út úr þessu tímabili ævi minnar. Það fá allir falleinkunn í mannlegum samskiptum og ættu sjálfir að fara á námskeið til þess að auka sína eiginleika til að aðstoða fólk sem er á versta tímavarki ævi sinnar fyrir framan þessa starfsmenn. Algjör óánægja með þessa stofnun og starfsfólk hennar!
- Refsa ekki nemendum (með því að hafa svo gott sem engar bætur í boði sem hægt er að lifa við) sem voru í skóla til þess að mennta sig en fá svo ekki vinnu milli menntaskóla og háskóla útskrifist þeir á haust önn enn framboðið af námi í hía að vori er svo til ekkert og neyðist nemandinn því til þess bíða eftir haustinu. Gerið ekki ráð fyrir því að það sé í boði fyrir alla menntaskólanemendur að búa heima hjá mömmu og pabba.
- Reynt að bæta sig í hraða umsóknunar ferlisins vegna þess því hún er alltof hæg að gerast, fólk þarf peningana sína strax en ekki eftir 2 manúði.
- Reynt að fá til sín meira af störfum fyrir háskólamenntað fólk, fannst þegar ég skoðaði úrvalið vera mest störf fyrir verkafólk og iðnaðarstörf.
- Sama og ég benti á áður. Vinna saman með fyrirtækjum og koma fólk i vinnu. Langvarandi atvinnuleysi fyrir fólk á mðjum aldri er bara mannskemmandi
- Samræmd vinnubrögð og ekki að vísa hver á annan, þegar haft er samband.
- Satt að segja finst mér vinnumálastofnun gera sitt besta.
- Senda öll bréf einnig á netpóst það flýtir fyrir ferlinu og nútímalegri samskipti.
- Setja námskeið sem í boði eru á síðu vinnumálastofnunar. Þjóða upp á fleiri styrki til að sitja námskeið og bæta við sig þekkingu sem nýst getur í vinnu.
- Sinnt atvinnuleitendanum mun betur og hlustað að það sem fólk úr atvinnulífinu hefur að segja.
- Sjálfsgagt er eithvað hægt að bæta, en mér er enn minnstæð fyrsta ferðin á vinnumiðlunina, hve vel var tekið á móti mér og hve mikil jákvæðni ríkti hjá viðkomandi persónu sem ég ræddi við, hún heitir Jórunn ef ég man rétt, alveg yndisleg manneskja, vonandi er hún enn að vinna hjá ykkur. Eina vandamálið var símaþjónustan, frekar löng bið þegar ég hringdi, en væntanlega margir að hringja á sama tíma, eins og gengur, kringum mánaðarmót og útborgunardaga.
- Skagaströnd gæti svarað símanum.
- Skrifstofa atvinnu ekkert betra að mínu mati að þú hefur ekki, vegna þess að þegar atvinnumarkaðurinn er ekki nóg í sumum geirum alls skortur á henni, og skrifstofu mun ekki hjálpa. Ég held að þeir sem stjórna landinu að setja meiri áherslu á þróun í landinu, vegna þess að sama hlutfall af atvinnuleysi ekki útrýma ekki.
- Skýrari heimasíða. Betra aðgengi að starfsfólki.
- Spurning hvort Vinnumálastofnun hafi samband við fyrirtæki sem eru að leita að háskólamenntuðu fólk. Mér finnst alveg vanta störf sem henta háskólagegnum eða fólk með mjög mikla reynslu á vinnumarkaði. Er þá helst að hugsa um margskonar fjármálastörf þar sem víðtækrar kunnáttu eða menntunar er krafist. Störfin sem eru auglýst á heimasíðu ykkar eru að miklu leyti fyrir ómenntaða og aðila sem eru ungir á vinnumarkaðnum.
- Starfsfólk má taka það til sín að við erum ekki öll svikarar og hálfvitar sem sækjum atvinnuleysis bætur og mætti koma betur fram við mann.

- Starfsfólk oft á tíðum ekki vel upplýst. Svarar fyrirspurnum ranglega og vantar alla þjónustulund. Jafnvel hrokafullt. Mér finnst fíranlegt að einstaklingur sem er á atvinnuleysiskrá eigi ekki rétt á orlofi. Geti ekki farið í burtu án þess að detta út af bótum.
- Starfsfólk verið jákvæðara
- Starfsfólk vinnumálastofnun veit ekki sjálfur um vinnu og oft spurningar næsta starfsfólk.
- Starfsfólk vinnumálastofnunar þarf að greina á milli þeirra sem þurfa að vera á atvinnuleysisbótum vegna þess að þeir fá enga vinnu og þeirra sem nenna ekki að vinna. Viðmótið sem ég fékk var hrikalegt og eina sem ég vildi var að fá vinnu. Starfsfólkið var á heildina mjög dónalegt, neikvætt og óhjálplegt. Fyrstu tvo mánuðina var dreginn af mér fullur skattur vegna þess að þeir týndu skattkortinu mínu, það er annað sem mér finnst alls ekki boðlegt og það fannst ekki. Ég tilkynnti að ég væri að fara í ferðalag á vegum sjálfboðasstarfsins sem að ég sinni og eftir það fæ ég tölvupóst um að þeim hafi borist tilkynning að ég væri ekki á landinu og því færi ég í bið á atvinnuleysisbótum og það fannst mér skrítið þar sem ég tilkynnti það sjálf og fór eftir öllum reglum. Ef fólk á að sinna sjálfboðastörfum á meðan það er á atvinnuleysisbótum verður að vera leyfilegt að fara í styttri ferðir erlendis á vegum sjálfboðaliðasamtakanna, þar sem fólk er áfram að gefa tímann sinn. Að mínu mati þarf vinnumálastofnun fyrst og fremst að einbeita sér að koma fólki í vinnu og það er ekki að gerast, eins þarf að taka tillit til að ungt fólk með menntun er á atvinnuleysiskrá og það er ekki val þeirra. Fólk fer ekki mörg ár í háskólanám til þess að þiggja bætur.
- Starfsfólkið mætti vera kurteist þó að sumir eru það að sjálfssögðu, svo veit ég um dæmi þar sem aðilar hættu í vinnu eða voru reknir og fengu strax bætur. Á meðan aðrir eins og ég hætti t.d. í skóla því ég átti ekki efni á því að klára námið en fékk samt engar bætur. Vinnumálastofnun mætti leita t.d. að vinnu handa manni eins og jú er sagt að er gert en það hefur einu sinni gerst að um sókn um mig hafi verið send til vinnuráðanda og ég hef í heildina á seinust 3 árum verið atvinnulaus í u.þ.b. 1. ár og hef þar af leiðandi 'gæta reynslu að sækja um bætur o.þ.h. og í stuttu máli sagt þá veit um fólk að fólki sem hefur verið atvinnulaust og þau og ég erum öll sammála um það að starfsfólkið er oft alveg hræðilega hrokafullt og ókurteist (en engann veginn allir) og fólk sem á krakka og börn ætlar á vinnumarkaðinn fær ekki vinnu og engar bætur á meðan sumir sem eru reknir vegna leti fá bætur.
- Stendur sig vel. Þekki starfseminna ekki nógu vel til þess að koma með almennilegar athugasemdir, kannski fleiri násmkeið, jafnvel í lífsleikni fyrir þá sem þurfa á því að halda.
- Stofnunin þyrfti almennt að vera sveigjanlegri gagnvart atvinnuleitendum, bjóða upp á meira úrval námskeiða fyrir langskólagengna og temja sér jákvæðara viðhorf gagnvart atvinnuleitendum. Í fyrsta lagi þarf hún að laga úrval námskeiða fyrir langskólagengna og koma til móts við fólk á þeirra forsendum. Afstaða stofnunarinnar til náms langskólagenginna atvinnuleitenda er mjög undarleg. Síðasta sumar ákvað ég að taka tilboði frá HÍ um námskeið (6 eininga), til að hafa eitthvað fyrir stafni og afla mér aukinnar þekkingar/kunnáttu. Ég uppgötvaði síðar að þetta félli ekki að kerfi VMST og var mér gert að hætta á námskeiðinu, ellegar missa bótarétt. Mér var reyndar tilkynnt af ráðgjafa að ég ætti engan rétt og sendur heim með þau svör. Ég fékk engar upplýsingar um hvað ég gæti gert annað (t.d. að leita til sveitarfélags). Mér var s.s. í stuttu máli tilkynnt að ég væri algerlega tekjulaus og ekkert gert til að svara spurningum mínum. Námskeiðið hjá HÍ var eins og sniðið að mínum þörfum og því fannst mér mjög súrt í broti að vera stillt upp við vegg með þessum hætti. Sérstaklega í ljósi þess að nokkrum mánuðum síðar bauð VMST mér upp á afar fátæklegt úrval námskeiða sem flest hentuðu mér ekki (mér tókst þó reyndar að finna eitthvað við mitt hæfi). Í öðru lagi þyrfti stofnunin líka að endurskoða afstöðu sína og framgangsmáta gagnvart fólki með óreglulegar tekjur. Ég var t.d. í þeirri aðstöðu (sem ég veit að margir á mínu reki eru í) að geta snapað mér smáverkefni öðru hvoru og fannst það upplagt til að hafa þó einhverjar tekjur og verið minna háður bótum (þær skerast auðvitað). Þetta eru auðvitað verkefni gegn reikningi en þar lendir maður í vanda því reglur stofnunarinnar eru flóknar og illskiljanlegar að þessu leyti og alls ekki til þess gerðar að hvetja fólk til þess að afla sér tekna. Það er einhverveginn

bara gert ráð fyrir því að maður sé verktaki með mikla veltu eða algerlega atvinnulaus. Í þriðja lagi finnst mér almennt viðmót stofnunarinnar gagnvart atvinnuleitendum mjög neikvætt eins og endurspegast hér að framan. Það er nánast gengið út frá því að maður ætli sér að svikja kerfið. Að maður sé skúrkur. Svörin sem maður fær eru þurr og ferköntuð, sér í lagi ef maður fellur utan hins staðlaða kerfis stofnunarinnar.

- Styttu biðtíma í afgreiðslu, samnýta upplýsingar á milli staða.
- Styttu biðtíma í símatíma hjá greiðslustofu, það væri reyndar hægt að leysa með því að hafa launamálin í lagi, þá þyrfti maður ekki að hringja neitt. Var í 10 mánuði á atvinnuleysissskrá og þurfti að hringja margoft til að leiðrétta og lág laun.
- Svona þjónustukönnun ætti að geta verið skref í átt að því að bæta þjónustuna, en könnunin er svo illa upp sett að ég get ekki svarað mörgum spurningum rétt. Ég er s.s. í starfi á eigin vegum, er í starfstengdu námi með fullri vinnu og mun halda áfram að vinna mína vinnu áfram eftir að ég klára námið. Það er örugglega hægt að gera fullt af öðrum hlutum og ef þið lítið á kærubréf mitt til úrskurðarnefndar og lagið svosum eins og helminginn af þeim atriðum sem ég tel upp þar, þá væri það vel. Það væri t.d. stór kostur að umgangast fólk af þeirri virðingu að þegar þið sendið bréf, þá væri starfsmaður sem skrifaði undir, svo maður vissi við hvern maður ætti að tala. Það væri góð hugmynd að fólk sem lendir í klónum á ykkur hefði aðgang að lögfræðing til að tala sínu máli, því að allir lögfræðingar og aðrir sérfræðingar innan stofnunarinnar eru að vinna á móti skjólstæðingum sínum en ekki með þeim. Það eru algjör grundvallar mannréttindi að hafa einhvern á sínu bandi.
- T.d með því að hætta að hóta venjulegu fólki sem hefur orðið fyrir því að missa vinnuna. Ég vísa á ríkisstjórnina.
- Tala við fólk og benda á laus störf. Því miður einkenndist allt þarna af möppudýrum.
- Talað við okkur, fleiri viðtöl, einhverskonar ráð frá ráðgjöfum. Persónulega fékk ég bara "ekkert sem við getum gert fyrir þig".
- T.d. að bæta samskipti við atvinnuleitendur, mér fannst leiðinlegt að fá alltaf leiðinlegt viðmót þegar maður þurfti að eiga við þessa stofnun. einnig finnst mér þurfa að bæta RÉTT upplýsinga flæði. Lenti oft en einu sinni í því að fá sitthvorar upplýsingarnar frá sitthvorum starfsmanninum um sama málið.
- Þegar sótt er um starf í gegnum vinnumálastofnun þá væri fint að fá svar hvort að maður hafi fengið vinnu eða ekki. Ég sótti einu sinni um einhver 3 störf og ekkert svar barst var frekar ósátt með það.
- Tekið vel á móti manni með jákvæðu viðmóti og hjálpað til við að finna hvað henti hverjum og einum.
- Tenging við skóla, að auðvelda fjárhagslega og undirbúning fyrir nám.
- Tvímælalaust aðgengi og lausnir á netinu/heimasíðu.
- Umsóknarferlið mætti einfalda og viðmót þjónustuaðila í síma mætti vera betra. Ég lenti oftast á góðum þjónustufulltrúa þegar ég þurfti að mæta á staðinn, en biðin var alltof löng. Þrátt fyrir að fólk sé atvinnulaust á það ekki að þurfa að bíða upp í allt að 2 klst eftir því að komast að.
- Ungt fólk til athafna er góð hugmynd mætti vera fyrir alla þá sem fólk til athafna t.d. bjóða uppá lengri námssamninga, 2 ár plus gegn samning ef fólk hættir þá missir það bótarétt í x tíma.
- Unnið fyrir úr umsóknum. Ég þurfti að bíða í 3 mánuði eftir fyrstu greiðslu og var þá búin að vera algjörlega launalaus allan þann tíma. Þurfti að endurnýja kreditkort sem ég var búin að klippa til þess eins að komast í gegnum mánuðina, sem ég gat svo auðvitað ekki greitt af því ég fékk engan pening. Þetta var í byrjun árs í fyrra (kláraði uppsagnarfrestinn um áramótin) og ég er ennþá að greiða upp skuldirnar sem söfnuðust upp á þessum tíma.

- Unnið meira sem einstaklingsmiðuð og persónuleg ráðgjafaþjónusta í atvinnuleit. Skilyrðing úrræðanna er vond og gefur tilfinningu fyrir niðurlægingu. Berjast með hinum atvinnulausa og standa honum við hlið (en ekki setja sig yfir). Vinna hratt og örugglega. Skilja neyðina sem festsst í biðtíma og auraleysi á meðan. Gleyma gömlum viðhorfum um fátækrahljál, skilja og viðurkenna ástandið eins og það er í dag. (Mér fannst gleymast að bregðast nægilega hratt við 2008- Hrúgan af fólki kom inn í gamalt kerfi sem hentaði ekki). Vera í virkara sambandi við þann atvinnulausa með aðstoð í huga (en ekki þessa hugsun um svindl, sem gerir kerfið hrylliga ónúmalegt og óaðlaðandi). Standa við stóru orðin. Ekkki setja eitthvað á heimsíðuna sem ekki stenst. Sbr. t.d. aðstoð við að leita að vinnu erlendis. Sú þjónusta er alls ekki fyrir hendi í raun.
- Upplýsa betur, fleiri námskeið og fleiri námskeiðskosti.
- Upplýsa hvaða rétt maður á, þegar maður fer á aulabætur.
- Upplýsa mun betur um þá möguleika og úrræði sem eru í boði. Betri ráðgjafaþjónusta. Skapa vettvang þar sem atvinnuleytendur og atvinnurekendur hittast.
- Upplýst alla betur um námskeið og þess háttar. Það er að segja hvað er í boði hverju sinni. Ég var mjög stutt á bótum, hefði alveg viljað sækja slík námskeið en öll min orka for i að leita að starfi, ekki vafra um a síðu vinnumálastofnunar til að athuga hvaða namskeið væru i boði, hefði kanski endað á því hefði ég verið atvinnhalaus lengi.
- Upplýstara starfsfólk, fékk oft misjöfn svör.
- Upprætt þá sem ekki eiga rétt á bótum, eru í vinnu en fá samt bætur.
- Útskýrt fyrir fólki sem mætir í fyrsta sinn vel og vandlega hvernig ber að háttá málum svo ekki þurfi að fara milljón og tvær ferðir til að sækja pappíra og gögn.
- Útvegað stað með tölvu og síma til að sækja um vinnur. Á þessum stað eru ýmsir sérfræðingar þér til handa.
- Vantar allan þjónustuvilja í starfsfólkið.
- Vantar mannlega þáttinn í stofnunina.
- Veit ekki þar sem ég var svo stutt á bótum. En hef heyrt að það sé ekki nógu mikið gert af því að bjóða fólki vinnu.
- Veit ekki, ég var atvinnalaus í nærri ár og sótti um 216 vinnur á því tímabili, fékk 14 nei og síðan 2 já sama daginn. En sem sagt 200 fyrirtæki svöruðu ekki,, það eitt brýtur mann niður. Að vera ekki svara verður er eitthvað sem ætti að vera bannað.
- Veita fólki frekara svigrúm þegar það er að leita að vinnu. T.d. leyfa fólki að taka hlé frá atvinnuleysisbótum svo það geti t.a.m. fylgt eftir atvinnuumsóknum og umsóknum um rannsóknarstyrki erlendis.
- Vera alltaf með jákvætt viðmót. Gera biðstofu vinnumálastofnunar bjartari þ.e.s. að fólk finni að sé velkomið því það eru erfið skref fyrir marga að mæta þar. jákvætt viðmót er lykilatriði.
- Vera í persónulegra sambandi, t.d. að fylgja viðkomandi aðeins eftir, eftir að hann er búin að leita aðstoðar, hringja og kanna hvernig gengur ca.10 dögum seinna, láta finna að það er ekki öllum sama um hann. Ég geri mér alveg grein fyrir að þetta er erfitt að framkvæma, en er alveg viss um að ef vel er að staðið getur þetta virkað hvetjandi.
- Vera persónulegri við sína skjólstæðinga.
- Verið í meira samstarfi við fyrirtæki og gefa fólki möguleika á að fá vinnu hjá fyrirtækjum og sanna sig og styrkja þá fyrirtækin meira til þess að gefa fólki séns.
- Verið manneskjulegri stofnun.
- Verið mannlegri.

- Verið persónulegri í sinni vinnu, að manni sé úthlutaður fulltrúi.
- Verið virkari í að finna atvinnu fyrir atvinnuleitendur.
- Verið viss um að allt starfsfólkið sé á sömu blaðsíðunni. Óþolandi að koma með spurningu og fá 5 mismunandi svör við henni frá 5 mismunandi aðilum.
- Við erum líka fólk!
- Viðhorf til atvinnulausra eða leitenda- þarf að vera gott- í mínu tilfelli þá kom ég á fund til að fá upplýsingar um hvað væri framundan þegar ég hafði rétt til að fá bætur. á fundinum voru ýmsar gagnlegar upplýsingar en það sem stakk mig var viðhorfið - þarna sat fullur salur af fólki sem ekki hefur starf og það sem skein í gegn í kynningunni að við ættum ekki að svindla á kerfinu við ættum að láta vita og þess háttar- en hvað er fólk að gera þegar það kemur nauðbeigt að nýta sér þann rétt sem það hefur sem almennur borgari. Ekki að reyna að svindla á kerfinu í flestum tilfellum. Allan tíman sem ég nýtti mér þjónusu VMST fann ég þetta viðhorf - ég væri annars flokks. Ég tel það sé rannsóknar efni að kanna vinnuþeningu á þessum vinnustað það er eitt hvað sem er rótgróið og hefur fest rætur. Ég fann eina konu sem ég hafði alltaf samband við ef eh bjátaði á hjá mér hún reyndist mér ágætlega og ég fann ekki þetta viðhorf. Ég fór ekki á námskeið þar sem ég var ekki lengi án vinnu en ég mæli með því að úrræði þeirra sem koma úr námi verði samræmd við það sem gerist erlendis. Þegar ég kom úr námi fyrir 4 árum og hafði ekki rétt til bóta- þá var ég algjörlega komin upp á fjölskyldu mína, ég hafði þannig stöðu í mínu sveitarfélagi að ég gat alls ekki beðið það um bætur vegna stolts.
- Viðmót og sjái til þess að atvinnuleitendum sé gert skylt að sanna þörf sína og hafa allt eftirlit markvissara og raunverulegra. Hætta þessu umframskjaftæði. Stöðnuð stofnun sem heldur allt of mörgum uppi á kostnað þeirra sem virkilega þarfnast hjálpar.
- Viðmót starfsfólksins má bæta að miklu leyti, það er oft eins og þau geri sér ekki grein fyrir því hversu erfitt það er fyrir fólk að vera atvinnulaus og allt ferlið sem maður gengur í gegnum áður en bæturnar koma inn er ekki að auðvelda neinum neitt.
- Vinnumálastofnun er mikilvægur hlekkur í keðjunni sem verður að virka og standa sig til að fólk sem lendir í langtímaatvinnuleysi haldi sönsu og verði ekki að öryrkjum. Stjórnvöld ásamt Vinnumálastofnun hafa marga möguleika til að ná þessum markmiðum. Tækifæri, störf og verkefni Það er nóg af verkefnum og störfum fyrir alla atvinnuleitendur en skortur á fjármagni til að skapa störf fyrir „alla“. Þessu til staðfestingar má nefna átaksverkefni sem hafa verið sett af stað á vorin þegar 800 og eitthvað störf voru í boði tímabundið á vegum hins opinbera til að mæta þörfum námsmanna fyrir sumarstörf. Sveigjanleiki og fleiri úrræði Það vantar meiri sveigjanleika í kerfið og umburðarlyndi gagnvart fólki sem reynir eða vill reyna að bjarga sér sjálft. Það er stutt í fordæmingu og endalausar fréttir af fólki sem er að svindla á kerfinu en minna fer fyrir fréttum af þeim og því sem vel gengur og er að skila sér með atvinnu. Hlusta Vinnumálastofnun þarf að hlusta á notendur í kerfinu og taka mark á jákvæðri gagnrýni. Í þessu sambandi vil ég nefna að ég tók þátt í starfi „Býflugna“ sem var/er virkur hópur notenda þjónustu Vinnumálastofnunar og í samstarfi við Rauða Krossinn og með aðstöðu undir hatti hans. Ég vil meina að það hafi verið hlustað á okkur og mark tekið á okkar ráðleggingum og tillögum og að það starf hafi skilað sér.
- Vinnumálastofnun gæti verið opin fyrir því að greiða einstaklingum fyrir að þróa sín eigin verkefni eða taka þátt í skapandi verkefnum sem eiga ekki tök á að borga mannlaun í stað þess að skikka t.a.m. unga atvinnuleytendur á námskeið og fundi á vegum stofnunarinnar. Það gæti aukið sjálfstæði og andlega líðan fólks og gefið því færi á að dýpa kunnáttu sína á áhugasviðum sínum.
- Virðing nr. 1,2,3! Sýna fólki viðringu en ekki koma fram með yfirliti og ósanngirni. Fólk þarf að telja í sig kjark til þess að koma inn á þessa stofnun og kemur oftast en ekki niðurbortið út. Venjulegt fólk sem misst hefur vinnuna er óöruggt og líður illa og þarf lítið til að koma því úr jafnvægi. Mæta svo starfsfólki sem er ekkert nema yfirlæti er ekki gott. Ég persónulega þurfti 2x að mæta kl. 9 um morgun þá niður á Engjateig í viðtal. Eftir kl. tíma ferðalag í strætó var ég

mætt og þurfti að bíða eftir ráðgjafanum í 40 mínútur. Hún spurði mig hvort ég væri nú ekkert að leyta að vinnu og "hvernig líður þér?" og þá var "fundurinn" búinn. Var ekki hægt að gera þetta í gengum síma? Ferðalagið tók mig 2 tíma í heildina og bið í 40 mín - fyrir tvær spurningar! Þetta er niðurlægjandi að mínu mati!

- Website in English perhaps, but I don't see why you should. Staff were friendly. Just wonder why because I had not taken some holidays I had to face 4 months with no income.
- Það á að hætta að dæla peningum í alla þessa útlendinga sem eru hér á spena ríkisins, þá myndi hugsanlega myndast eitthvað meira svigrúm fyrir atvinnulausa Íslendinga til að athafna sig. Það þarf bara að breyta þessum lögum, kanski ekkert sem VMST getur gert í því. En manni hreinlega blöskrar þegar það er kominn pólskur túlkur niður á VMST fyrir alla pólvörjána sem eru að sækja sér bætur, það er verið að gera þeim þetta of auðvelt, í skjóli "þjónustulipurðar". Fólk verður bara að tala íslensku. Hvað haldið þið að það kosti að hafa túlk í vinnu, haldið þið að ég sé sáttur við það sem skattgreiðandi ?? Fyrir þetta er ímynd VMST slök að mínu mati.
- Það eina sem var flókið og óskilvirkt í mínu tilviki er að ég var með eigið fyrirtæki (einyrki á launaskrá) áður en ég varð atvinnulaus. Það er mjög flókið fyrir fólk sem er með eigin rekstur að komast á atvinnuleysisbætur og ég fékk mjög mis vísandi upplýsingar frá starfsfólki Vinnumálastofnunar í Reykjavík, þar sem skráning verður að fara fram um hvernig ég ætti að bera mig að. Einnig fannst mér mjög skrítið að ég gæti ekki minkað rekstur minn niður í u.þ.b. 50 % og haldið fyrirtækinu gangandi þó það væri lítil velta þá hefði ég getað haft eitthvað upp úr því og sparað samfélaginu 50% af mínum bótarétti. Þess í stað varð ég að loka fyrirtækinu með öllu og sitja heima og gera ekki neitt. Þetta fynnst mér vera slæmt, það sem að með 100% atvinnuleisi þá dettur fólk í ákveðinn doða sem þarf töluvert átak til þess að koma sér af stað aftur, sérstaklega ef um langan tíma er að ræða. Einnig langar mig að taka fram þar sem ég er búsettur í Hafnarfirði að þjónustan þar er algjörlega framúrskarandi. Persónulegt og einstaklega liðlegt starfsfólk sem hjálpaði mér mikið.
- Það er hlæilegt að maður skuli eiga að lifa á hálfum bótum.
- Það er hægt að reyna að auka framboð á upplýsingum á netinu. Það var í einhverjum tilvikum smá vesen að finna möguleikana á netinu. Kannski er það hugmyndin, það er, að láta fólk alla vega aðeins hafa fyrir þessu. Ég veit ekki.
- Það er no 1 að taka á móti fólk og fara allmennilega yfir það hvað það þarf til að komast á vinnumarkaðinn aftur. Það er langlíklegast að það viti það sjálft hvað það þarf en veit kannski ekki hvar á leita að þeirri hjálp eða hefur ekki ráð á því.
- Það er svo margt hljótið sjálf að sjá að þjónustan ykkar er ábótasöm og væri best að þið mynduð miða ykkur við einkarekið fyrirtæki ef ykkur langar til þess að bæta úr því sem uppá vantar. Enda væru fáir viðskiptavinir hjá ykkur ef málin myndu standa þannig.
- Það fyrsta sem kemur upp í huga mér er að vinnumiðlun er allt of vélræn eins og flestar ríkisstofnanir/sveitarfélög eru og mætti gjarnan vera mannlegri. Til ykkar kemur fólk sem hefur misst vinnuna en ekki framið glæp eða brotið eitthvað af sér.
- Það góða sem ég upplifði var námskeiðið sem ég komst í, frábært að hafa það í boði. Þvimiður þá hef ég neikvæða reynslu af vinnumiðlun, sérstaklega þjónustudeildar þar sem nokkrir í afgreiðslunni gáfu upp rangar upplýsingar varðandi skráninguna mína þrátt fyrir að ég ítreakaði að allt yrði að skoða svo hún væri nú pottþétt og ég mundi ekki missa úr bótum á meðan ég væri ólétt í atvinnuleit. Fékk svo vinnu með þvílíkri heppni. En þetta hefur gerst áður og finnst mér þjónustan alveg hrikalega léleg.
- Það hefði kannski mátt hvetja mann til að tala við einhverja ráðgjafa hjá ykkur. Þegar fólk er í þessari stöðu verða margir frekar daufir og taka ekki af skarið. Það var mjög gott að fara á námskeið, en ég hefði viljað fara á fleiri eða allavega fá inni á þeim námskeiðum sem ég var búin að velja hjá ykkur, eftir fund sem ég var boðuð á. Að vísu fannst mér námskeiðið sem ég lenti á mjög gott og gagnlegt (sjálfstyrkingarnámskeið) sem mætti vera í boði fyrir alla sem eru búnir að vera á skrá hjá ykkur lengur en 3 - 4 mánuði.

- Það mætti "flokka" atvinnuleitendur meira m.t.t. aldurs, reynslu og menntunar og miða úrræði og þjónustu meira við þá flokkun.
- Það mætti hækka þann einingafjölda sem fólk getur tekið á menntaskóla og háskólastigi í kvöldskóla eða HMV (Háskólanámi með vinnu). Því hvorugt útilokar fólk frá virkri atvinnuleit.
- Það mætti kannski laga upplýsingaflæðið ég bý í Hafnarfirði og heyrði fyrir tilviljun að ég þyrfti ekki að keyra inní Reykjavík til að ganga frá öllum mínum málum við stofnunina, eftir að hafa verið inn og út af atvinnul. bótum í 3 ár.
- Það mætti vera betri mannleg þjónusta hjá Vinnumálastofnun, fannst ef ég þyrfti að hafa samband að þá var engin sem gat svarað neinu og það þyrfti allt að vera skriflegt og fólki gert oft erfitt um vik að hafa samband við ykkur.
- Það mætti vera meira samstarf við aðrar ráðningaþjónustur í landinu, og þá með það að markmiði að auðvelda manni viðtöl á ráðningaskrifstofum. Allt hefst þetta með samvinnu milli eftirspurnar atvinnu á vinnumarkaði og ráðningaskrifstofa. Það var mín reynsla meðan ég þáði atvinnuleysisbætur að það reyndist erfiðara að komast í viðtöl á öðrum ráðningastofum. Svólítt eins og "fyrst þú ert á bótum þá geturðu nýtt þér þeirri þjónustu" slæmt viðmót að mínu mati.
- Það sem ég er mest ósáttur við er að vinnumálastofnun er fljót að henda fólki af skrá, það er leiðinlegt að þurfa að standa alltaf í því að sanna að maður er ekki að svindla. En ég vil líka bæta því við að það er mjög gott að tala við fólk hjá vinnumálastofnun í hafnarfirði og virkilega vel tekið á móti manni þar.
- Það vantaði að láta vita hvað maður átti rétt á þegar ég var atvinnulaus og á þeim tíma fannst mér of lítið í boði, en held það hafi lagast í seinni tíð.
- Það vantar allan sveiganleika og skilning fyrir mistökum sem geta átt sér stað þegar verið er að skila af sér pappírnum og upplýsingum. Ef eitthvað gleymist eða fer úrskaiðis, ef um smá seinkun er að ræða er maður allt í einu búinn að missa réttina á bótum fyrir það tímabil. Fyrir fólk sem rétt nær að slefa á þessum lágu atvinnuleysisbótum og vantar oftan ekki upp á til að geta borgað öll þau gjöld sem fólk þarf að borga, þarf að vera möguleiki á að gera leiðréttingar. Að vera með útgreitt í atvinnuleysisbætur minna en hvað maður þarf á að halda til að geta framfleitt sér og sínum börnum er slæmt, en að fá ekki krónu greidda einhvern mánuðinn vegna einhvers pappírsvesens getur verið nóg til að draga fólk niður í hyldýpi af skuldum. Það er mannskemmandi.
- Það var lítið um aðstoð eða hjálp þegar var misskilningur á launaseðli. Það má bæta skilning á "smáaletrinu" um laun og greiðslur hjá vmst. fólk sem er yfir 35 sem fer á atvinnuleysisbætur ættu ekki að þurfa að skrá sig í gegnum netið, það eru ekki allir tölvuvænir í þessum geira.
- Það virtist ekki vera sama við hvern maður talaði, mismunandi svör við sömu spurningu. Þyrfti greinilega að upplýsa starfsfólk betur. En margir góðir starfsmenn hjá ykkur. Ég fékk vinnu eftir að ég fór í skrifstofu og bókhaldsnám eftir að hafa fengið styrk frá ykkur sem er bara gott.
- Það væri bætandi að hraða skráningarferlinu og gera það auðveldara.
- Það væri hægt að líta á okkur atvinnuleitendur sem fólk en ekki bara skrokka á færifandi. Bætur til þeirra sem eru í óreglulegri hlutavinnu eru nokkuð flóknar, það þarf alltaf að vera að skrá sig uppá nýtt og fara allan pakkann. Það ætti að vera til einhver flokkur fyrir óreglulega tímabundna vinnuleitendur.
- Það þarf að auðvelda fólki að komast á atvinnuleysisbætur. Það er mjög mikilvægt að starfsfólk í þjónustu við atvinnuleitendur bæti framkomu sína. Ég hef nokkrum sinnum orðið fyrir mjög hranalegri framkomu á skrifstofu Vinnumálastofnunar. Sérstaklega tók ég nærri mér hranalega framkomu fyrst þegar ég skráði mig. Ég hafði starfað sem kennari þegar ég missti vinnuna og hafði haft samband við Vinnumálastofnun með góðum fyrirvara til að fá upplýsingar um það hvernig ég ætti að bera mig að varðandi umsókn mína. Þar var mér tjáð

að ég gæti ekki sótt um fyrr en að ég væri búin að fá síðustu launagreiðslu mína sem að var 31. júlí. Mér var hinsvegar ekki sagt frá því að það skipti öllu máli að ég mundi sækja um atvinnuleysisbæturnar þann 1. ágúst til þess að ég gæti fengið fullar bætur. Reyndar var mér ekki heldur sagt frá því að bæturnar væru reiknaðar frá 19-19. hvers mánaðar þannig að alltaf væri um að ræða mjög skertar bætur fyrsta mánuðinn sem að maður byrjar á atvinnuleysisbótum. Það var mér því miklu áfall í gær að fá þær upplýsingar hjá ráðgjafa að ég ætti bara að fá grunnatvinnuleysisbætur fyrir 7 daga næstu mánaðarmót. Það var heldur ekki á það bætandi að ráðgjafinn tjáði að það væri meira að segja ekkert víst að ég fengi neinar bætur, það hefði nú bara oft komið fyrir að fólk fengi engar bætur fyrstu tvo mánuðina! Ég veit ekki hver ástæðan var fyrir þessum hranalegu ummælum ráðgjafans en það get ég sagt að þau voru algjör óþarfi og fyrir bragðið fór ég þarna út gjörsamlega niðurbrotin. Þegar ég var aðeins búin að jafna mig talaði ég við annan ráðgjafa sem að benti mér á að tala við sveitafélagið mitt. Þetta varð til þess að ég þurfti að leita á náðir sveitafélags míns um fátækrastryk. Rétt fyrir jólin barst mér síðan viðurstygilegt bréf frá Vinnumálastofnun þar sem að mér var tilkynnt að ákvörðun hefði verið um það tekin að ég væri sett af atvinnuleysisbótum næstu 40 daga vegna þess að ég hefði fengið einhverjar tekjur sem að ég hefði ekki tilkynnt um. Þvert yfir bréfið stóð stórum breiðum svörtum stöfum ÁKVÖRÐUN. Þá kom í ljós að þetta var vegna fátækrastryksins sem að ráðgjafi vinnumálastofnunar hafði sjálfur ráðlagt mér að taka. Þetta var jólakveðjan frá Vinnumálastofnun það árið. Ég var gjörsamlega miður mín af áhyggjum. Eftir nokkur dramatísk símtöl við ráðgjafa vinnumálastofnunar var mér bent á að fylla út tekjublað og senda inn sem og ég gerði. Að hugsa sér hvað þetta var ástæðulaust að koma mér í þetta uppnám. Af hverju var ekki bara hringt í mig og ég spurð hvort að ég hefði áttað mig á því að ég þyrfti að fylla út tekjublað vegna fátækrastryksins. Af hverju þetta ljósta bréf sem að kom eins og árás inn í mitt líf sem að var á heljarþröm á þessum tíma. Við áttum ekki fyrir nauðþurftum dóttir mín og ég, við áttum ekki fyrir mat, það voru að koma jól, við vorum búin að ganga í gegnum versta og hræðilegasta tíma lífs míns og við vorum á engan hátt í stakk búnar að taka á móti svona hryllingsbrefi. Vinnumálastofnun getur virkilega bætt bréfaskriftir. Spurning að fá prest til að hjálpa ykkur að skrifa bréf þar sem að aðgát er höfð í nærveru viðvkæmra sála sem að hafa gengið í gegnum áföll á borð við efnahagshamfarirnar sem að gengu yfir íslenska þjóð. Bréfin sem að vinnumálastofnun sendir út frá sér eru virkilega ljót og í hótunarstíl. Ég varð nokkrum sinnum fyrir alvarlegu andlegu áfalli vegna bréfa frá vinnumálastofnun sem að ég tók mjög nærri mér.

- Það þarf að vera auðveldara að ná í þá sem hafa með launin að gera (upplýsingafulltrúa) þ.e. Skagaströnd þegar um vitleysur í útreikningi er að ræða, vangreiðslur eða ofgreiðslur . (Þetta var svona þegar ég var á atvinnuleysissskrá) kannski er búið að bæta úr þessu núna! En það bitnar á þjónustu við launþegana í þessu tilviki þá atvinnulausu, þegar álagspunktur eru miklir eins og um mánaðarmót. Að öðru leyti er þjónustan mjög góð :)
- Það þarf að vera miklu meiri pressa á fólk að fá sér vinnu. Ekki bara vera á bótum. Pressa á fólk að taka vinnumarkaðsúrræðum osfr. Ýta við þeim sem eru ekki neitt að sýna lit. Gott fyrir alla, þjóðfélagið og fólkið sjálft.
- Það þarf meira hugsa um okkur minnihlutahópur, margir vinir minir (heyrnarlausir) segja sama reynslu og ég.
- Þar sem ég er milli 50 og 60 ára, með tvær háskólagráður, þá er maður hafður af fifli þegar maður sækir um störf, sérstaklega hjá ríkinu og sveitarfélögum (sem ég hef aldrei unnið hjá), sem rekja má til þess að búið er að ráða í störf áður en þau eru auglýst?
- Þarf að bæta sig VERULEGA í þjónustu við háskólamenntaða einstaklinga !
- Þegar atvinnurekandi fær að auglýsa á vef ykkar á að setja honum skilyrði að hann verði að svara öllum umsóknum Annars falla niður allar greiðslur til þeirra í atvinnu átaki.
- Þegar ég fór til Vinnumálastofnunar fannst mér þjónustan góð og reynt var að aðstoða mig til þess að bæta aðstæður mínar.

- Þegar ég hef átt samskipti við Vinnumálastofnun þá hefur nánast alltaf komið á móts við mig og mínar þarfir. Á heildina litið þá er ég mjög sátt. En á tímabili þegar maður var að fá netpóst eða sms frá Vinnumálastofnun í sambandi við skyldumætinu á námskeið eða þess háttar, þá fannst mér þau skilaboð alltaf virka yfirgangsleg og frek.
- Þegar ég kom til að skila umsókninni var roosalega löng bið. Það var svo sem allt í lagi - verst fannst mér að það var enginn á upplýsingaborðinu. Ég þurfti að koma aftur með einhver gögn og það var bara mjög erfitt að koma þeim í hendurnar á einhverjum starfsmanni, án þess að þurfa að bíða í tvo klukkutíma eftir að númerið mitt kæmi upp. Þetta mætti bæta.
- Þegar fólk er búið að vera lengur en 2 ár á atvinnuleysisbótum finnst mér það sjálfsagt að fólk sé látið taka þátt í að bæta samfélagið t.d tína rusl, aðstoða á leikskóla og taka þátt í því sem vantar alltaf fólk því ég veit vel af því að fólk sem er á atvinnuleysis skrá því það nennir EKKI að vinna. Ef fólk er á atvinnuleysis skrá á það að þýða að þú viljir og langir að stunda vinnu og þá geturu vel unnið svona störf þó svo að það sé 1-2 tímar á viku uppí allan daginn alla daga vikunnar. Finnst kerfið í DK virka vel þar sem fólk á að mæta og vinna þá vinnu sem því er gefið þann og þann dag. Oft er umhverfi reykyjarvíkur sóðalegt við stofngötur og margt má fegra og því ekki að lofa fólk sem hefur ekki vinnu að bæta umhverfið. Mér finnst mikil hjálp í því hjá ykkur að fólk fari á námskeið og í nám á ykkar vegum, það hjálpaði mér rosalega mikið en sjálf sá ég og heyrði í fólk á ykkar vegum á þessum námskeiðum sem fannst ósanngarnt að þurf að að mæta.
- Þegar maður kemur í fyrsta skipti mætti leiða skjólstaðinginn í gegnum ferlið. Mín reynsla hefur verið sú að starfsmaður tekur við umsókn og göngum og kveður síðan. Þannig að mín tilfinning var að þar með væru mín mál komin í möppu og síðan myndi eitthvað eða ekkert gerast í framhaldinu. Þá er það mikið atriði að starfsmenn gefi réttar upplýsingar, sem því miður var því miður í mínu tilfalli. Fyrsta heimsókn skólstaðings á Vinnumálastofnum er mjög mikilvæg og ætti að vera hvetjandi og uppbyggileg í stað þess að vera ópersónuleg afgreiðsla þannig að upplifunin verði ekki enn meira vonleysi en þegar maður kom.
- Þegar maður sækir um starf í gegnum vinnumálastofnun vantar að fá svar á vegum stofnunar.
- Þeir gerðu manni mjög erfitt fyrir. Það var full vinna að standa í pappírsveseni þegar ég sótti um því alltaf þegar ég kom með e-ð sem vantaði þá var mér sagt að það var e-ð annað sem vantaði. Ég fór með samninginn minn til útlanda til að leita að vinnu og þegar ég kom heim missti ég réttinn á atvinnuleysisbótum þótt ég væri ekki með neina vinnu því ég kom ekki heim á réttum tíma. Mér var ekki sagt frá þessu áður en ég fór og þetta var mjög slæmt fyrir mig. Ég var algjörlega tekjulaus í nokkurn tíma og lenti í miklum skuldum.
- Þetta er svolítið erfitt, hef verið mjög ánægð með að þetta skuli yfir höfuð vera til. Get ekki sagt að ég muni eftir einhv. því mín samskipti við stofnunina hefur alltaf verið góð, og allar upplýsingar verið mjög greiðar og starfsfólkið allt af vilja gert til að gera sitt besta, „því miður kemur mér ekkert sérstakt í huga nema þá helst eins og í mínu tilviki þá datt ég inn í tímabundna vinnu á sama tíma og ég fékk tilboð um að koma á námskeið, og þegar ég skráði mig aftur inn á vinnumálastofnun eftir að vinnu lauk þá lennti ég mjög aftarlega í röðinni og náði því ekki að nýta mér þetta úrræði, áður en ég fékk aftur vinnu.
- Þetta eru þung skref að koma þarna í fyrsta skipti á ævinni. Það þarf því að ráða fólk sem hefur hæfileika í mannlegum samskiptum. Það þarf að koma framm við fólk af virðingu og hluttekningu, en ég t.d lenti á því líkri brussu sem ætti aldrei að vinna nálægt fólk. Fólk sem kemur í fyrsta skipti er ekki með "kerfið" á hreinu. Það á að vera hægt að þjálfa fólk í kurteisi og góðum samskiptum.
- Þetta hljómar etv ekkert sérstaklega vel og eflaust mjög þungt í vöfum í framkvæmd...en mér fannst stundum eins og það mætti alveg flokka einstaklinganga betur þegar kom að ýmsum hlutum sem var skilda fyrir þá að gera. Mér dettur helst í hug fundinn sem að allir þurfa að mæta á, þar sem að farið er yfir vinnumálastofnunina og þh. Þar var allt of mikið talað um hversu erfitt það væri að vera atvinnulaus og í atvinnuleit. Ég skildi það þannig að þessi fundur væri fyrir einstaklinga sem voru frekar nýir á atvinnuleysissskrá, kannski misskildi ég

það. Ég hefði frekar viljað fara á fund þar sem að talað væri um tækifæri í atvinnuleit, enda var ég ekki búin að vera atvinnulaus í langan tíma. Hitt hentar eflaust mörgum en ekki mér á þeim tíma. Annað var t.d. þegar ég var boðuð á fund til að skoða CV-ið mitt og kenna mér að gera það. Það var algjör tímaeyðsla fyrir mig og starfsmanninn sem tók á móti mér. Í fyrsta lagi var ég boðuð á fund kl. 10.00, eins og eflaust margir aðrir, því ég beið í töluverðan tíma að komast inn. Ég hafði ekkert á móti því að mæta þangað, það var ekki málið. Ég hefði bara viljað að hafa eitthvað gagn af því..amk. eitthvað um það að segja hvort það væri nauðsýnlegt fyrir mig að mæta þangað. Ég er með mjög gott CV sem ég fékk aðstoð við að gera (og borgaði fyrir það) og er því í góðum málum þar. Ég hefði frekar kosið annars konar aðstoð, eins og t.d. hvernig á að svara erfiðum spurningum í atvinnuviðtölum og þh. Við erum ekki öllu eins og erum á mjög mismunandi stöðum í lífinu. Það væri mjög gott ef hægt væri að taka meira tillit til þess.

- Þetta sem ég talaði um með hlutastörf, það á að vera möguleiki að vera skráður sem atvinnuleitandi í leit að 100% starfi þó viðkomandi sé í hlutastarfi. Ennig fékk ég mjög léleg svör um hvað ég þyrfti að gera þegar ég flutti út, Mér var í raun ráðlagt af starfsmanni vinnumálastofnunar að segja upp hlutastarfinu þremur mánuðum áður en ég flutti út og vera 100% atvinnulaus, til þess að geta flutt með mér bótarétt til annars lands. Það fannst mér rétt og slétt heimskulegt og datt ekki í hug að gera það.
- Þjálfar betur starfsfólk, við erum líka mennsk eins og þau. Að finna fyrir hvað maður er einskis virði er ekki gott og að manni finnst manni vera hafnað þegar maður er að leyta að ráðum er heldur ekki af hinu góða. Nógu erfitt var að skrá sig atvinnulausann. En hef samt skilning á því að þau geta gefið sér góðan tíma með hverjum og einum sökum álags.
- Þjálfað starfsfólk í mannlegum samskiptum. Ráðið atvinnuleitendur til starfa sem hafa þá reynslu að vera atvinnuleitendur. Tímabundið eða í hlutastörf. Jafnvel í sjálfboðastörf ef hægt er, til að aðstoða aðra. Tekið betur á móti fólki sem kemur til að leita upplýsinga. Haft starfsfólk sem gefur sér tíma og setur einstaklinga strax í ákveðið ferli þar sem kemur skýrt fram hvað er í boði næst. Fyrsta og eina tilfinningin af að koma inn stofnunina er að hún sé fjársvelt og undirmönnuð, sem er ekki uppörfandi fyrir fólk í atvinnuleit. Þar sem listi atvinnuleitenda er langur spyr maður sig af hverju séu ekki sköpuð störf hjá stofnuninni til að styttu þann lista. Stofnunin virkar eins og bótaúthlutunarstofnun ekki vinnumiðlun! Fólki sem kemur til að fá aðstoð við atvinnuleit er tekið eins og það sé að snýkja bætur en ekki að bjóða fram starfskrafta sína á vinnumarkaðinn.
- Þjónusturáðgjafar fylgi hverjum og einum alla leið í gegnum ferlið.
- Þjónustan er í heild nokkuð góð að mínu mati, námskeiðin og úrræðin sem í boði eru til að styrkja fólk í atvinnuleit eru góð og henta fjölbreyttum hópi fólks. Það er vel haldið utan um ungt fólk í atvinnuleit sem er mjög mikilvægt. Að mínu mati mætti Vinnumálastofnun hafa öflugri ráðgningarþjónustu og nánara samstarf við önnur ráðningarfyrirtæki. Tillögur að útfærslu hef ég ekki.
- Þjónustufulltrúar eru mjög misjafnir þannig að mér hefur fundist þjónustan eftir því. Sumir þjónustufulltrúar mættu sýna meiri nærgætni þar sem verið er að glíma við viðkvæm málefni.
- Þrennt skal ég nefna hér. Ég fór ég á kynningu á námskeiðum og vantaði nánari útskýringar á þeim en fannst ég hreinlega vera að trufla þá sem héldu kynninguna. Í lokin voru allir voru farnir nema ég en það var enginn áhugi hjá þeim að hjálpa mér að velja eitthvað sem myndi henta mér best. Þetta eru dýr og fín námskeið sem engin ástæða er að nýta sér ef þau auka ekki við þá þekkingu sem fyrir er. Í framhaldinu af kynningunni var mér boðið á námskeið og fékk ekki að vita dagsetningu námskeiðsins fyrr eftir ca. 2 mánuði en ég var búin að ýta eftir svarinu nokkrum sinnum. Loks vil ég nefna eitt atriði en ég var boðuð í svona vinnumarkaðsúrræðis-viðtal sem ég vildi ekki þiggja af því að ekkert var minnst á að ég fengi eitthvað meira en bæturnar "mínar" (sem vinnuveitandinn átti að fá og greiða mér). Mér fannst að ég ætti í það minnsta að fá fyrir beinum kostnaði við að koma mér í og úr vinnu (sbr. bensínkostnaður enda þó nokkuð langt fyrir mig að fara/keyra) svo ekki sé talað um að fá eitthvað aukalega fyrir mína vinnu þar allan daginn (enda alvön í þetta starf sem mér var boðið þannig að ekki

var hægt að kalla þetta starfsþjálfun sem þó átti að kalla þetta). Sú sem var með þetta mál mitt hjá Vinnumálastofnun tók upp hanskan fyrir þennan tilvonandi vinnuveitanada minn sem mér fannst alrangt - hún hefði átt að sjá þetta frá mínu sjónarhorni og standa með mér. Ég var sem sagt klöguð í framhaldi af þessari vitleysu og þurfti að útskýra mitt mál skriflega sem var tekið gilt og skiljanlegt af starfsfólkinu á Skagaströnd. Það verður líka að horfa á hlutina út frá þeim sem er á bótum en ekki bara út frá vinnuveitendunum. Það má alveg bæta þessa þætti að mínu mati.